

allt

MARÍA PRISCILLA ZANORIA

## Selur framandi varning við Hverfisgötuna

• matur • tilboð  
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



birta

ÁSTA MÖLLER

## Kemur öflugri til baka

• matur • kúlukreddur • tíska  
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



BJÖRK

CATHERINE DENEUE FANNST HÚN Á BARMÍ STURLUNAR

## Franska leikkonan gerir upp Dancer in the Dark

FÓLK 50 ▶



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. september 2005 - 256. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Fagnar skiptingu Burðaráss

Ingimar Ísak Bjargarson, þrettán ára, sat hluthafafund Burðaráss á dögunum og greiddi atkvæði með skiptingu félagsins milli Landsbanka og Straums.

TILVERAN 18



### Hættuleg blanda

„Það er alltaf hættu á ferðum þegar stjórnmál blandast inn í opinberan málarekstur gagnvart viðskiptafyrirtækjum. Því heitari og kappsamari sem pólitíkin er, því hættulegra.“ Þetta segir Birgir Guðmundsson í umfjöllun sinni um Baugsmálið eftir frávisunina í héraðsdómi á þriðjudaginn.

Í DAG 24

### Aðstoðarþjálfarskipti hjá FH

FH-ingar skiptu um aðstoðarþjálfara í gær þegar Leifur Garðarsson gerðist þjálfari Fylkismanna. Við starfi hans tók Heimir Guðjónsson, fráfarandi fyrirliði liðsins. FH-ingar sömdu líka við sex leikmenn sína í gær.

ÍPRÓTTIR 34

### Tónlist sem segir sögur

Söngkonan Hera gefur út nýja plötu á mánudaginn. Þar vikkar hún sjóndeildarhringinn og notast meðal annars við hljóðfæri sem hún hefur ekki unnið með áður.

TÓNLIST 42



## VEÐRIÐ Í DAG



**SNJÓ- EÐA SLYDDUÉL** á Vestfjörðum, norðan og austan til á landinu. Bjart um sunnan og vestanvert landið. Hiti 0-6 stig mildast syðra. Víða næturfröst. **VEÐUR 4**



Nýr og glæsilegur bæklingur er kominn út!



Á LEIÐ FRÁ HÆTTUSVÆÐINU Hjólin Cherlyn og Lane McWhorter, sem búsett eru í Baycliff í Texas, fengu far hjá góðhjörtuðum manni á pallpil. Gríðarlegur straumur var frá svæðinu þar sem óttast er að fellibylurinn Rita skelli á land í dag eða á morgun.

Aron Pálmi tafðist:

## Sat einn eftir í draugabæ

**HAMFARIR** „Þetta er eins og draugabær og ég er mjög hræddur,“ sagði Aron Pálmi Agústsson þar sem hann var einn eftir á heimili sínu í Baumont í Texas í gærmorgun, en flestir íbúar voru þegar flúnir vegna fellibylsins Ritu sem þá var yfirvofandi.

Aron hafði ekki leyfi til brottfarar fyrr en hún hafði verið fyrirskipuð af yfirvöldum í gær. Hann ætlaði í fyrstu að halda af stað upp á von og óvon, en starfsmenn íslenska sendiráðsins höfðu milligöngu um að hann fengi rútufer til Austin þar sem til stóð að hann hitti móður sína.

Bjarni Tryggvason geimfari hafði ætlað til Houston í gær, en hætt við vegna Ritu. „Það var verið að flytja á brott alla kanadíska geimfarana hjá NASA vegna fellibylsins og því til lítils að ég færi að fara þarna niður eftir,“ sagði hann óhultur á skrifstofu sinni í Kanada. **Sjá síðu 4 / - óká**

# Ráðherrar hunsuðu ráðgjafa í bankasölu

Ráðgjafi einkavæðingarnefndar um sölu ríkisbankanna vildi að skilyrði yrðu sett um verðtilboð Samson í Landsbankann svo tryggja mætti hæsta verðið. Ráðherranefndin hunsaði tilmæli ráðgjafans.

**EINKAVÆÐING** Ráðherranefndin skipaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu að fara gegn ráðum alþjóðlega fjárfestingabankans HSBC um lyklatríði í sölu Landsbankans árið 2002. HSBC var ráðgjafi framkvæmdanefndar um sölu á Landsbankanum og Búnadarkbankanum á sínum tíma.

Í skýrslu sem HSBC vann fyrir framkvæmdanefnd í september 2002 var lagt mat á tilboð þriggja bjóðenda í Landsbankann: Samson, S-hópurinn og Kaldbak. Þegar Fréttablaðið birti greinaröð um einkavæðingu bankanna í lok maí síðastliðnum var óskað eftir afriti af þessari skýrslu. Því synjaði framkvæmdanefnd en úrskurðarnefnd í upplýsingamállum fellði synjunina úr gildi og í kjölfarið fékk Fréttablaðið eintak af skýrslu-

unni, sem og skýrslu bankans um sölu á Búnadarkbankanum skömmu síðar.

Í skýrslunni varaði HSBC ítrekað við því að framkvæmdanefnd færi í samningaviðræður við einn bjóðanda jafn snemma á sölufurfinu og gert var. Það fæli í sér hættu á að bjóðanda tækist að lækka verðtilboð sitt í viðræðunum. Verðtilboð Samson var töluvert lægra en hinna bjóðendanna tveggja. Samson bauð á bilinu 3 til 3,90 á hlut, S-hópurinn 4,10 og Kaldbakur 4,16. HSBC mælti með því að sett yrðu skilyrði um að Samson stæði við efri mörk verðtilboðsins þegar tilkynnt væri um samningaviðræður.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölufurfið kemur fram að framkvæmdanefndin hafi lagt

niðurstöður HSBC fyrir ráðherranefndina án þess að gera tillögu um hvaða tilboði skyldi tekið. Í kjölfarið tók ráðherranefndin þá ákvörðun að á grundvelli mats HSBC skyldi Samson boðið til beinna viðræðna um kaup á hlut ríkisins í Landsbankanum og tókst Samson, líkt og HSBC hafði varað við, að lækka verðtilboð sitt um 700 milljónir. Í ráðherranefnd áttu sæti Davíð Oddsson, Geir H. Haarde, Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir. Ágreiningur í framkvæmdanefnd varð vegna þess að ekki var farið að ráðum HSBC og sagði Steingrímur Ari Arason sig úr nefndinni í kjölfarið.

Hvorki náðist í Halldór Ásgrímsson né Davíð Oddsson í gær. **- sda**

Bogi Nilsson ríkissaksóknari um framhald Baugsmálsins

## Verður að fá meðferð fyrir dómi

**BAUGSMÁL** Bogi Nilsson ríkissaksóknari reiknar með því að embætti ríkislögreglustjóra og efnahagsbrotadeild embættisins muni halda áfram rekstri Baugsmálsins sem vísað var frá dómi á þriðjudag. Sá úrskurður hefur verið kærður til Hæstaréttar.

„Við munum veita þeim það lið sem þeir óska eftir. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta mál fær efnismeðferð. Það verður að fá efnismeðferð. Það er enginn vafi um það í mínum huga,“ segir Bogi Nilsson. **Bogi vill ekki tjá sig að öðru**



**BOGI NILSSON RÍKISSAKSÓKNARI** „Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta mál fær efnismeðferð,“ segir Bogi Nilsson en hann er æðsti handhafi ákærvaldsins.

leyti um málið á þessu stigi, en efnismeðferð og framhald málsins ræðst af niðurstöðu Hæstaréttar sem kveður upp úrskurð um kærnu saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra innan þriggja vikna.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins í landinu og hefur eftirlit með framkvæmd þess hjá lögreglustjórum. Hann getur lögum samkvæmt tekið ákvörðun um saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákærur, hvenær sem hann telur þess þörf. **sjá síður 6 og 10 / - jh**

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Fær bætur eftir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í apríl þar sem þrír menn voru dæmdir til að greiða konu 1,1 milljón króna í bætur fyrir að hafa brotið gegn kynfrelsi hennar og nauðgað henni.

Konan höfðaði sjálf mál á hendur mönnum eftir að ríkissaksóknari ákvað í ársbyrjun 2003 að falla frá saksókn á hendur mönnum.

„Það þarf að breyta vinnubrögðum og hugsunarhætti lögreglu og ákærvalds, og að hluta til dómstóla, í nauðgunarmálum,“ segir Atli Gíslason, lögmaður konunnar.

Atli segir dóminn sýna að konur sem lendi í þeirri ógæfu að vera nauðgað eigi sér einkaréttarleg úrræði ef ákærvaldið ákveður að aðhafast ekkert í máli þeirra, sem því miður sé allt of algengt. **Sjá síðu 2 / - óká, aa**

**30**  
Bilabúð Benna  
30 ára

**Glæsilegur afmælisþakki fylgir öllum nýjum Chevrolet.**

**Bilabúð Benna**  
Bilabúð Benna • Vagnhófa 23  
Sími 590 2000 • www.benni.is



## SPURNING DAGSINS

**Bergþór, eruð þið ekki orðnir syfjaðir?**

„Jú, sumir hverjir.“

Bergþór Björnsson unglæknir segir suma starfsbræður sína eiga allt að sjö vikna hvíldartíma uppsafnaðan.

Verjandi konu sem vann einkamál vegna hópnauðgunar:

## Rannsókn nauðgunarmála ábótavant

**DÓMSMÁL** Að Hæstiréttur skyldi staðfesta dóm í máli konu sem höfðaði einkamál á hendur þremur mönnum sem hún sakaði um að hafa nauðgað sér, eftir að ríkissaksóknari féll frá saksókn á hendur mönnum, þykir verjanda hennar, Atla Gíslasyni, „bjart og gott fordæmi“ um að það sé vænlegt til árangurs að nýta þau einkaréttarlegu úrræði sem réttarkerfið bjóði upp á í málum sem þessum.

Hann segir þessi úrræði reyndar allt að því „einu færu leiðina“ fyrir konur sem lendi í þessum aðstæðum. Allt of algengt sé að ekki sé ákært í nauðgunarmálum og auk þess endi allt of margar nauðgun-



**ATLI GÍSLASON** Segir dóminn áfellsdóm yfir vinnubrögðum lögreglu og saksóknara.

arkærur sem þó koma fyrir rétt með sýknudómi. „Þetta kallar á breytt vinnubrögð, og breytta hugsun, við rannsókn nauðgunarmála,“ segir Atli. Að hans sögn skorti yfirleitt á að lögregla skoði afleiðingarnar sem hljótast af verknaðinum er hún rannsakar

svona mál, svo sem líkamlega kvilla og langtíma sálræna áþjám sem þjakar í flestum tilvikum fórnarlömb kynferðisofbeldis.

Mennirnir sæta ekki sérstakri refsingu fyrir nauðgunina en í dómi Hæstaréttar kemur fram að brotið gegn persónu og frelsi konunnar þannig að bótaábyrgð varði. Réttargæslumaður konunnar fór fram á að ríkissaksóknari endurskoðaði ákvörðun sína um að sækja ekki mál á hendur nauðgununum en því var hafnað. Þá hafnaði dómsmálaráðherra því í nóvember 2003 að fella niður ákvörðun ríkissaksóknara.

-aa, óká

Suðurnes:

## Veltu bíl og fóru úr landi

**LÖGREGLA** Tveir erlendir ferðamenn voru farnir ómeiddir af vettvangi þegar lögreglu bar að garði þar sem þeir höfðu velt bílaleigubíl sínum í mikilli hálfu á Reykjanesbraut við Grindavíkurveg skömmu fyrir klukkan hálfimm í gærmorgun.

Taldi lögregla í Keflavík hugsanlegt að þeir hefðu verið orðnir of seinir í flug. Mikil hálfu var á Reykjanesbraut í gærmorgun, en tveir smáarekstrar urðu um svipað leyti. Þá valt bíll á Hafnavegi við Ösbotna um klukkan hálf átta um morguninn eftir að ökumaður missti stjórn á honum í hálfu. Farþegi í bílnum var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. - óká



**ÁFRAM BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Khodorkovski á bak við skothelt gler fyrir réttinum í gær.

Khodorkovski-málið:

## Áfrýjun hafnað

**RÚSSLAND, AP** Dómstóll í Moskvu hafnaði síðla í gær áfrýjun á dómnum yfir rússneska viðskipta-jöfrinum Mikhaíl Khodorkovski, en stytta fangelsisrefsinguna úr níu árum í átta.

Dómurinn komst að þessari niðurstöðu eftir að hafa hlýtt í einn dag á málfutning ákærvalds og verjanda. Lögmenn Khodorkovskís brugðust ókvæða við úrskurðinum og sögðu þetta sýna glögglega að mál skjólstæðings þeirra hefði ekki fengið sanngjarna málsmeðferð. Khodorkovski, sem stýrði Yukos-olíufurisunum og var talinn ríkasti maður Rússlands, hefur staðfastlega haldið fram sakleysi sínu og segir sakargiftirnar pólitískar ofsóknir.

## LÖGREGLUFRETTIR

**KASTADI EGGJUM Í STJÓRNAR-RÁÐIÐ** Lögregla handtók í hádeginu í gær ungan mann sem hent hafði tveimur eggjum í stjórnarráðið. Maðurinn veitti ekki mótþróa við handtöku en að sögn lögreglu lá ekki ljóst fyrir í gærdeg hvers vegna hann ákvað að tjá álit sitt á valdstjórninni með eggjakastinu.

## LEIÐRÉTTING

Ásta Þorleifsdóttir hefur boðið sig fram í forvali fyrir borgarstjórnarkosningar fyrir hönd vinstri grænna en ekki Sjálfstæðisflokkinn eins og kom fram í blaðinu á miðvikudag. Þá er Eiríkur Jóhannsson forstjóri Dagsbrúnar en ekki Og Vodafone eins og missagt var í blaðinu í gær.

## Verklagsreglur settar gegn hermanna-veiki

Sýking starfsmanns af hermanna-veiki á vinnustað í Reykjavík er tilefni þess að umhverfisráð Reykjavíkur hyggst nú setja tilteknar verklagsreglur til varnar smiti. Talið er að bakterían hafi leynst í rorum eða krana á staðnum.

Umhverfisráð Reykjavíkurborgar hyggst setja verklagsreglur til að koma í veg fyrir útbreiðslu hermanna-veiki, að sögn Katrínar Jakobsdóttur varaformanns ráðsins.

Á nýafstöðnum fundi ráðsins var farið yfir stöðu hermanna-veiki hér á landi. Tilefnið var síðasta tilfelli frá veikin sem kom upp í ágúst. Þá reyndist baktería, sem veldur hermanna-veiki, vera í sýni sem tekið var úr vaski á vinnustað í Reykjavík. Rekstrar- aðili stofunnar, og eini starfsmaðurinn, veiktist alvarlega af hermanna-veiki. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem heilbrigðiseftirlitinu tekst að rækta hermanna-veikibakteríu úr umhverfi

sjúklings sem greind er af sömu tegund og ræktast hafði úr honum. Maðurinn var að mæta til vinnu eftir alllangt hlé þegar hann sýktist. Er talið að veiran hafi leynst í rorum eða krana, þar sem vatn hafði ekki verið notað um hríð.

„Því var velt upp hvort við ættum ekki að athuga reglur hér og þar í heiminum, þar sem fyrirskipað er útskolun úr vatnsleiðslum í skólum og leikskólum eftir jólafrí og sumarfrí, svo dæmi séu tekin,“ segir Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

„Verkefni okkar á umhverfissviði er að koma með tilögur um



**STURTHAUSAR** Bakterían sem veldur hermanna-veiki getur leynst í krönnum og sturthausum sem ekki hafa verið notaðir um nokkurt skeið.

reglur eftir að hafa athugað hvernig systursamtök okkar á Norðurlöndunum taka á þessum málum. Þá eru ákveðnar vísbendingar frá Bretlandi um hvernig menn haga sér gagnvart hermanna-veiki. Við munum safna þessum upplýsingum saman og málið verður síðan tekið fyrir aftur í umhverfisráði, væntanlega seint á þessu ári. Þá verður lögð fram tillaga, greinargerð og rökstuðningur um viðbrögð umhverfissviðs.“

Örn segir að þegar komi upp grunur um hermanna-veiki sé um-

hverfissvið í samvinnu við sóttvarnarlækni landlækniseinbættisins um sýnatöku, þar sem reynt er að grafast fyrir um upptök veikinnar.

Katrín Jakobsdóttir segir að reglurnar verði kynntar fyrir tækjum og stofnum þar sem hætta sé á að bakterían geti leynst í krönnum og blöndunartækjum eftir starfshlé. Hermanna-veikin berst ekki milli manna. Hún er fátíð hér og leggst einkum illa á þá sem eru veilir fyrir.

jss@frettabladid.is



**PREIFINGAR** Angela Merkel og Edmund Stoiber, formenn kristilegu systurflokkanna CDU og CSU, ávarpa fjölmiðla eftir viðræður við forystumenn SPD í Berlín í gær.

Stjórnarmyndun í Þýskalandi:

## Viðræður stóru flokkanna

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel, formaður Kristilegra demókrata í Þýskalandi, og Gerhard Schröder, forseti og formaður flokkanna CDU og CSU, ávarpa fjölmiðla eftir viðræður við forystumenn SPD í Berlín í gær.

Þau gera bæði tilkall til þess að leiða næstu ríkisstjórn og þessi árekstur var ekki leystur á þessum fyrsta viðræðufundi þeirra eftir kosningarnar á sunnudag. En þau sömdu um að halda þreifingarviðræðum áfram. ■

Stuldir og umferðarlagabrot:

## Tíu mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri var í fyrradag dæmdur í tíu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann var ákærður fyrir að hafa í slagtogi við annan mann stolið tveimur bílum og brotist inn í fjóra sumarbústaði með gripdeildum.

Í samtals tíu liðum var hann ákærður fyrir akstur án tilskilinnar réttinda svo og margt konar nytjastuld og þjófnaði. Ákærði raut með þessum brotum sínum skilorð. Hann þarf að greiða tæpar 65 þúsund krónur í sakarkostnað.

- saj

Ræningjar náðust tíu mínútum eftir rán í Laugarnesapóteki:

## Hótuðu starfsfólki með hnífum

**LÖGREGLA** Tveir menn vopnaðir hnífum rændu Laugarnesapótek við Kirkjuteig í Reykjavík eftir hádegisdag í gær. Mennirnir, sem huldu andlit sitt með hettum, ruddust inn í apótekið og ógnuðu starfsfólki, án þess þó að meidda nokkurn og höfðu á brott með sér bæði bæði peninga og lyf.

Lögregla handtók mennina við ránsstaðinn og í framhaldinu þann þriðja sem reyndi að komast undan á bíl. „Tíu mínútur liðu frá því að við fengum tilkynningu um ránið og þar til búið var að handtaka alla mennina,“ segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, en tilkynning barst um ránið eina mínútu fyrir tvö. „Þeir voru með einhver lyf og svo peninga sem þeir reyndar misstu frá sér að mestu á hlaupunum,“ segir Hörður, en að sögn vitna naut lögregla aðstoðar iðnaðarmanna sem



**VIÐ LAUGARNESAPÓTEK Í GÆR** Þeir komust ekki langt þremmingarnir sem rændu Laugarnesapótek klukkan tvö í gær, en lögregla greip þá alla á innan við tíu mínútum eftir að hún var kölluð til. Að sögn vitna naut lögregla aðstoðar iðnaðarmanna úr nágrenninu sem töfðu ræningjana.

tafið höfðu fór ræningjana.

Mennirnir, einn á fertugsaldri og tveir nálægt þrítugu, verða yfirheyrðir í kvöld og á morgun. Hörður segir þá alla hafa komist í

kast við lögin áður en í mismiklum mæli þó. Sá yngsti í hópnum, 27 ára, var viðriðinn sams konar rán í apóteki í júní og bíður dóms vegna þess.

- óká

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is

Heilbrigður og hraustur,  
1.435 kg og 4,27 m.



Hann heitir B-Class.  
Heimsóknartími í dag frá 9-18.

Nýr B-Class er sprækur og vel heppnaður bíll. Glæsileg hönnun og einstakir aksturseiginleikar gera hann óvið-  
jafnanlegan. Hann er sportlegur, en hugsaður fyrir fjölskylduna og því mjög rúmgóður. Komdu við í ÖSKJU og  
kynntu þér nýjan B-Class. **Hann kostar frá 2.690.000 kr. og fæst bæði með bensín- og dísilvél.**



Mercedes-Benz

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 22.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,4	61,7
Sterlingspund GBP	110,6	111,14
Evra EUR	75	75,42
Dönsk króna DKK	10,052	10,11
Norsk króna NOK	9,642	9,698
Sænsk króna SEK	8,01	8,056
Japanskt jen JPY	0,5519	0,5551
SDR	XDR	89,82 90,36

Gengivísitala krónunnar  
105,2186

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðstefna um mál fatlaðra:

## Les fræðingum pistilinn

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég ætla sko að láta þá heyra það,“ segir Sigurður Ragnar Kristjánsson en hann býr á sambýli á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra.



SIGURÐUR RAGNAR

Í dag heldur hann fyrirlestur á ráðstefnu sem Svæðisskrifstofan stendur fyrir í Gullinhörmum en þar verða fjölmargir fyrirlesarar sem segja frá niðurstöðum rannsókna og miðla af reynslu sinni af störfum með fötlum.

„Mér líður ekki vel á sambýlinu, ég vil fá að vera frjáls og ráða hvenær ég geri það sem ég þarf að gera,“ útskýrir Sigurður Ragnar sem vonast eftir því að komast í þjónustuþúð sem fyrst. Sigurður vinnur í Ásgarði í Mosfellsbæ sem er verndaður vinnustaður. - jse

## LUNDÚNIR

### GRUNAÐUR FRAMSELDUR

Hussain Osman, sem grunaður er um aðild að hryðjuverktilraunum í Lundúnum þann 21. júlí síðastliðinn, var framseldur frá Ítalíu til Bresku lögreglunnar í gær. Osman, sem er frá Eþíópíu, var handtekinn í Róm viku eftir atburðinn. Þrjú aðrir hafa verið ákærðir fyrir aðild að hermdarverktilraunum, sem urðu engum að bana.

## HEIMDALLUR

### TILNEFNING STAÐFEST

Á félagsfundi Heimdallar í gær var tilnefning stjórnar um val á fulltrúum félagsins á þing SUS staðfest. Í tilkynningu frá stjórninni segir að á fjórða hundrað félagsmanna hafi sótt fundinn og tilnefning stjórnar hafi verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn sjö. Bodað var til fundarins eftir að rúmlega 50 félagsmenn óskuðu eftir slíkum fundi til að endurskoða tilnefningu stjórnar á fulltrúum félagsins.

Avion Group fjárfestir í flutningavélum fyrir 62 milljarða króna:

# Avion kaupir fjórar Boeing 777 þotur

**VIÐSKIPTI** Avion Group hefur fjárfest í fjórum 777 flutningavélum frá Boeing og hefur kauprétt á tveimur til viðbótar. Samningurinn var undirritaður í gær á ráðstefnunni Cargo Facts í Seattle. Samningurinn hljóðar upp á 62 milljarða króna. Einnig var samið um breytingar á þremur 747-400 farþegavélum í flutningavélur, en þær eru í eigu Avion Group. Kaupin eru hluti af stefnu Avion Group að leggja aukna áherslu á fraktflutninga.

„Við vonumst til að vélarnar eigi eftir að reynast okkur vel enda tryggja þær samkeppnishæfni okkar á markaðnum,“ segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarfor-

maður Avion Group. Hann segir miklu máli skipta að vélin sé hagstæð í rekstri og að flugfélagið eigi fleiri en eina vél af sömu tegund. Vélarnar geta flogið rúma 9 þúsund kílómetra með fullfermi, 103 tonn, og þær eyða um 30 prósentum minna eldsneyti en samþærilegar vélur.

Vélarnar verða afhentar í febrúar 2009. Avion Group á nú þegar 66 flugvélar og flestar þeirra eru notaðar í þjónustuflug líkt og verður með nýju vélarnar. - mmj

**INNI Í HREYFLINUM** Hafþór Hafsteinsson, forstjóri flugflutninga Avion Group og Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður fyrirtækisins standa inni í hreyfli vélarinnar.



UMFERÐARÖNGPVEITI Gríðarlegt umferðaröngpveiti myndaðist á öllum vegum frá hættusvæðunum, hér við Pasadena í Texas.

# Tvær milljónir manna flýja fellibylinn Ritu

Búist er við því að fellibylurinn Rita skelli á strönd Texas í dag eða í fyrramálið. Tæplega tveimur milljónum íbúa Texas og Louisiana var gert að flýja inn í land. Gífurleg umferðarteppa myndaðist á öllum þjóðvegum frá svæðinu.

**BANDARÍKIN, AP** Hundruð þúsunda íbúa stórborgarinnar Houston og nágrennis streymdu í gær með sitt hafurtask í áttina inn í land, á flotta undan fellibylnum Ritu sem spáð var að skylli á strönd Texas í dag eða í fyrramálið. Alger umferðarteppa myndaðist á þjóðvegum inn í land, þótt lögreglan léti umferðina ganga í sömu átt á öllum akreinum. Á að giska 1.800 þúsund íbúar strandhéraða Texas og Louisiana fengu skipun um að yfirgefa heimili sín og koma sér í öruggt skjól innan í landi. Yfirvöldum er mjög í mun að ekki komi til þess aftur að þúsundir manna verði innlyksa eins og gerðist í hamförunum sem fellibylurinn Katrín olli.

Aðeins dró úr vindstyrknum í fellibylnum þar sem hann hamaðist yfir Mexíkóflóa í gær, en þó ekki meira en svo að hann er nú jafnmikill og í Katrínu er hún gekk á land fyrir um mánuði. Jafnvel þótt

enn dragi eitthvað frekar úr styrk Ritu getur eyðileggingin af völdum fellibylsins orðið mikil. Hann stefnir nú meðal annars á þéttustu þyrpingu oliuborpalla og oliuvinnslustöðva í Bandaríkjunum, úti fyrir og á strönd Texas. New Orleans-búar eru milli vonar og ótta um að nýviðgerðir flóðvarnargarð-



SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ Á þessari veðurtunglamynd sést fellibylurinn Rita breiða úr sér yfir Mexíkóflóa í gær.

arnir standist áhlaup Ritu.

Að sögn Ólafs Árna Ásgeirssonar, ræðismanns Íslands í Houston, hefur eldsneytisskortur sett strik í reikning þeirra sem vildu yfirgefa borgina. Birgðir bensínstöðva hafa klárast. Ólafur segir að þeir sem búi á mestu hættusvæðunum og hlíti ekki skipun um að koma sér í öruggt skjól verði ekki hraktir burt með lögregluvaldi, en þeir sem ákveði að verða eftir geri það á eigin ábyrgð, og fyrirgeri tilkalli til aðstoðar opinberra aðila. „Því fólk verður ekki séð fyrir mat, vatni, flutningum, húsaskjöli eða læknishjálpi,“ sagði Ólafur, sem sjálfur býr um 150 km frá ströndinni og ætlar ekki að yfirgefa heimili sitt. „Núna er skafheiður himinn og 38 stiga hiti,“ sagði hann í gærmorgun og taldi ljóst að þar færi lagnid á undan storminum sem þá var um 500 kílómetrum frá ströndinni, úti yfir Mexíkóflóa.

audunn@frettabladid.is

Gæsluvarðhald staðfest:

## Barði konu með felgújarni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem réðst á fyrrum sambýliskonu sína á heimili hennar á Akranesi í lok ágúst og barði ítrekað í höfuðið með felgulykli. Hann flúði af vettvangi þegar konan komst upp á aðra hæð hússins, en 14 ára gömul dóttir hennar kallaði til lögreglu.

Maðurinn hefur átt við andlega öruggleika að stríða. Hann sætir gæsluvarðhaldi út október, en honum var einnig gert að sæta geðrannsókn. - óká



JOHN ROBERTS Roberts á tali við Barack Obama þingmann.

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

## Roberts hlaut blessun nefndar

**WASHINGTON, AP** Dómsmálanefnd öldungadeildarþingsins í Washington samþykkti í gær tilnefningu Johns Roberts til yfirdómaraembættis í Hæstarétti Bandaríkjanna.

Repúblíkanar ráða meirihluta atkvæða í nefndinni en þrjú demókratar lögðu þeim lið í atkvæðagreiðslunni þannig að niðurstaðan varð þrettán atkvæði gegn fimm. Inn í rökræður nefndarinnar blönduðust áhyggjur af því hvern Bush forseti muni tilnefna til þess að taka við af Söndru O'Connor dómara en hún lætur brátt af störfum. ■

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson

**989 BYLGJAN**  
Reykjavík síðdegis  
Alla virka daga kl. 16-18.30

## VEÐURSPÁ

um hádegis &gt;&gt;


Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

Á SKÍÐUM SKEMMTI EG MÉR.....


Fyrirsögnin er auðvitað visun í þekktan laga-texta. Þá er hann auðvitað full snemma á ferðinni, þ.e. september. Hins vegar eru horfumar um helgina fyrir norðan með þeim hætti að vel má búast við að það hvítni niður í byggð. Of snemmt segja sumir, aðrir fagna!!!

HORFUR Í HÖFUÐBORGinni


Norðlæg átt, yfirleitt nokkur vindur. Bjartvöð með köflum. Hiti 0-5 stig í dag en frýstir í nótt.



&gt;&gt; á morgun



&gt;&gt; sunnudagur



Vaxandi austan átt síðdegis og þá hlýnar heldur. Hægur framan af.

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	París	23°C hálfskýjað	Alicante	27°C heiðskirt
Osló	15°C alskýjað	Berlín	21°C hálfskýjað	Milano	23°C léttskýjað
Stokkhólmur	23°C hálfskýjað	Frankfurt	20°C heiðskirt	New York	29°C heiðskirt
Helsinki	16°C hálfskýjað	Madrid	28°C heiðskirt	San Francisco	19°C hálfskýjað
London	19°C hálfskýjað	Barcelona	23°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C þrumuveður

\* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Amerískir dagar

## í Hagkaupum



### eldaður kjúklingur

8 tegundir:

- Southwest Chicken Breast Strips
- Buffalo Style Chicken Strips
- Chicken Breast Strips
- Crispy Chicken Strips
- Fajita Chicken Strips
- Mesquite Breast Fillets
- Chicken Nuggets
- Chicken Enchiladas

### Earthbound Farm

Lífrænt ræktað grænmeti og ávextir



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Nýtt**  
í Hagkaupum



**40%**  
afsláttur við kassa

**Hunt's** tómátvörur  
- heil fjölskylda af tómátvörum



**Holta**  
kjúklingur

**40%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**  
**1.194** kr/kg  
Merkt verð 1.990,-

**Holta** kjúklingalundir  
- kryddlegnar Western



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Gott verð**  
**399** kr/stk

**Chicago Town** desert kökur  
- 2 teg. nýjasta nýtt



**30%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**  
**1.084** kr/kg  
Merkt verð 1.549,-

**BBQ** svínaríf  
- ekta amerísk BBQ svínaríf



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Beef Jerky** margar tegundir  
- frábær nýjung



**Nýtt**  
í Hagkaupum

**Gott verð**  
**299** kr/stk

**Chicago Town** réttir  
- tilbúin máltíð fyrir einn, 3 tegundir

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

Á ákærvaldið að sæta ábyrgð vegna Baugsmálsins?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga sveitarfélögin Garður, Reykjanesbær og Sandgerði að sameinast?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



# Dómsmálaráðherra gagnrýnir ummæli Ingibjargar Sólrúnar: Nýr og ógeðfelldur tónn

**BAUGSMÁL** „Eftir það sem á undan er gengið er sérkennilegt að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skuli enn telja það málstað sínum til framdráttar að nota dylgjur til að grafa undan trausti í garð lögreglu-manna og annarra, sem starfa á vegum embættis ríkislögreglu-stjóra,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

„Hún lenti í vandræðum, þegar hún var með dylgjur um menn og málefni í tengslum við sölu Síman-s. Við upphaf kosningabaráttunnar 2003 flutti hún Borgar-nesræðuna, sem varð fræg að endemum vegna þess hvernig Ingibjörg Sólrún notaði hálf-

kveðnar vísur til að ýta undir tor-trýggni í viðskiptalífni í garð stjórnvalda. Kannski er ekkert af þessu tilviljun heldur nýr og ógeð-felldur tónn í stjórn málaumræð-um.“

Björn kveðst vænta þess að Ingibjörg Sólrún verði við óskum um að hún geri grein fyrir því hvað sé að baki orða hennar þegar hún viki að lögreglunni á þennan ósæmilega hátt.

**BJÖRN BJARNASON DÓMS-MÁLARÁÐHERRA** „Kannski er ekkert af þessu tilviljun heldur nýr og ógeðfelldur tónn í stjórn málaumræðunum.“



Frávísun Baugsmálsins:

## Málið kært til Hæstaréttar

**BAUGSMÁL** Hæstarétti hefur borist kæra Ríkislögreglustjóra vegna úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur á þriðjudag þar sem Baugsmálinu var í heild vísað frá dómi.

Þess er krafist að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir Héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar á grundvelli þeirrar ákæru sem vísað var frá.

Kæra Ríkislögreglustjóra barst Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sem sendi hana áfram til Hæstaréttar. Í bréfi Péturs Guðgeirssonar dómara kemur fram að engin önnur málsskjöl en ákæran séu send Hæstarétti enda varði frávísunin hana eina.



[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)



### C-500

TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI HEILSU. FYRIR TENNUR, TAUGAR, BEIN- OG BANDVEF.

C-vítamín hefur mikilvægu hlutverki að gegna við myndun bandvefs, er stór þáttur í vexti og heilbrigði æða, beina, góms og tanna ásamt því að auka frásög járms. C-vítamín stuðlar að því að sár gróa og eykur viðnám líkamans gegn sýkingum. Líkaminn þarfnast aukins C-vítamíns þegar hann er undir andlegu eða líkamlegu álagi. C-vítamín er sundurvarí (andoxunarefni) sem ver frumur líkamans gegn skablegum áhrifum stakeinda, en það eru úrfellingarefni sem verða til við efnaskipti í líkamnum.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Krínglunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patrekfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

## VR FRAMBOÐSFRESTUR

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur við kjör fulltrúa á ársfund Alþýðusambands Íslands 2005 annars vegar og 25. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar.

**Ársfundur ASÍ** verður haldinn 20. og 21. október nk. og verða kjörnir 74 fulltrúar auk varamanna. **Þing LÍV** verður haldið 11. og 12. nóvember nk. og verða kjörnir 46 fulltrúar og auk varamanna.

Framboðslistar fyrir ársfund ASÍ annars vegar og þing LÍV hins vegar ásamt meðmælum 100 fullgildra félagsmanna VR þurfa að hafa borist kjörstjórn á skrifstofu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í Húsi verslunarinnar, fyrir kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 30. september nk.

Kjörstjórn

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

**VR**

# Fráleitir ásakanir lögreglu um dylgjur

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kveðst engar dylgjur hafa í frammi heldur tali hún skýrt um ástand sem forysta Sjálfstæðisflokksins hafi átt þátt í að skapa á undanförunum árum. Hún segir dómsmálaráðherra ávallt saka sig um dylgjur.

**BAUGSMÁLID** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir ásakanir starfsmanna efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, dómsmálaráðherra og fleiri um dylgjur af sinni hálfu fráleitir.

„Starfsmennirnir ættu að finna þessum ásökunum sínum stað áður en þeir setja svona fram. Og dómsmálaráðherra sakar mig ávallt um dylgjur til að varpa rýrð á minn málflutning. Það er fráleitt að ásaka þann um dylgjur sem tal- ar einmitt skýrt um það ástand sem forysta Sjálfstæðisflokksins hefur átt þátt í að skapa á undanförunum árum.“

Ingibjörg Sólrún segir að í Borgarnesræðunni forðum hafi hún meðal annars fjallað um að í landinu væru einstaklingar og fyrirtæki dregin í dilka. „Það hefur komið mjög á daginn að sú er raunin. Í máli olíufélaganna gekk hvorki né rak að fá ríkislögreglustjóra til að rannsaka það mál. Hann taldi sig þurfa sérstaka aukafjárveitingu til þess að geta tekið við því. Forsætisráðherra sagði að það borgaði sig ekki að sekta þessi fyrirtæki því það færi bara út í verðlagið. Í Baugsmálinu er engu til sparað í rannsóknarvinnu. Forsætisráðherrann fyrir- verandi hélt því meðal annars

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** „Það eitt að málinu skuli vísað frá í héraðsdómi segir mér að það hafi ekki verið staðið nógu vel að málatilbúnaði.“

fram meðan á þeirri rannsókn stóð að stjórnendur fyrirtækisins hefðu reynt að múta sér. Hann dró upp mynd af þeim sem algerum skúrkum. Fjölmíðlamálið er líka gott dæmi um andrúmsloft sem var skapað.“

Ingibjörg segir ljóst að Baugsmálið hafi farið af stað þegar komið var með sérstök sakarefni til ríkislögreglustjóra en hún hafi ekki forsendur til að meta þau sakarefni. „Það er sérkennileg afneitun hjá ríkislög- reglustjóraembættinu ef það kann- ast ekki við að málið hafi komið fram í sérstöku andrúms- lofti. Og einmitt vegna þess að málið kemur fram og er rann- sakað við þessar aðstæð- ur er enn mikilvægara en ella að þeir sem fara með rannsóknar- og ákærvaldið vandi sig sérstaklega við meðferð þess. Það eitt að málinu skuli vísað frá í héraðsdómi segir mér að það h a f i

ekki verið staðið nógu vel að málatilbúnaði. Við hljótum að gera þá kröfu til lögreglunnar þegar hún er með mál til rann- sóknar í þrjú ár, sem þegar hefur skaðað marga einstaklinga og orðstír marga íslenskra fyrir- tækja erlendis, að hún umgangist málið af mikilli varúð.“

[johannh@frettabladid.is](mailto:johannh@frettabladid.is)



## Lögreglumenn telja formann Samfylkingarinnar fara með dylgjur: Krefja Ingibjörgu Sólrúnu um skýringar

**BAUGSMÁL** Starfsmenn efnahags- brotadeildar ríkislögreglustjóra una ekki yfirlýsingum Ingibjarg- ar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingar- innar, um

B a u g s - málið og k r e f j a s t þess að hún útskýri mál sitt.

Í yfirlýs- ingu þeirra er vísað til þeirra um- m æ l a

Ingibjargar Sólrúnar að upphaf Baugsrannsóknarinnar eigi rætur í að ráðamenn hafi gefið veiðileyfi á fyrirtæki og einstaklinga.

„Við starfsmenn efnahags- brotadeildar ríkislögreglustjór- ans krefjumst þess að Ingibjörg útskýri það nákvæmlega hvað hún er að meina og hvað hún hefur fyrir sér. Það er óþolandi að kjörnir fulltrúar á löggjafarþing- inu bjóði starfsmönnum, sem valdir hafa verið til þess að rann- saka og saksækja vandasöm saka- mál, upp á slíkar dylgjur... Þing- maðurinn er að gefa í skyn að starfsfólk ríkislögreglu- stjóraembættisins hafi framið alvarleg hegning- arlagabrot.“

Í yfirlýsingunni seg- ir jafnframt að um- ræða í fjölmiðlum hafi verið mjög einhliða. „Því miður virðist sem almenningur telji að málið sé ónýtt, því jafnvel lokið. Rétt er að undirstrika að það úrskurðarefni sem nú stendur

yfir snýst eingöngu um það hvort ákærutextinn sjálfur uppfylli formaskilyrði laga og óskráðra hefða.“

- jh



**HARALDUR JOHANNESSEN RÍKISLÖG- REGLUSTJÓRI** Haraldur hefur ekki tjáð sig um vísun Baugsmálsins frá dómi en starfsmenn hans hafa sjálfir borið hönd fyrir höfuð sér.



**ARNAR JENSSON AÐSTOÐARFYRILÖG- REGLUÞJÓNN** Arnar hefur komið fram opinberlega fyrir hönd efnahagsbrot- adeildar ríkislögreglustjóra í Baugsmálinu.



Talstöðin  
FM 90,9

## MARKAÐURINN

Hafiði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



GOTT FOLK MCCANN

# EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.  
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.  
[sjovastrax.is](http://sjovastrax.is) - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

**SJÓVÁ** 



## VEISTU SVARID?

**1** Hvað heitir fyrirtækið sem mun reisa og reka tónlistarhúsið við Reykjavík-urhöfn?

**2** Hvað heitir fellibylurinn sem stefnir á Texas?

**3** Hvaða leikmaður Arsenal framlengdi samning sinn til ársins 2009 í vikunni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Skaðabótakrafa Reykjavíkurborgar á hendur olúfélögunum:

# Enginn ágreiningur um samráð

**OLÍUSAMRÁÐ** „Við munum svara þessu erindi innan tímamarka,“ segir Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, um skaðabótakröfu Reykjavíkurborgar vegna samráðs olúfélaganna í útboði borgarinnar 1996. „Það er enginn ágreiningur um að samráð átti sér stað 1996 vegna þessa útboðs. Að því leyttinu til er þetta óumdeilt. Það sem er um deilt er hver áhrifin af þessu séu fyrir mína umbjóðendur og hvort þeir hafi haft einhvern ávinning af þessu.“

Kristinn segir að Olúfélagið, sem nú heitir Ker, hafi fengið eina greiðslu frá Skeljungu upp á rúmar tvær milljónir vegna þessa samnings. „Það liggur fyrir að Skeljung-

ur átti viðskipti við þá og því væri eðlilegt að Reykjavíkurborg myndi snúa sér að þeim.“

Vegna þess að máli Kers gagnvart Samkeppnisstofnun er ekki lokið, mun Kristinn leggja til að máli Reykjavíkurborgar verði frestað þar til niðurstaða í því máli sé komin.

Gestur Jónsson, lögfræðingur Skeljungs, segist ekki hafa komist í það að ræða kröfuna við skjólstæðinga sína og vildi því ekkert tjá sig um málið. - 55

**SAMNINGAVIÐRÆÐUR** Lögmaður Kers segir umdeilt hvort Olúfélagið hafi hagnast á samráði olúfélaganna í útboði borgarinnar 1996.



Keflavík:

## Tveir bílar skemmdir

**LÖGREGLA** Lögreglan leitar vitna að skemmdum sem unnar voru á tveimur bílum í bænum í gær og fyrrinótt.

Rauður Toyota Avensis skutbíl var skemmdur fyrir utan íbúð við Hringbraut, en afturrúða hafði verið brotin með því að henda í hana hnullungi. Þá var tilkynnt um að afturhluti lítillar svartrar Peugeot-bifreiðar hefði verið dældaður og afturljós brotið, en bíllinn stóð fyrir utan Myllubakkaskóla í Keflavík. Talið er að bíllinn hafi verið skemmdur um nóttina.

Lögreglan í Keflavík biður þá sem eitthvað vita að hafa samband í síma 420-2400. - óká

# Fara fram á 151 milljón í bætur

Borgaryfirvöld krefjast rúmlega 150 milljóna króna í skaðabætur vegna samráðs í útboði árið 1996.

**OLÍUSAMRÁÐ** Reykjavíkurborg hefur ákveðið að krefja olúfélögin um rúmlega 150 milljónir í skaðabætur vegna samráðs olúfélaganna í útboði Reykjavíkurborgar 3. júní 1996 á eldsneytisviðskiptum fyrirtækja borgarinnar. Olúfélögin hafa frest til 14. október til að svara kröfu borgarinnar. Ef olúfélögin samþykkja ekki kröfuna, verður hún aðalkrafa í einkamáli borgarinnar gegn olúfélögunum.

„Samráðið liggur alveg klárt fyrir,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður sem undirbjó skaðabótakröfuna fyrir hönd Reykjavíkurborgar. „Þessi þrjú olúfélög gera samkomulag í september 1996 um að Skeljungur skuli hafa þessi viðskipti áfram og það er samið um að framlegð sé skipt. Þá fara fram greiðslur á milli olúfélaganna árin 1996 og 1997.“ Ábyrgð á tjóni borgarinnar vegna samráðsins er sögð óskipt á milli olúfélaganna, þar sem ekki er hægt að segja til um hver hagnaður hvers félags er í ölögnum hagnaði af viðskiptunum. Í skýrslu samkeppnisráðs 2004 er deilum forvarsmanna olúfélaganna lýst vegna efnda á þessu samkomulagi. Þar kemur fram að Olís og Olúfélagið hafi hvort um sig fengið rúmar ný milljónir frá Skeljungu vegna við-

skiptanna fyrir árin 1996 og 1997.

Í útboðinu 1996 var óskað eftir tilboðum vegna kaupa á gasolíu, bensíni og steinolíu fyrir Strætisvegna Reykjavíkur, Malbikunarstöð Reykjavíkur og Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Samkvæmt skýrslu samkeppnisráðs lagði forstjóri Skeljungs til hvernig olúfélögin ættu að haga tilboðum sínum, þannig að Skeljungur biði lægsta verð. Munur olúfélaganna á tilboðunum mældist í aurum.

Árið 2001 var aftur óskað eftir tilboðum í olúfélögunum borgarinnar. Samkvæmt skýrslu Vilhjálmur var þá bæði meiri munur á milli tilboða félaganna, auk þess sem mun hagstæðara verð fékkst en í útboðinu 1996. Olís var þá með hagstæðasta tilboðið og bauð tæpum 15 krónum lægri dísilolíu ítra en Reykjavíkurborg hafði verið að greiða samkvæmt eldra tilboðinu en þá hafði grunnverð frá dælu hækkað um rúmar fimm krónur.

Vilhjálmur segir bótakröfuna reiknaða út frá afslætti af verðlistatilboði í útboðinu 2001, sem ekki fékkst 1996 vegna samráðsins. Krafa vegna olúkaupa Strætó hljóðar upp á 125.611.680 krónur. Krafa vegna olúkaupa Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar hljóðar upp á 25.923.814 krónur. Ekki er gerð krafa vegna Malbikunarstöðvarinnar, sem gerð var að hlutafélagi mánuði eftir útboðið og samdi því sjálf um kaup á olíu.

svanborg@frettabladid.is



**SKAÐABÓTAKRAFA VEGNA STRÆTÓ BS.** Reykjavíkurborg segist hafa orðið af tæplega 126 milljónum vegna skorts á samkeppni í útboði á olíu fyrir Strætó bs.

Farþegar fylgdust með í beinni útsendingu:

## Lenti með nefhjólíð þversum

**LOS ANGELES, AP** Farþegaþota flugfélagsins JetBlue, af gerðinni Airbus 320, nauðlenti á alþjóðaflugvællinum í Los Angeles (LAX) í fyrrinótt. Alls voru 140 farþegar innanborðs. Engan sakaði.

Skömmu eftir flugtak í Kaliforníu urðu flugmennirnir þess varir að nefhjólíð var fast niðri og sneru hjólin þversum. Ákváðu þeir að nauðlenda flugvélina í Los Angeles. Áður en þeir gerðu það hringsóluðu þeir um borgina í þeim tilgangi að brenna eldsneyti til að létta vélinu og minnka hættuna á sprengingu færi allt úr skorðum.

Flugmaðurinn hefur fengið mikið lof fyrir lendinguna sem gekk að óskum. Hann lenti vélinni



**ELDUR Í NEFHJÓLINU** Þegar nefhjólíð snerti brautina kviknaði í dekkinu en eldurinn slökkaði fljótt.

á afturhjólinum, eins og vaninn er, en náði að halda nefhjólunu uppi mjög lengi áður en það snerti flugbrautina. Gervihnattasjónvarp er í flugvélinni og fylgdust farþegarnir með beinni útsendingu af nauðlendingunni á sjónvarpsstöðinni CNN. ■

## ÚTSÖLUMARKAÐUR

ENN MEIRI LÆKKUN !!  
SÍÐUSTU DAGARNIR !!

Opið 10-18 virka daga  
og 10-14 laugardaga  
útsölumarkaðurinn er að síðumúla 15


herraföt, dömuft, barnaföt og skór  
ath! Það eru stæði aftan við húsið

GK REYKJAVÍK

## „Stórvirki í stíl og skáldskap.“

– Páll Baldvin Baldvinsson, DV

★★★★★



„Þessi bók er algjör gullnáma“  
– VG

„Roy Jacobsen er sagnameistari  
af guðs náð.“  
– Dagbladet

„Frost hefur allt, glæsileg  
skáldsaga og frábært ævintýri.“  
– Aftenposten

Mögnuð saga byggð á efni úr  
Íslendingasögum.

**1. sæti**

Skáldverk  
Penninn Eymundsson  
og Bokabólfir MM  
14. – 20. sept.

Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna  
Norðurlandaráðs.

Bókmenntahátíð 2005  
1.000 kr.  
afsláttur

Mál og menning  
edda.is



HELENA RUBINSTEIN **HR**



Lífsins elixír - Alhliða orka gegn öldrun

## PRODIGY KREM

Með notkun Prodigy verðlaunakremsins verður húðin mýkri, þéttari, húðlitur jafnari og ljómandi og húðin rakafyllt. Prodigy kremið hefur fengið verðlaun í ýmsum löndum sem framúrskarandi vara, m.a. Votre Beauté verðlaunin í Frakklandi, Frau verðlaunin í Japan, Gloria í Finnlandi, Telva verðlaunin á Spáni og síðast en ekki síst alþjóðlegu Marie Claire verðlaunin.

Árangur þessa lífsins elixírs: húðin verður sem endurfædd:

Prófanir fóru fram á 5 þáttum\*: Mýkt: 83% - Þéttleika: 79% - Ljóma: 83% - Jöfnum húðlit: 81% - Raka: 86%.

\*Hlutfall fullkomlega ánægðra kvenna – þátttakendur 132 – 3 vikur.

HELENA RUBINSTEIN dagar 23. - 28. september

Hverju PRODIGY kremi fylgir glæsilegt hálsmen með Swarovski perlum. Ef keyptar er aðrar HR vörur fyrir 5.500- kr. eða meira fylgjir eftirfarandi kaupauki:

Gjöfin þín – að verðmæti 6.500.- kr. \*

- Falleg taska
- Augnskuggi í fullri stærð
- Collagenist krem 15ml
- Fresh Foaming Gel 30ml
- Delicate Aromatic Lotion 50ml
- Lash Queen maskari 1,5ml
- Color Clone farði 5ml

\*meðan birgðir endast



www.helenarubinstein.com

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Lögreglan setur upp vegatálma í miðborg Kaupmannahafnar:

## Bílaumferð bönnuð í þrjá daga

**KAUPMANNAHÖFN** Bílaumferð er bönnuð í miðborg Kaupmannahafnar en þar hófst þriggja daga „bílaust“ átak í gær. Winnie Berndtson, sem fer með umhverfismál í borgarstjórninni, segir í viðtali við dagblaðið Politiken að með þessu fái yfirvöld betri sýn á bíllausan miðbæ. Meirihluti er sagður fyrir því að draga úr bílaumferð í miðbænum og jafnvel að taka upp gjaldtöku líkt og gert er í miðborg Lundúna. Yfirvöld vonast til að meira líf færast í miðbænn við breytinguna.

Eigendur verslana eru ekki sammála og telja reyndar að margar búðir myndu leggja upp laupana ef bílaumferð yrði bönn-



**BÍLAR BANNADIR**  
Lögreglumenn hindra almenna umferð bíla.

uð. Benda þeir á að almennings-samgöngur í miðborginni séu ekki nógu góðar og því þurfi fólk á bílum að halda til að komast þangað. Lögregla hafði komið fyrir

vegartálum allt í kringum miðbænn í gærmorgun og var aðeins strætisvögnum, flutningabílum og einkabílum íbúa svæðisins hleypt í gegn.

- ks

Veturinn sýnir klærnar:

## Snjóar á Norðurlandi



**SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON** „Það má segja að veturinn sé farinn að minna á það sem koma skal,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur. „Ef marka má spár gæti snjó-

koma orðið allnokkur í láglandi á norðanverðu landinu næstu daga.“

Hann nefnir Akureyri sérstaklega, en þar sé spáð úrkomu og frosti sem er ávísun á hvíta jörð.

Þá hefur eitthvað verið um næturfrosta í Reykjavík og margir hafa þurft að skafa rúður á bílum sínum síðustu morgna.

- grs

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SNEKKJUSÝNING Í MÓNAKÓ** Lystisnekkjur liggja þétt í Monte Carlo-höfn í Mónakó. Þar stendur nú yfir sýning á nýjustu og flottustu milljónamæringasnekkjunum.

Stefán Hilmar Hilmarsson:

## Ótrúleg orðræða

**YFIRLÝSING** Stefán Hilmar Hilmarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Baugs, hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna orða talsmanns ríkislögreglustjóra í framhaldi af frávisun Baugsmálsins frá héraðsdómi. Í henni segir hann að orðræða Arnars Jenssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns í fjölmiðlum hafi á köflum verið með slíkum endemum „að maður efaðist um að þessi maður væri staddur á sömu öld og í sama veruleika og við hin“.

Í yfirlýsingunni kemur enn fremur fram að Stefán Hilmar telur ástæðuna fyrir því að Arnar hafi tjáð sig við fjölmiðla augljóslega hafa verið þá að yfirstjórn ríkislögreglustjóra hafi ekki þolað þá gagnrýni, sem hún hafi hlotið í fjölmiðlum undanfarna daga.

Yfirlýsingu Stefáns Hilmarssonar að finna í heild sinni á [visir.is](http://visir.is)

# Fagmennska hjá RLS?

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, hefur sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

**YFIRLÝSING** Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra (RLS), hefur verið sendur út af örkinni af yfirmönnum sínum, þeim Haraldi Jóhannessen ríkislögreglustjóra og Jóni H. B. Snorrassyni, saksóknara embættisins, til að verja rannsóknaraðferðir og vinnubrögð embættisins við rannsókn og ákæru í svokölluðu „Baugsmáli“.

Arnar hefur í viðtölum við RÚV, Stöð 2 og fleiri fjölmiðla í dag og í gær einkum lagt áherslu á tvennt, heiðarleika og fagmennsku embættisins. Varðandi

fagmennskuna liggur fyrir lögfræðileg álitgerð Jónatans Þórmundssonar, prófessors í refsirétti, um rannsóknaraðferðirnar, dags. 7. apríl 2005. Í sem skemmstu máli er niðurstaða hans sú að fyrirtækið Baugur Group hf. „sé fremur fórnarlamb lögregluáðgerða en lögbrota af hálfu stjórnenda sinna“. Bendir hann m.a. á hve harkalegar og óvægnar fyrstu rannsóknaraðgerðir voru, „allt byggt á heiftuðugri og ótrúverðugri kærnu eins einstaklings, sem bersýnilega bar keim af hefndaraðgerð“. Hér hafi ekki verið gætt hins gullna meðalvegjar, sem gilda skuli um lögregluáðgerðir, að þær séu hófsamlegar og gangi ekki lengra en þörf krefur. Þær skuli einkennast af fyllstu hlutlægni og réttssýni, bæði gagnvart sakborningum og vitnum.

Jónatan bendir á hæginn sakfellingargrundvöll í sinni álitgerð og að sönnun hljóti að vera óhugsandi í veigamiklum atriðum gegn rökstuddum skýringum sakborninga og skjalfestum sönnunargögnum. Jónatan dregur fram margháttada annmarka á rannsóknarferlinu og rýra eftirtekju rannsóknarinnar að því er sakarefni varðar. Þrátt fyrir að Jónatan telji á álitgerð sinni mjög litlar líkur á sakfellingu telji hann miklar líkur til þess, að blásið verði til umfangsmikillar málssóknar við birtingu ákæru af hálfu RLS. Því valdi einkum þrennt: A) Samkrull lögreglu og ákæruvalds. Sami einstaklingur taki ákvarðanir um rannsóknaraðgerðir og málshöfðun. Ákæruvaldið sé því gegnsýrt af einhliða rannsóknarsjónarmiðum en nauðsynlegt endurmat sakarefna fari ekki fram. B) Langt rannsóknarferli muni leiða til þess að ákæran mótist af tímaþáttum og sýndarárangri. C) Allt rannsóknarferlið bendir til óvenjumikils ákafa og hörku RLS að ná „árangri“ í málinu og talsvert hafi vottað fyrir ófugsnúinni afstöðu RLS til grundvallarreglnanna um sönnunarbýrði ákæruvalds og um sakleysi grunaðs manns uns sekt hans er sönnuð.

Aðrir, og þar á meðal undirritaður, hafa tilgreint eftirtalda misbrestir á framkvæmd rannsóknarinnar: A) Tafir og hægagang sem valdið hefur öllum hlutaðeigandi ómældu tjóni og óþægindum. B) Óvissu um hvað undirrituðum og öðrum sé raunverulega gefið að sök eða hvernig ákveðnar athafnir geta fallið undir alvarlegar ásakanir RLS. Þetta atriði hefur nú m.a. leitt til frávisunar málsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur. C) Sífelld ný og ný sakarefni voru tínd upp úr gögnum félagsins og engar upplýsingar gefnar á rannsóknartímanum um það hvaða ásakanir yrðu bornar fram á hendur sakborningum. Mánuðum og árum saman mátti ég þola að fréttu úti bæ af yfirheyrslum yfir einstaklingum um sakarefni, sem ekki voru kynnt mér fyrr en örfáum dögum fyrir útgáfu ákærunnar.

Nú kemur Arnar Jensson fram og lýsir því yfir að fyllstu fagmennsku hafi verið gætt og lýsir sjálfum sér og öðrum starfsmönnum embættisins sem „heiðarlegum“ fagmönnum. Í ljósi reynslu minnar verð ég að mótmæla slíkum ummælum Arnars. Auk framangreindra atriða má í þessu sambandi benda á eftirfarandi:

• **RLS ákvað** að gera innrás í höfuðstöðvar Baugs á grundvelli þriggja daga yfirheyrslu yfir einu vitni og skjala, en strax í upphafi kom í ljós að RLS hafði ekki átt að sig á grundvallaratriðum um eðli þessara gagna. Þeir virtust þannig ekki þekkja muninn á debet og kredit. Er þetta fagmennska?

• **RLS horfði aldrei** til gagna sem sakborningar, Baugur Group, lögmenn eða endurskoðendur lögðu fram, tóku ekki mark á skýringum þeirra, jafnvel þótt þær væru trúverðugar og studdar skjalfestum gögnum. Ber þetta vott um fagmennsku?

• **Dæmi eru um** að rannsóknarmenn RLS báru villandi upplýsingar milli vitna og sakborninga og reyndu þannig að hafa áhrif á framburð þeirra. Ber það vott um heiðarleika?

• **Ítrekað kom fram** að rannsóknarmenn kunnu lítil skil á bókhaldi og viðskiptum, t.d. vaxtaútreikningi. Einnig er ljóst að endurskoðendur RLS höfðu ekki undir höndum öll skjöl sem Baugur Group hafði lagt fram hjá RLS. Svo virðist sem RLS hafi aðeins tínt til þau gögn sem studdu fyrirframgefna niðurstöðu. Ber þetta vott um heiðarleika eða fagmennsku?

• **Rannsóknin** lá niðri um margra vikna skeið á meðan líkfundarmálið svokallaða í Neskaupstað var til rannsóknar, en Arnar Jensson stjórnaði þeirri rannsókn sem kunnugt er. Í framhaldi af því má spyrja í hverju hans sérþekking felist?

• **Loks liggur fyrir** að Héraðsdómur Reykjavíkur treystir sér ekki til að dæma á grundvelli ákæru RLS sem hvílir á þriggja ára rannsókn, sem kostað hefur ómældu fjármuni fyrir skattborgarana svo ekki sé minnst á þá raun og fjárhagslegt tjón sem sakborningar og Baugur Group hf. og eigendur þess hafa orðið fyrir. Ég óska engum þess að þola slíka meðferð.

Ég tel að það beri vott um fífildirfsku af Arnari Jenssyni að koma fram með þeim hætti sem hann hefur gert, berja sér á brjóst og lýsa eigin ágæti og yfirmanna sinna. Hvar eru Haraldur og Jón H. B.? Leggja þeir ekki á foraðið? Þetta gerir Arnar þrátt fyrir að fyrir liggja framangreind álitgerð Jónatans Þórmundssonar sem nú hefur aldeilis komið í ljós að átti svo sannarlega við rök að styðjast með vísan í niðurstöðu þriggja dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Sama hver niðurstaða Hæstaréttar verður, það liggur fyrir að hjá RLS eru stunduð óvönduð og óheiðarleg vinnubrögð sem nú hitta þessa heiðursmenn fyrir og þeir kveinka sér undan. Það haushögg almenningsálitsins er miklu harðara og verra en það haushögg sem þeir hafa óttast frá þeim yfirvöldum í landinu sem raunverulega bera ábyrgð á rannsókninni. ■

**[GENGISHAGNAÐUR!]**

Glæný Opel Astra

Opel. Þýski gæðingurinn.

Þetta er spurning um verð og gæði

Þýski gæðingurinn Opel ASTRA kostar aðeins **1.695.000 kr.** eða 19.772 kr. á mánuði.\*

Samanburður Astra, Golf og Focus

	Astra Enjoy	Golf Trendline	Focus Trend
EuroNCAP	5 stjörnur	5 stjörnur	5 stjörnur
Vélarstærð	1.6i 16v	1.6i 8v	1.6i 16v
Hestöfl	105	102	100
Eyðsla að meðaltali	6.6	7.2	6.7
ABS	já	já	já
ESP stöðugleikastýring	já	nei	já
Stjórnstæki í stýri f. útvarp, geislaspilara	já	já	já
MP3 spilari	já	nei	nei
Quick Heat (snögghitun miðstöðvar, 1000 watta hita element)	já	nei	nei
Aksturstölva	já	já	já
Sætishitarar	já	nei	já
Farangursrými, aftursæti uppi/niðri	350/1270	350/1305	385/1247
Verð	1.695.000,-	1.890.000,-	1.890.000,-

F116/S1A F1074216



**Glitnir**

\*Bilasamningur Glitnis með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Simi 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mán - fös kl. 9:00 - 18:00 og lau kl. 12:00 - 16:00



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**  
Forstjóri Baugs segir að ítrekað hafi komið fram að rannsóknarmenn hafi kunnað lítil skil á bókhaldi og viðskiptum.



# H L U T A F J Á R Ú T B O ð

## SÍÐASTI DAGUR

## Hlutafjárútboð 19.-23. september – til núverandi hluthafa

Hlutafjárútboð til núverandi hluthafa Össurar hf. hófst 19. september og stendur til klukkan 17 í dag, föstudaginn 23. september 2005.

**Útboðsgengi er 81 króna fyrir hvern hlut.** Alls eru 63.391.690 nýir hlutir boðnir hluthöfum sem skráðir voru í hlutaskrá félagsins í lok dags 7. september sl. Samhlíða eru allt að 4.100.000 nýir hlutir boðnir stjórnendum og lykilstarfsmönnum á sömu kjörum. Heildarandvirði hinna nýju hluta er allt að 5.467 milljónir króna.

**Á vef KB banka, [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is), er tekið við áskriftum hluthafa að nýjum hlutum og hafa þeir fengið send í pósti sérstök lykilorð til að geta tekið þátt í útboðinu.**

Fyrirtækjaráðgjöf KB banka hefur umsjón með útboði til hluthafa og hefur sölutryggt það að fullu á útboðsgengi. Ráðgjafar KB banka veita upplýsingar um útboðsskilmála í síma 444 7000. Þeir munu aðstoða hluthafa milli klukkan 9 og 20 meðan á útboðinu stendur.

**Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá umsjónaraðila eða útgefanda.**



### Útgefandi

Össur hf. Kennitala: 560271-0189. Höfuðstöðvar: Grjótháls 5, 110 Reykjavík. Sími: 515 1300. Vefur: [www.ossur.com](http://www.ossur.com).

### Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Höfuðstöðvar: Borgartún 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is).

### Tilgangur og heimild útboðs

Útboð til hluthafa er liður í fjármögnun Össurar hf. á kaupum á bandaríska stuðingstækjafyrirtækinu Royce Medical Holdings Inc. Stjórn Össurar hf. ákvað útboð til hluthafa hinn 6. september sl. og hinn 7. september sl. að bjóða stjórnendum og lykilstarfsmönnum hluti á sömu kjörum. Með þessu mun stjórnin nýta að hluta heimild hluthafafundar frá 19. ágúst 2005 til hækkunar á hlutafé. Hlutafé félagsins hækkar með forgangsréttarútboðinu um 63.391.690 hluti og með sölu til stjórnenda og lykilstarfsmanna um allt að 4.100.000 hluti. Aukning getur því numið allt að 67.491.690 hlutum eða 21,2% og útgefið hlutafé þannig farið úr 318.441.000 hlutum í allt að 385.932.690 hluti.

### Forgangsréttur, framsal og umframáskrift

Hluthafar njóta forgangsréttar að nýjum hlutum og er forgangsréttur hlutfallslegur miðaður við hlutafjäreign í Össuri hf. í lok dags hinn 7. september 2005. Hluthafi hefur forgangsrétt að einum nýjum hlut fyrir hverja fulla fimm hluti í lok dags hinn 7. september. Hluthafa er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti hans og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útteilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthafa er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Sérstakt framsalseyðublað má nálgast á útboðsvef KB banka. Til að um fullgilt framsal sé að ræða þarf það m.a. að vera undirritað af framseljanda (hluthafa) og framsalshafa (kaupanda). Til að framsalshafi geti eignast hluti á grundvelli framsalsins þarf framseljandi eða framsalshafi að skrá áskrift undir kennitölu framseljanda á útboðsvef KB banka og framsalið að hafa borist Fyrirtækjaráðgjöf KB banka fyrir klukkan 17 föstudaginn 23. september 2005. Undirritað framsal skal senda til Fyrirtækjaráðgjafar KB banka í Borgartúni 19, 105 Reykjavík eða til Ráðgjafar KB banka í Austurstræti 5, fjórðu hæð, 101 Reykjavík.

### Skráning áskriftar

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á sérstökum útboðsvef KB banka á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is). Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem hluthafi fær sent í pósti, eða með notandanafni og lykilorði í KB Netbanka.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og til 31. október 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á útboðsvefnum með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við áskrift.

### Eindagi greiðslu er 4. október

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Frá 24. september má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á útboðsvef KB banka með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við skráningu áskriftar. Greiðslufyrirmæli verða send kaupendum við lok áskriftartímabilsins, ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi swift-upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka. Greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 4. október 2005.

Hluti sem kunna að verða ógreiddir á gjalddaga má stjórn útgefanda hvort heldur sem er innheimta með dráttarvöxtum og kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

Hinir nýju hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Þegar fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur. Eftir útgáfu verða hlutirnir afhentir kaupendum einum degi eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

### Niðurstaða útboðs og skráning í Kauphöll

Allt útgefið hlutafé Össurar hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands. Útboðs- og skráningarlýsing hefur verið samþykkt af Kauphöllinni, sem og skráning hækkunar um allt að 67.491.690 hluti. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 23. september 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 26. september 2005. Skráning hlutafjáru aukningar í Kauphöllinni er fyrirhuguð eigi síðar en 6. október 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.



**ISLAMSKUR FARSÍMI** Ungur múslimi heldur á nýrri gerð „islamsks“ farsíma. Síminn minnir eiganda sinn á bænátíma fimm sinnum á dag og bendir honum í rétta átt til Mekka. Allur Kóraninn er vistaður í símanum.

Bílastæðaskortur við Háskóla Íslands:

## Íhuga að taka upp gjaldskyldu

**MENNTAMÁL** Mikill skortur er á bílastæðum við Háskóla Íslands, og eru allir, jafnt namar sem starfsfólk, orðnir langþeyttir á vandanum. Sumir vilja hefja gjaldtöku fyrir stæðin, og aðrir hvetja fólk til að nota annan ferðamáta en einkabílinn.

„Við erum í startholunum með að koma af stað umræðum á heildstæðan máta um bílastæði í Vatnsmýrinni,“ segir Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmda-sviðs skólans.

„Engar formlegar viðræður hafa átt sér stað, en ég hef rætt við Dag B. Eggertsson hjá Reykjavíkurborg um hvort móta

ætti stefnu um sameiginleg bílastæði, hvort sem þau yrðu gjaldskyld eða ekki.“ Þessi stæði gætu tilheyrnt Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og Landspítala – háskóla-sjúkrahúsi.

Háskólinn hefur sætt gagnrýni fyrir að letja þá sem kjósa að skokka eða hjóla í skólann, en í haust hóf íþróttahús skólans að krefjast greiðslu fyrir afnot af sturtum. Að auki kvartar hjólréiðafólk undan skorti á hjólréiðaskýlum. „En umhverfismálin eru öll í skoðun hjá okkur þessa dagana,“ segir Guðmundur.

- smk



**BÍLASTÆÐASKORTUR** Starfsfólk og namar Háskóla Íslands kvarta sáran undan bílastæðaskorti. Raddir eru uppi um að hefja gjaldtöku fyrir stæðin 1700 sem eru við skólann.



**NORÐURKVOSIN** Svæðinu verður gjörbreytt og liggja miklir hagsmunir í að ná verkinu.

Viðhöfn kærði Ríkiskaup:

## Vildu Portus Group út

**TÓNLISTARHÚS** Viðhöfn, einn þriggja hópa sem tóku þátt í tilboðum í hönnun, byggingu og rekstur tónlistarhúss, kærði ákvörðun Ríkiskaupa að útiloka sig frá frekari samningum um verkið til kærnefndar útboðsmála í júní. Viðhöfn fór meðal annars fram á það að Portus Group, sem átti vinningstilöguna, yrði útilokað frá samningum. Forsendur kærunnar voru að Helgi S. Gunnarsson, starfsmaður Nýsis hf. hafi komið að undirbúningi útboðsins sem starfsmaður VSO verkfræðistofu. Nýsir hf. er hluti Portus Group og þannig var ætlað að Portus Group hefði haft forskot á Viðhöfn í útboðinu.

Það kom fram af hálfu Nýsis að Helgi hafi verið ráðinn til dótturfyrirtækis Nýsis, óskyldu útboðinu. Kærnefnd útboðsmála taldi ósannað að breyting á starfsvettvangi Helga hefði veitt Portus Group forskot. Kærnefnd hafnaði kröfum Viðhafnar.

- saj

**DÓMSMÁL** Scott Ramsay segir afbrýðisemi og ölvun hafa valdið því að hann sló danska hermanninginn Flemming Tolstrup einu hnefahöggi aðfaranótt 13. nóvember síðastliðinn, með þeim afleiðingum að Tolstrup var úrskurðaður látinn skömmu síðar.

„Mér líður mjög illa vegna fjölskyldu þessa manns og ég er mjög miður mín yfir því sem ég gerði,“ sagði Ramsay, en aðalmeðferð málsins hófst í Héraðsdómi Reykjaness í gærmorgun.

Að sögn Ramsays voru málsatvik þau að hann og kona hans voru á skemmtistað í Keflavík ásamt félögum Ramsay í knattspyrnudeild Keflavíkur, þegar Tolstrup hóf að áreita konu Ramsays. Þarið yfirgaf þá staðinn og fór á skemmtistaðinn Traffic. Tolstrup birtist svo þar og hélt áreiti sínu áfram og Ramsay sagðist hafa reiðst snögglega eftir að kunningjakona hans benti honum á athæfi Tolstrups.

Hann snaraðist að Dananum og sló hann einu hnefahöggi á hægri kjálka.

„Ég varð svo reiður vegna þess að þessi maður vissi að ég var með konunni minni,“ sagði Ramsay í gær. „Ég er alls ekki sáttur við það sem gerðist.“

Eftir höggið yfirgaf Ramsay



**FYRIR DÓMI** Scott Ramsay, knattspyrnumaður í liði Keflavíkur, er ákærður fyrir líkamsárás sem leiddi til dauða danska hermanning. Aðalmeðferð málsins hófst í Héraðsdómi Reykjaness í gærmorgun.

staðinn og hélt heim ásamt konu sinni. Hann sagðist hafa verið kominn í skó og verið á leið á lögreglustöðina til þess að gefa sig fram þegar lögreglan sótti hann.

Bæði Tolstrup og Ramsay voru undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Vitni staðfestu framburð Ramsays, sem sagði Ásgeiri Jóns-

syni, verjanda sínum, að hann hefði ekki getað fengið sig til þess að leika knattspyrnu síðan, því honum fundist það of léttvægur leikur miðað við alvarleika gjörða sinna.

Jafnframt sögðu vitni þessa framkomu vera mjög ólíka þeirri sem Ramsay sýndi yfirleitt.

Þó ekki sé algengt að fólk látist

við eitt hnefahögg er það síður en svo óþekkt fyrirbrigði og allir áverkar á Tolstrup bentu til að þetta eina hnefahögg hefði orsakað dauða hans, sagði Þóra Steffensen réttarmeinafræðingur.

Dómsúrskurðar er að vænta innan þriggja vikna.

smk@frettabladid.is

**hollusta í hádeginu**

Salatbox\* + ískaldur kristall 399 kr. \* stærð eitt

ferskt og frískandi

1011 ...þegar þér hentar



**FORSÆTISRÁÐHERRA DANA** Ekki allir múslimar jafnhrífir af vinnubrögðum ráðherrans.

Forsætisráðherra Dana boðar múslimi á fund:

## Nokkrir mættu ekki í mótmælaskyni

**DANMÖRK** Þrjú af 22 fulltrúum múslima í Danmörku sem Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra bauð til fundar við sig í fyrradag afþökkuðu boðið. Markmiðið með fundinum var að ræða hvaða leið skyldi fara til að forðast myndun öfgatrúarhópa múslima í landinu í ljósi hryðjuverkanna í London síðastliðið sumar.

Einn hinna þriggja, Kamal Qurashi, þingmaður Sósíalíska þjóðarflokksins, segir greinilegt að fundurinn hafi verið hluti af pólitískum áróðri forsætisráðherra. Annar þingmaður sem

einnig var boðaður til fundarins sagðist afþakka boðið þar sem honum þætti óviðeigandi að aðeins þingmenn með íslamskan bakgrunn hefðu verið boðaðir. Hann hefði frekar viljað sjá þingmenn frá öllum flokkum á fundinum. Forsætisráðherrann var einnig gagnrýndur fyrir að hafa boðið fulltrúum lítilla öfgahópa þar sem þeir fengu með setu sinni á fundinum sterkari stöðu í samfélagi múslima. Anders Fogh sagðist ánægður með fundinn og mun á næstunni heimsækja söfnuði múslima og moskur.

- ks

# Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

**Dagana 23.-25. september  
afnemun við VSK af öllum  
fatnaði í verslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Skemmitilegast að versla*



Haustrmarkaður  
**Síðustu**  
dagar

Nýjar vörur  
daglega

Haustrmarkaðnum  
lýkur á sunnudag.



**Pallaolía 3 ltr.**  
Ýmsir litir  
7049133/23/37



Verð frá  
**1.000 m<sup>2</sup>**  
Flísar í miklu úrvali.  
7049133/23/37



Skjólveggir og timburvörur á gámaverði

Allt að  
**80%**  
afsláttur

**Opið í dag frá 13-18**  
**Laugardag 10-17**  
**Sunnudag 11-17**

**3 gámar**  
allt á að seljast

**Gámaverð**  
á Speglum

**Gámaverð**  
á markísum

**Gámaverð**  
á Eldhúsvöskum

**1.000**



**Hjólahjálmar**  
Viðurkenndir!

einnig til með endurskini verð 1.500 kr.

# Gámasala...

3 fullir gámar af völdum vörum  
allt á að seljast.

Skútuvogi 8 (fyrrum aðsetri Landflutninga).



OPIÐ VIRKA DAGA

**13-18**

LAUGARDAGA

10-17

SUNNUDAGA

11-17



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál



**ÍTÖLSK LÖGREGLA Á OKTOBERFEST** Vegna þess hve Ítalir eru fjölmennir í hópi gesta á hinn árlegu bjórhátíð í München, Oktoberfest, eru mættir þangað ítalskir lög-  
regluþjórnar, þýskum kollegum sínum til fulltingis.

Starfsfólk vantar á Vestfjörðum:

## Þriggja mánaða bið eftir verkafólki

**ATVINNUMÁL** „Hér er nóg að gera; það vantar bara fólk til vinnu,“ segir Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði. Hann segir að seinlega gangi að fá erlent fólk til starfa þar sem ganga þurfi úr skugga um að þeir sem eru atvinnulausir í Vesturbyggð vilji ekki þiggja störfin áður en erlendir verkamenn eru ráðnir.

Sigurður segir að það taki þrjá mánuði að fá þá til starfa. „Þetta er alltof seint og það þarf að breyta lögunum,“ bætir hann við.

Daðey Einarssdóttir, fjármála-  
stjóri rækjuvinnslunar Bakka-  
víkur á Bolungarvík, tekur í sama streng. „Við þurftum í eitt skiptið að biða eftir svari frá Vinnumálastofnun í þrjá mánuði og loksins þegar það kom var það neikvætt. Þetta er mjög bagalegt því þegar vantar vinnuafli í þessari grein þá þarf að bjarga því fljótt því veltan er hröð,“ segir hún.

Ekki er einungis skortur á verkamönnum á Vestfjörðum því samkvæmt samantekt sem blaðið




**PATREKSFJÖRÐUR** Viða á Vestfjörðum kvarta atvinnurekendur yfir því hve seinlega gengur að fá leyfi fyrir erlenda verkamenn.

Bæjarins besta gerði fyrir skömmu vantar 15-20 starfsmenn

í opinber störf á norðanverðum Vestfjörðum.

- jse

www.visindi2005.is



11001111010011

Vísindin snerta þig

# Vísindada Vaka

**Opið hús!** Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
Föstudaginn 23. september frá kl. 17:30 til 21:00

**Kukkan 18:00**  
kveikjum við síðan á grillinu úti í porti og bjóðum öllum upp á pylsur, djús og kaffi, svo enginn þurfi að flýta sér heim í kvöldmat.

Allir velkomnir!

Hversu stórum jarðskjálfta getur þú valdið?

Hvernig verður sprengigöng til?

Á eftir að fatta eitthvað?

Geta blindir notað tölvu?

Hvað er að gerast ofaní sjónum?

Er hægt að spila EVE Online í lófátölvum?

Hvað er að vera alveg kexruglaður?

Þátttakendur í Vísindavöku 2005 eru:

Blóðbankinn - LSH • Hafrannsóknastofnunin • Háskóli Íslands  
Háskólinn í Reykjavík • Hex hugbúnaður ehf. • Hjartavernd • Iðntæknistofnun  
Landspítali háskólasjúkrahús • Landbúnaðarháskóli Íslands • Marel hf.  
Orf líftækni ehf. • Orkustofnun • Stjörnu-Oddi ehf. • Veðurstofa Íslands  
Vísindavefur H.Í. • Össur hf. • Lifandi vísindi • Vísindaveröld í Húsdýragarðinum



RANNÍS



Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

515 6100 | SYN.JS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:  
EINN MÁNUÐUR FRÍTT // SÝN PLÚS FRÍTT // 10 ERLENDAR SPOTRÁSIR FRÍTT\*  
VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI \*Sýn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Island

**SÝN**  
besta sætið

ALLIR LEIKIRNIR SEM  
SKIPTA MÁLI  
Í BEINNI Á SÝN



## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR Á GATNAMÓTUM** Allharður árekstur tveggja bíla varð á mótum Dragháls og Bitruháls í Reykjavík rétt um hádegisbilið í gær. Að sögn lögreglu í Reykjavík var sjúkrahúsið sendur á vettvang en þó virðist sem fólk hafi sloppið að mestu án meiðsla.

**TONY BLAIR** Rifkind vill að Blair segi af sér.

Rifkind um Íraksstríðið:

## Krefst afsagnar Tonys Blair

**LUNDÚNIR. AP** „Innrásin í Írak var meiri voðaákvörðun en Víetnamstríðið. Ásakanir um gjöreyðing-  
arvopn í Írak hafa reynst falskar og Tony Blair ætti að segja af sér,“ segir Malcolm Rifkind, fyrrverandi utanríkisráðherra Breta.

Rifkind er nú eitt formannsefna breska Íhaldsflokksins. Hann stakk þó ekki upp á að kalla herinn heim frá Írak. „Nú erum við í þeirri stöðu að geta ekki farið heim, það gæti kallað enn meiri þjáningar yfir írösku þjóðina,“ segir Rifkind. ■



**KÓRAHVERFI Í SMÍÐUM** Svona leit byggingasvæði Kórahverfis út í vor, en lögregla hefur þar viðbúnað vegna innbrotahrinu í nýbyggingar og vinnuskúra.

Nýbyggingar í Kópavogi:

## Brugðist við innbrotum

**LÖGREGLA** Lögregla í Kópavogi hefur tekið upp sérstakt eftirlit í Hvarfa- og Kórahverfi vegna hrinu innbrotu í nýbyggingar og vinnuskúra þar að undanfögnu. „Talsverðum verðmætum hefur verið stolið, aðallega verkfærum,“ segir Friðrik S. Björgvins-  
son yfirlögreluþjónn.

Lögregla hvetur húsbýggjendur, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til að ganga eins tryggilega og unnt er frá nýbyggingum og vinnuskúrum, sem og verkfærum sem nauðsynlegt er að geyma á byggingarstað. Þá eru íbúar hvattir til að fylgjast með mannaferðum, sérstaklega að næturlagi, og tilkynna til lögreglu þyki þær grunsamlegar.

- óká



# MAGNAÐUR



*Pú hefur aldrei séð neitt þessu líkt!*

**NÝR**

## SUBARU **B9 TRIBECA**

Subaru Tribeca er metnaðarfyllsti – og kannski besti – bíll sem Subaru hefur þróað til þessa. Tribeca er 7 manna sportjeppi, búinn 3,0 lítra Boxer vél og Subaru aldrifi sem skila 250 hestöflum og einstökum aksturseiginleikum. Hann er með rafdrifinni sóllúgu og leðurinnréttingu. Hann er öðruvísi en allt annað á markaðnum, keppir við þá bestu en kostar mun minna. Hann er einfaldlega magnaður.

SJÁLFSKIPTUR **VERÐ 4.750.000 kr.**  
7 MANNA

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a  
800 Selfossi  
482-3100

Eyjarlandi 1  
530 Hvammstanga  
451-2230

Sæmundargötu 3  
550 Sauðárkróki  
453-5141

Holtsgötu 52  
260 Njarðvík  
421-8808

Dalbraut 2b  
300 Akranesi  
431-1376

Vikurbraut 4  
780 Höfn í Hornafirði  
478-1990

Búðareyri 33  
730 Reyðarfjörður  
474-1453

Sindragötu 3  
400 Ísafjörður  
456-4540

Óseyri 5  
603 Akureyri  
461-2960

## „ORÐRÉTT“

Lífið er fótbolti

„Þetta varð hörku vítaspyrnu-keppni að lokum.“

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON, BANKARÁÐSFORMADUR LANDS-BANKANS, Í FRÉTTABLAÐINU UM LOKASPRETT SAMKEPPNINNAR UM HÖNNUN, BYGGINGU OG REKSTUR TÓNLISTARHÚSS VIÐ REYKJAVÍKUR-HÖFN.

En óeirðir samt

„Það hafa ekki verið neitt miklar óeirðir í þessum réttum hingað til en þetta er nokkuð stór skemmtun.“

RÍKARÐUR MÁSSON, SÝSLUMADUR Á SUÐARÁKRÓKI UM ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ VÍKINGASVEIT LÖGREGL-UNNAR VERÐUR Í LAUFSKÁLARÉTT UM HELGINA. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær  
**tilveran**

## SJÓNARHÓLL

FYRIRHUGAÐ TÓNLISTARHÚS



BENEDIKT S. LAFLEUR

## Fallegt

Í fyrradag var tillaga Portushópsins um fyrirhugað tónlistarhús kynnt, en hópurinn bar sigur úr þytum í hugmynda-samkeppni um hönnun húsin.

„Þetta er fallegt hús og fljótt á lítið virðist þetta metnaðarfullt verk sem myndi gerbreyta landslagi Reykjavíkur og sennilega færa skipulag miðborgarinnar í rétta átt,“ segir Benedikt S. Lafleur rithöfundur.

Benedikt hefur sterkar skoðanir á skipulagi miðborgarinnar og segir tónlistarhús verða lykilinn að því. Þess vegna setur hann spurningarmerki við kostnaðinn og spyr hvort ekki hefði verið rétt að leggja meiri pening í heildstætt skipulag miðbæjarins. „Húsið er mjög íbúðarmikið og kannski hefði átt að leggja meiri áherslu á að það myndi falla inn í fallega götumynd sem yrði endurskipulögð. En hver veit, kannski mun húsið setja viðmið og hvetja menn til að leggja meiri metnað í önnur fram-tíðarverkefni. En vinnutillögurnar eru í rétta átt.“

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

## Miklu skemmtilegra í vinnunni en áður

„Það er allt nokkuð gott að fréttu frá mínum vígstöðvum,“ segir Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

„Við eigum því láni að fagna að hafa stýtt biðlista eftir heyrnartækjum úr þrettán mánuðum niður í átta vikur á innan við tveimur árum og erum afar stolt af því.“ Guðrún segir ýmislegt hafa orðið til að biðlistarnir stýttust; fjármunir frá ríkinu hafi aukist, einstaklingar greiði aðeins meira fyrir tækin og og tekið hafi verið til í rekstrinum og hann endurskipulagður. „Fyrir vikið eru viðskiptavinir okkar mun ánægðari og jákvæðari og það er miklu skemmtilegra í vinnunni en áður, þótt auðvitað séu alltaf einhverjir inn á milli sem eru ekki fyllilega ánægðir, svona eins og gengur og gerist.“

Þá segir Guðrún að nú standi til að gera skurk í talmeinum. „Hingað til hefur áherslan verið á heyrn en nú ætlum við að fara að gefa talmeinum meiri gaum.“ Af sjálfri sér segir Guðrún líka góðar fréttir. „Ég er í svaka líkamsræktaráttaki í Sporhúsinu sem heitir Þrekaun. Þetta er fimmtán manna hópur sem mætir sex sinnum í viku eldsnemma á morgnana og á átta vikum ætlum við að koma okkur í toppform. Nú þegar á þriðju viku finn ég mikinn mun. Ég býst við að verða sem tvítug á ný áður en langt um líður,“ segir hún og hlær. Lífið leikur sem sagt við Guðrúnu þessa dagana og hún hefur yfir engu á kvar-ta. „En ef þú gætir komið hitastiginu aðeins upp og lengt sumarið yrði ég þakklát.“



## Skipting Burðaráss var jákvæð

Ingimar Ísak Bjargarson er þrettán ára nemi í Laugarlækjaskóla. Auk þess að spila íshokki, æfa sig á gítar og leika sér með fjarstýrða bíl-inn sinn fylgist hann með gengi hlutabréfa í Landsbankanum og Straumi.

Ingimar Ísak Bjargarson sat fund Burðaráss í síðustu viku þar sem tillaga um uppskiptingu félagsins milli Landsbanka og Straums var borin upp til atkvæða. Hann kaus með tillögunni og segir hluthafa græða á að skipta félaginu upp og styrkja þar með Landsbankann og Straum.

Ingimar Ísak vakti nokkra athygli annarra fundarmanna enda talsvert yngri en þeir og einn fárra karlkynsgesta sem ekki báru hálsbindi. Mynd af honum á fundinum birtist á forsíðu Fréttablaðsins á föstudag.

„Ég fór á fundinn til að taka þátt í að ákveða hvað yrði um Burðarás og sjá hvernig væri að sitja svona fund,“ segir Ingimar sem átt hefur hlutabréf í tvö ár. Frændi hans, Ingimar Kjartansson í Gæðamold í Gufunesi, gaf honum



FRÁ HLUTHAFAFUNDI BURÐARÁSS Ingimar segir bankastjórn og fjárfesta vera eins og hvert annað fólk. Myndin birtist á forsíðu Fréttablaðsins á föstudaginn fyrir viku og vakti mikla athygli enda þrettán ára strákar sjaldséðir á hluthafafundum stórfyrirtækja.

bréf í Eimskipafélaginu. Sú eign varð að bréfum í Burðarási sem nú hefur breyst í hlutabréf í Landsbankanum og Straumi.

Ingimar fylgist með fréttum af gangi fyrirtækjanna og list vel á þróun mála enda hefur gengi bréfa hans hækkað.

Hann lætur vel af stórmönnum viðskiptalífsins sem sátu með honum fundinn í síðustu viku og segir bankastjóra og fjárfesta eins og hvert annað fólk. Talmáflóðið var þó talsvert og Ingimar

reynir hvað hann getur til að lesa rétt úr tölunum. Gangi það ekki leitar hann sér aðstoðar. „Ef ég skil þetta ekki fæ ég frænda minn til að þýða þetta yfir á mann-mál.“

Ingimar er duglegur ungur maður og í sumar vann hann frá átta til fjögur við bílþrif á bíla-leigu hjá afa sínum. Hýran var lögð inn í Landsbankann.

Ingimar byrjaði í áttunda bekk í Laugalækjarskóla í haust og lætur vel af skólanum.

Og þrátt fyrir fylgjast með hlutabréfamarkaðnum ver hann frístundum sínum með svipuðum hætti og jafnaldrar hans. „Ég hef verið í íshokki, er að byrja að æfa á gítar og svo hef ég gaman af fjarstýrða bensínbílnum mínum,“ segir hann og klappar kettinum sínum Þjakkí sem þrátt fyrir að fylgjast vel með eiganda sínum veit sjálfsagt lítið um gengi hlutabréfa í Landsbankanum og Straumi.

bjorn@frettabladid.is

# DV

Baltasarhjólin neita að borga í lífeyrissjóð

## ÆTLA AÐ SJÁ UM SIG SJALF Í ELLINNI



Þeir þegar aðrir þegja!



SOPHUS KLEIN Hvetur íbúðalánasjóð til að merkja húsið sem hann er í.

Sophus Klein er ósáttur vegna merkingarleysis:

## Fann ekki Íbúðalánasjóð

„Ég ók fram og til baka um Borgartúnið og marga hringi kringum hringtorgin tvö,“ segir Sophus Klein Jóhannsson, sem átti erindi í Íbúðalánasjóð á dögnum. Lengi vel leit út fyrir að Sophus fær erindisleysu því honum gekk ómögulega að finna skrifstofur sjóðsins en um það bil þegar þolinmæði og tíma hans voru að þrjú rataði hann á réttan stað.

Skrifstofur Íbúðalánasjóðs eru í húsi sem nefnt er Höfðaborg og stendur við Borgartún 21. Þar er

einnig fjöldi annarra ríkisstofnana, til dæmis Fasteignamatíð, Lánasýslan, Barnaverndarstofa, Neytendastofa og Ríkissáttasemjari.

Ekkert utan á húsinu gefur til kynna hvað fram fer innandyra og við það er Sophus Klein ósáttur. „Það ætti að setja upp skilti eða fána svo maður viti í hvaða húsi Íbúðalánasjóður er,“ segir hann og er þeirri ábendingu hér með komið á framfæri við forsvarsmenn sjóðsins.

- bps



VIRÐULEGUR Locke ætlar að láta mála líkama sinn og hlaupa nakinn um götur.

Undarlegt kosningaloforð:

Stjórnma-  
maður striplast

Það standa ekki allir jafn vel við kosningaloforð eins og einn ágætur stjórnmalamaður í Wellington á Nýja-Sjálandi. Keith Locke hét því fyrir kosningar að hann myndi hlaupa nakinn um götur ef andstæðingur hans í stjórnmalum, Rodney Hide, ynni þingsæti í Epsom, úthverfi í Auckland. Hide hins vegar sigraði í kosningunum með tölverðum yfirburðum og nú sér Locke sér þann einan kost færan að standa við stóru orðin.

Hann hefur ekki ákveðið dagsetningu á sprellinu en stefnir þó á að gera þetta með stæl. „Þetta verður listrænt,“ sagði Locke við fjölmiðla, en hann ætlar að láta mála líkama sinn fyrir hlaupið.

Nokkrir viðskiptamenn hafa séð sér leik á borði og ætla að greiða leið stjórnmalamannsins í þessari þraut. Þegar Locke tekur ákvörðun um dagsetningu munu þeir sjá um að vara viðkvæma við, gera yfirvöldum viðvart og sjá til þess að nauðsynleg lendaklæði verði við hendina í lok hlaups. - sgi

# Allt mögulegt til í Nettó

## og verðið lokkar



Nýveiddur humar!  
500gr. pokar

Hvergi  
betra verði!



Þú sparar  
659 kr/kg

**40%**  
afsláttur við kassa

Ofnsteik með rauðvínsblæ  
Merkt verð kr. 1648,-



**50%**  
afsláttur við kassa

Dönsk grísarborgsteik  
Merkt verð kr. 799,-



**199**  
kr/stk  
Sólburkaðir tómatar



Þú sparar  
639 kr/kg

**40%**  
afsláttur við kassa

Gourmet léttreyktar hunangs grísakótleitur  
Merkt verð kr. 1598,-



**172**  
kr/pk

Mýluhvítlaufsbrauð fin og gróf



**299**  
kr/pk  
Piccolinis pizzur



**199**  
kr/pk  
Focaccini smápizzur



Kalkúnastrimlar

Old El Paso  
tortilla kökur  
fylgja fritt með



með  
vanillu



með  
perum



með  
jarða rberjum

**nýtt  
bragð!**

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími frá 22. sept til 25. sept eða meðan birgðir endast.


Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## SVONA ERUM VIÐ

Íslendingar í námi erlendis

Heimild: HAGSTOFA ÍSLANDS



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: BORÐSPILIÐ CATAN

## Eitt vinsælasta borðspil allra tíma

Á morgun verður í þriðja skipti haldið Íslandsmeistaramót í borðspilinu Landnemar Catan. Um níutíu manns kepptu í fyrra en búist er við enn fleiri keppendum í ár.

## Hvernig er spilað?

Reitum spilsins er raðað upp með handahófskenndum hætti og mynda eyju. Hver gerð af reit gefur af sér ákveðna auðlind sem leikmenn þurfa til að byggja vegi, bæi og borgir. Sérstaða spilsins er fólgin í viðskiptum sem leikmenn þurfa að eiga sín á milli með auðlindirnar meðan þeir keppta hvor við annan. Stig eru gefin fyrir uppbyggingu í leiknum og sá sigur sem er fyrstur til að fá tíu stig. Reglur leiksins eru mjög einfaldar og fljótlærðar, en leikurinn sjálfur getur verið margbrottinn og krefjandi og sennilega skýrir það miklar vinsældir spilsins.

## Hve vinsælt er Catan?

Vinsældir spilsins ná langt út fyrir Evrópu, en það er þýskt að uppruna. Reglurnar hafa verið þýddar á tuttugu tungumál, þar á meðal japönsku og kóresku. Það hefur einnig verið þýtt á portúgölsku og hefur selst töluvert í Brasilíu. Auk upphaflega borðspilsins er hægt að kaupa viðbætur við spilið og þá er líka hægt að spila Catan á netinu á þó nokkrum vefsvæðum.

## Er Catan byggt á Íslandi?

Höfundur spilsins, Claus Teuber, hefur sagt frá því í viðtölum að hann hafi alltaf hrifist af vikingum og ferðalögum þeirra á hafinu, og að landnám þeirra á Íslandi hafi veitt honum innblástur við hönnun spilsins. Þar hafi vikingarnir reynt að byggja upp nýtt og betra samfélag þar sem lýðræðislegar leikreglur voru viðhafðar.



Það endurspeglast ef til vill í reglum leiksins þar sem leikmennirnir byggja upp í keppni hver við annan en eiga á sama tíma í viðskiptum sín á milli og ráðast ekki með herliði hver á annan.

SPURT & SVARÐ  
FRÍÐAGUR BÍLSINS

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON  
Formaður umhverfisráðs  
Reykjavíkurborgar.

Borgum og hverfum  
lokað fyrir umferð

Frídagur bílsins var í Reykjavík í gær, sem hluti af Samgönguviku 2005. Af því tilefni voru borgarbúar hvattir til að gefa bílnum frí í einn dag og kynna sér og nýta aðra samgönguhætti eins og hjól, strætisvagna eða að ganga.

## Dugar Frídagur bílsins til að hvetja borgarbúa til að skilja bílinn eftir heima?

Ég held að hann virki fyrst og fremst sem hvatning til fólks til að velta fyrir sér áhrifum þess hvernig við ferðumst og vekja fólk til vitundar.

## Hefur þú séð merki þess að fólk skilji bílinn eftir heima?

Ég hef ekki notað bílinn í dag, en auðvitað sér maður kannski ekki mikinn mun frá degi til dags. Því miður höfum við ekki verið viðbúin til að fara í róttækar aðgerðir eins og annars staðar í Evrópu og loka götum eða heilum hverfum.

## Hvernig hefur Frídagur bílsins virkað í öðrum evrópskum borgum?

Um 1.300 evrópskar borgir taka þátt í verkefninu og í langflestum þeirra er um einhverjar takmarkanir umferðar að ræða. Til að mynda í Brussel, sem hélt sinn dag á sunnudag var borginni lokað fyrir bílaumferð og þar voru lögreglumenn sem lokuðu þjóðbrautum fyrir umferð inn í borgina.

## Bylting á útliti borgarinnar

Á miðvikudag kynnti Austurhöfn-TR ehf. niðurstöður útboðsferlis um tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og hótél við Austurhöfnina í Reykjavík. Hér er um gagnngerar breytingar á Norðurkvosinni að ræða, ekki aðeins fyrir tónleika- og ráðstefnugesti heldur fyrir útlit miðborgarinnar í heild sinni.

„Þetta verða meiriháttar breytingar á öllu svæðinu frá Austurbakkanum og að Lækjartorgi,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi. Dagur situr í stýrihóp um skipulag í tengslum við byggingu tónlistarhúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels við Austurhöfnina í Reykjavík. „Við gerum ráð fyrir að þarna verði lifandi svæði með mikum möguleikum,“ segir Dagur. Hann segir borgina eignast með þessu tvö ný torg. „Lækjartorg gengur nú vonandi endanlega í endurnýjun lifdaga og svo er það hið nýja Reykjartorg ásamt Reykjagötu,“ segir Dagur.

Deiliskipulag svæðisins er ekki endanlega frágengið en Reykjavíkurborg hefur undirgengist vinnu við skipulag sem byggir í öllum aðalatriðum á vinningstillögunni.

## Reykjagata og Reykjartorg

Tillaga Portus Group gerir ráð fyrir göngugötu frá Lækjartorgi að tónlistarhúsinu. Göngugatan verður úr

glærsteini og hleypir dagsljósi niður í bílakjallara, en ljós úr kjallaranum lýsir upp göngugötuna að kvöldi. Fyrir utan þá aðstöðu hússins sem þegar hefur verið kynnt, verður þar að finna kaffihús á jarðhæð þar sem nýja göngugatan tengist húsinu. Á jarðhæðinni verður einnig verslun með tónlist, bækur og minjagrip. Í norðvesturhluta fjórðu hæðar er gert ráð fyrir veitingastað en þaðan er útsýni út á Faxalóa til Snæfellsjökuls. Þessu til viðbótar verður byggt torg sem kallað verður Reykjartorg. Það er hugsað sem „vatnstorg“ með litlum eyjum. Í eyjunum verða kaffihús og veitingastaðir og í sumum þeirra verða heilsulindir sem tilheyrja væntanlegu hóteli.

## Listaháskóli og Landsbanki

Gert er ráð fyrir að Landsbanki Íslands byggi höfuðstöðvar sínar í hinu nýja hverfi sem þarna mun rísa. Sigurður Einarsson hjá ráðgjafarfyrirtækinu Batteríinu ehf.



**BREYTINGAR Á NORÐURKVOSINNI** Á þessu korti má sjá hvernig gert er ráð fyrir nýjum byggingum alveg frá tónlistarhúsinu og inn að Lækjartorgi. Landsbankinn kemur til með að hafa höfuðstöðvar á svæðinu og möguleiki er fyrir hendi að Listaháskóli Íslands verði þarna til húsa.

segir að í hönnuninni sé einnig gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þá verði verslunar- og þjónusturými meðfram allri Reykjagötunni. „Þarna verður byggt hús sem mun standa Listaháskóla Íslands til boða,“ segir Sigurður.

„Þessi reitur hefur verið efstur á blaði hjá Listaháskólanum, en hann er sjálfseignarstofnun og stjórn hans ræður þannig hvaða kostur verður fyrir valinu,“ segir Dagur Eggertsson.

## Faxaskáli og bensinstöðin víkja

Vinningstillagan gerir nánast ráð fyrir nýju hverfi á svæðinu frá tónlistarhúsinu að Lækjartorgi. Nokkur hús sem þarna standa þurfa að

víkja. „Hugmyndin gerir ráð fyrir að Faxaskáli, húsnæði Brokeyjar – Siglingafélags Reykjavíkur og bensinstöð Esso þurfi að fara. Einnig stendur til að hið svokallaða Simsen hús verði flutt. Við höfum lagt til að biðskýlið á Lækjartorgi verði tekið, en það er þó ekki nauðsynlegur hluti af áætluninni,“ segir Sigurður Einarsson.

„Við eigum von á farsælli lausn,“ segir Jón Búi Guðlaugsson, stjórnarmaður í Brokey. „Vissulega er málið í ákveðnu uppnámi og við þrýstum á að fá að halda félagsstarfi okkar við gömlu höfnina,“ bætir Jón Búi við. Hann kveðst ekki eiga von á öðru en að jákvæð niðurstaða náist.



TÓNLEIKASALURINN Stóri tónleikasalurinn kemur til með að rúma 1800 gesti.

Bygging tónlistarhúss við Austurhöfnina:

## Dapurleg niðurstaða fyrir Óperuna

**TÓNLISTARHÚS** „Það er viðbúið að þetta verði mjög glæsileg bygging og hún mun nýtast til margra góðra verka,“ segir Bjarni Daníelsson, óperustjóri Íslensku óperunnar. „Það er hins vegar ótrúlega dapurleg niðurstaða fyrir Íslensku óperuna að ekki sé gert ráð fyrir henni þegar svona veglega er byggt,“ bætir Bjarni við. Að sögn hans hefur stjórnendum Óperunnar verið kynnt áform um byggingu tónlistarhúss en aldrei verið gert ráð fyrir því að Óperan ætti athvarf í hinu nýja húsi. Einu lausnirnar sem viðráðar hafi verið í tengslum við Óperuna séu þær hugmyndir sem Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi kynnti um að byggja þar nýtt tónlistarhús.

Gunnar reid á vaðið í vor með hugmyndum um að byggja tónlist-



**BJARNI DANÍELSSON ÓPERUSTJÓRI** Bjarni segir það dapurlegt fyrir Íslensku óperuna að ekki hafi verið gert ráð fyrir henni í þetta veglegri framkvæmd.

arhús í Kópavogi, sem fyrst og síðast yrði hugsað sem húsnæði fyrir Íslensku óperuna. Hann vonast eftir því að fá Óperuna flutta í Kópavoginn.



FRÉTTASKÝRING  
SIGTRYGGUR ARI JÓHANSSON  
saj@frettabladid.is

Sýningum að ljúka!

Íslensku Óperan

Miðasala þjóðleikhússins:  
Sími 551-1200  
www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ







# ALVÖRU HUMAR & ANNAÐ GIRNILEGT FISKMETI BEINT Á GRILLIÐ



ERTU Á LEIÐINI AUSTUR FYRIR FJALL  
Í BÚSTAÐINN EÐA ÚTILEGUNA?

Í VERSLUNARMÍÐSTÖÐINI SUNNUMÖRK VIÐ ÞJÓÐVEG NR. 1




SUNNUMÖRK 2  
810 HVERAGERÐI  
SIMI 483 3206



## OPNUNARTÍMI

MÁNUD. - FIMMTUD..... 11:00 - 18:30  
FÖSTUDAGA..... 11:00 - 19:30  
LAUGARDAGA..... 12:00 - 16:00

Hreinsað úr  
íslensku vatni  
án aukaeftna



# Hollt & Gott

Hafðu það gott  
Hafðu það Hollt & Gott



# Þjóð lifir ef menning hennar lifir

Þjóðminjasafn Afganistans í Kabúl var endur-  
opnað á síðasta ári af  
Hamid Karzai, forseta  
landsins. Safnið var fyrst  
opnað árið 1919 og var  
meðal merkustu safna  
heims. Það var rænt og  
eyðilagt í borgarastríðinu  
í Afganistan og síðar ógn-  
aði stjórn talibana tilvist  
safnsins. Steinar Þór  
Sveinsson hitti dr. Omara  
Khan Masoudi, forstöðu-  
mann safnsins, að máli.

Í þúsundir ára lágu verslunar-  
leiðir milli Írans, Indlands og  
Mið-Asíu um Afganistan. Hin  
fræga silkileið lá þvert í gegnum  
Afganistan. Menningarsaga  
Afganistans er því löng og í land-  
inu hefur mikið fundist af ómet-  
anlegum forngrípum. Sovétmenn  
réðust inn í Afganistan 1979 en  
létu þjóðminjasafnið í friði. Það  
var í borgarastríðinu sem geisadi  
eftir brotthvarf Sovétmanna sem  
myrkur færðist yfir menningar-  
sögu Afganistans.

## Safnið rænt og eyðilagt

„Áður var þjóðminjasafnið eitt af  
merkilegustu söfnum heims og  
hér voru geymdir um 100.000  
fornmunir,“ segir dr. Masoudi. „Í  
borgarastríðinu lá víglínan í Kab-  
úl einmitt þar sem safnið stendur  
og hér var mikið barist. Árið 1993  
lenti sprengja á byggingunni og  
margir munir skemmdust. Byg-  
gingin hélt í kjölfarið hvorki vatni  
né vindum og munir skemmdust  
vegna raka. Stríðsherrarnir skipt-  
ust á um að ráða yfir svæðinu sem  
safnið stendur á og rændu næst-  
um öllum verðmætum.“

## baksvið

fréttir og fróðleikur

Um 70.000 munum, eða um  
70% af þeim munum sem varð-  
veittir voru í safninu, var rænt í  
borgarastríðinu. Mikið af þessum  
munum var flutt um Khyber-  
skarðið til borgarinnar Peshawar  
í Pakistan sem lengi hefur verið  
miðstöð ólöglegrar verslunar með  
afganska fornmuni. Þjófarnir  
tóku ekki hvað sem var úr safninu  
heldur þá muni sem voru verð-  
mætastir en jafnframt auðseljan-  
legastir. Fornmunirnir voru seldir  
um allan heim, sérstaklega til  
Evrópu, Bandaríkjanna og Asíu.  
Ríkis safnarar keyptu munina en  
einnig söfn og ríkisstjórnir.  
Þjófarnir gátu hagnast vel á sölu  
þessara muna, til að mynda var  
fornt Búddalíkneski selt til  
Bandaríkjanna fyrir 50 milljón  
dollara árið 1999.



FRÁ BAMIYAN Ómetanleg menningarverðmæti fóru forgörðum þegar talibanastjórnin í Afganistan lét eyðileggja Búddalíkneskin í Bamiyan.

## Úr öskunni í eldinn

Raunasögu þjóðminjasafnsins lauk  
ekki þegar borgarastríðið endaði.  
Talibanar tóku Kabúl á sitt vald  
árið 1996 og innleiddu stranga túlk-  
un sína á Kóraninum. Árið 2001 gaf



Dr. Masoudi stendur við stöpul með ein-  
kennisorðum þjóðminjasafnsins: Þjóð lifir  
ef menning hennar lifir.

leiðtogi talibana út þá tilskipun að  
allur stytur í Afganistan skyldu  
eyðilagðar til þess að koma í veg  
fyrir skurðgoðadýrkun. Frægasta  
dæmið er þegar tvær risastórar  
Búddastyttur í Bamiyan-héraði  
voru eyðilagðar en þær voru að  
minnsta kosti 1.500 ára. Þjóðminja-

safnið í Kabúl fór heldur ekki var-  
hluta af trúarofstæki talibana:

„Árið 2000 vorum við búin að  
endurvinnna skrár yfir þá muni sem  
eftir voru í safninu,“ segir dr.  
Masoudi og heldur áfram: „Þegar  
talibanar ákváðu árið 2001 að eyð-  
leggja allar styttur í Afganistan  
komu þeir náttúrulega hingað í safni-  
ð. Ekki var nóg með að þeir  
eyðilögðu stytturnar sem enn voru  
heilar heldur kveiktu þeir í öllum  
ljósmyndum, gögnum og skráum um  
muni safnsins. Þetta hefur gert  
okkur mjög erfitt fyrir með að lýsa  
eftir horfnum munum.“ Dr.  
Masoudi hefur unnið við safnið í 27  
ár og þegar hann er spurður hvernig  
honum hafi líðið þegar talibanar  
unnu skemmdarverk sín færir  
myrkur yfir andlit hans: „Ég gat  
ekki unnið hér lengur, ég hætti og  
fór að selja ávexti á markaðnum.  
Ég byrjaði aftur að vinna hér þegar  
talibanar voru hraktir frá völdum.“

## Menningin er framtíð þjóðarinnar

Einkunnarorð þjóðminjasafnsins  
í Kabúl eru skráð í stein fyrir  
utan það: Þjóð lifir ef menning  
hennar lifir. Borgarastríðið á  
fyrri hluta tíunda áratugarins  
gekk mjög nærri afgönsku þjóð-  
inni. Um 1,5 milljón manns lét líf-  
ið og menningararfur þjóðarinnar  
var eyðilagður eða seldur úr  
landi. „Það er mjög leiðinlegt  
hvernig þetta fór, þetta var dap-  
urlegur tími. En við verðum að  
horfa til framtíðar. Við byrjuðum  
að endurgera byggingu þjóð-  
minjasafnsins árið 2003 og okkur  
hefur tekist að opna það og það er  
líf í því, það er mjög mikilvægt  
segir dr. Masoudi.“

Nú eru um 30.000 munir í varð-  
veislu safnsins, aðeins þrjátíu  
prósent af þeim fjölda muna sem  
var varðveittur í því áður en hild-  
arleikur borgarastríðsins hófst.  
Marga merkustu muna safnsins  
er þó enn saknað. Óvíst er hvar  
þessir munir eru niðurkomnir.  
Það er ljóst að fyrir liggur mikil  
vinna við að endurheimta men-  
ningararf Afganistans. Stórt skref  
hefur þó verið tekið með endur-  
opnun þjóðminjasafnsins í Kabúl.

Steinar Þór Sveinsson



Vel hefur tekist með endurbætur á þjóðminjasafninu sem var í rúst þegar hafist var handa  
árið 2003.



# LÆKKAD VERÐ

## Á VINSÆLUSTU TÖLVULEIKJUNUM

SIMS 2 NIGHTLIFE

2.699kr



BURNOUT REVENGE

5.999kr



God Of War



Incredible Hulk  
Ultimate Destruction



SingStar Pop



Lego Star Wars



Madagascar



Juiced



Fantastic Four



World of Warcraft



Battlefield 2



Championship Manager 5

LÆKKUM VERÐIÐ  
Á VINSÆLUSTU  
TÖLVULEIKJUNUM



LEIKIR



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

600-700 ökutæki fara um Óshlíðarveg á sólarhring og þar hafa oft orðið slys.

## Tryggjum umferðar- öryggi í Óshlíð

Það er undarlegt hvernig stjórnámamenn ákveða stundum fjárframlög til framkvæmda í almannabágu. Stundum er eins og þröng kjördæmasjónarmið ráði þar í einu og öllu og bæði stjórn og stjórnarandstaða fallast í fadma í einstökum málum. Í öðrum málum er eins og þeir sem fara með framkvæmda- og fjárveitingavaldið muni hreinlega ekki eftir því hvar skórinn kreppir eða þá að þeir halda að málin verði þeim ekki til framdráttar á vettvangi stjórnámanna.

Undanfarna daga hafa fjölmiðlar ítrekað skýrt frá hættulegu grjóthruni í Óshlíð á veginn milli Hnifsdals og Bolungarvíkur. Það er mikil mildi að þarna skuli ekki hafa orðið fleiri stórslys á undanförunum árum en raun ber vitni. Þetta vandamál er ekkert

*Á undanförunum árum hafa verið gerðar ýmiss konar endurbætur á veginum um Óshlíð, svo sem með uppsetningu öryggisgirðinga og vegskálum. Það er eins og menn hafi ekki haft dug í sér til að stíga skrefið til fulls með því að þrýsta á um jarðgöng, svo eftir yrði tekið. Nú er það svo að úr Bolungarvík koma tveir öflugir þingmenn úr stjórn og stjórnarandstöðu, auk þess að Óshlíðin er nú í kjördæmi sjálfs samgönguráðherra.*

nýtt af nálinni, því auk þess sem þarna hefur oft hrúnið úr veggstálinu hafa oft fallið snjóflóð á veginn um Óshlíð.

Í Fréttablaðinu í gær var rætt við nokkra Bolvíkinga um ástandið og þar kom fram að aðeins jarðgöng muni leysa þetta vandamál til framtíðar. Jafnframt kom fram að menn virtust ekki á einu máli um hvar göngin ættu að vera, en nokkrir staðir kæmu til greina í þeim efnum. Bolvíkingar og aðrir sem hlut eiga að máli mega auðvitað ekki láta karp um legu ganganna á frumstigi tefja undirbúning og framkvæmdir, þar hljóta að koma til fagleg og fjárhagsleg sjónarmið þeirra sem stjórna vegamálum. Kostnaður er mismunandi mikill eftir því hvaða leið verður valin, en svo virðist við fyrstu sýn sem hann sé langt frá því að vera óyfistig- anlegur, miðað við margar aðrar framkvæmdir sem eru í gangi í þjóðfélaginu. Vöxtunum af innstæðu íslenska ríkisins í Seðlabankanum vegna Símapeninganna væri vel varið í þessa framkvæmd og hefja þarf undirbúning að henni sem allra fyrst.

Talið er að 600 til 700 bílar fari um Óshlíð á hverjum degi miðað við eðlilegar aðstæður. Í skyndikönnun sem gerð var meðal vegfarenda sem fóru um veginn einn dag fyrir rúmu ári sagðist einn þriðji aðspurðra vera óöruggur við akstur um veginn, en tveir þriðju að þeir væru öruggir, eins og það var orðað í niðurstöðum könnunarinnar.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar ýmiss konar endurbætur á veginum um Óshlíð, svo sem með uppsetningu öryggisgirðinga og vegskálum. Það er eins og menn hafi ekki haft dug í sér til að stíga skrefið til fulls með því að þrýsta á um jarðgöng, svo eftir yrði tekið. Nú er það svo að úr Bolungarvík koma tveir öflugir þingmenn úr stjórn og stjórnarandstöðu, auk þess sem Óshlíðin er nú í kjördæmi sjálfs samgönguráðherra.

Í næstu viku er von á stefnumörkun yfirvalda í þessu máli og það er vonandi að þar verði teknar skynsamlegar ákvarðanir og þær verði ekki láttnar bíða von úr viti.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Undir kostnaðarverði

Ritstjóri Morgunblaðsins hefur áhyggjur af því að Bónusverlanirnar leggi svo mikið á sig til að vera ávallt með lægsta vöruverðið að það skaði rekstur fyrirtækisins. Í forvitnilegum pistli í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í gær, sem birtur er undir dulnefni „Innherji“, er fjallað um samkeppni Bónus og Krónunnar undanfarna mánuði og komist að þeirri niðurstöðu að verlanir séu „í mörgum tilvikum að selja vörur langt undir kostnaðarverði“.

#### Mikill herkostnaður

Orðrétt segir „Innherji“ Morgunblaðsins í gær: „Par sem Bónus byggir á því grundvallaratriði að vera alltaf með

lægsta verð og sama verð um land allt má gera ráð fyrir, að verulega aukin viðskipti í Bónusverzlunum í kjölfar verðstríðsins hafi orðið mjög kostnaðarsöm fyrir fyrirtækið og þar með Bausssamsteypuna. Auðvitað hlýtur verðstríðið að hafa kostað sitt fyrir Kaupáskeðjuna en það hefur kostað meira fyrir Bónus og Baug einfaldlega vegna þess, að Bónusverlanir eru miklu fleiri en Krónubúðir...“ Telur „Innherji“ að kostnaður Bónus sé fjórfalt til fimmfalt meiri en Krónunnar. Þá segir „Innherji“ að í upphafi verðstríðsins hafi fæstir haft trú á því að Krónan hefði úthald í samkeppni við Bónus. Annað hafi komið á daginn. Og hann spyr lesendur sína þess-

arar spurningar: „Er hugsanlegt að viðskiptahugmyndin, sem verlanir Baugs hafa byggt á gangi ekki lengur upp?“

#### Einkennileg skrif

Tvennt er athyglisvert við þessi skrif. Annað er, að íslenskar lágvörverlanir séu mánuðum saman að selja vörur sínar langt undir kostnaðarverði. Það passar ekki alveg við fyrri skrif sama blaðs um að vöruverð sé hátt hér á landi vegna fyrirferðar stórra aðila á markaðnum. Hitt er skilningur blaðsins á frjálsum markaði. Er ekki frekar ósennilegt að fyrirtæki muni til lengdar frekar kjósa að fara í þrot en láta vöruverð spegla kostnað og þörf fyrir eðlilegan ágóða?

gm@frettabladid.is



## Kunnuglegt rímnakvæði

Sú ákvörðun Héraðsdóms að vísa frá ákærum í Baugsmálinu er að sjálfsögðu slík stórfrétt að eðlilegt er að um fátt annað sé fjallað í samræðum manna á milli og í fjölmiðlum í marga daga. Málið hefur raunar verið rekið talsvert í fjölmiðlum, sem er skiljanlegt í ljósi þess að hér er að öðrum þræði verið að takast á um mannorð nokkurra helstu viðskiptajöfra landsins og ímynd og viðskiptamöguleika eins stærsta fyrirtækis Íslands. Enda eru upphæðirnar sem lagðar hafa verið undir í þessari rannsókn svo stjarnfræðilegar að venjulegir launamenn eiga erfitt með að átta sig á þeim. Helst að þær standist samjöfnuð við símapeningana margfrægu, sem eiga að fara í að gleðja landsmenn með vinsælum framkvæmdum á næstu árum. Kannski er ráð að bíða með fögnuðinn vegna allra þessara góðu símaperkefna þar til útséð er með Baugsmál og hugsanlegar skaðabætur þeirra vegna?

En frávísun Héraðsdóms hefur haft af okkur málflutning fyrir dómi í bili, sem aftur virðist hafa haft þau sérkennilegu áhrif að málið er nú flutt í fjölmiðlum – af lögreglu, sakborningum og stjórnámálamönnum. Þannig hafa stjórnámálamenn, sem raunar sumir hverjir eru lögfræðimenntaðir líka, rætt málið fram og aftur og ýmist gefið út dánarvottorð yfir málinu eða talið það hafa gengið í endurnýjun lífdaga. Lögreglan, hins vegar, hefur fyrir hönd saksóknara svarað fyrir sig fullum hálsi og þvertekið fyrir að nokkur vottur af áfellsdómi sé í því fallinn að málinu var í heild sinni vís- að frá.

Það má til sanns vegar færa að þetta mál sé um margt sérstakt og tengist stjórnámálum meira og beinna en tíðkast um dómsmál. Stjórnámál eru meira að segja hluti af vörn sumra sakborninganna, sem halda því fram að átök og fjandskapur þáverandi forsætisráðherra hafi ráðið miklu um

starfsaðferðir og ákvarðanir lög- reglu. Átök þessara sömu aflu – Davíðs Oddssonar annars vegar og Baugsfeða hins vegar – hafa verið eins og mansöngur í pólitískum rímnakvæðskap íslenskra stjórnámála síðustu misseri og ár.

#### Í DAG UMRÆÐAN UM FRÁVÍS- UN BAUGSMÁLSINS
Alla tíð hefur Bjarnólfur, sem er fæddur og uppalinn Eyjamaður, þótt harður í horn að taka. Eftir brottrekstur gegn ÍA á KR-vellinum í byrjun júlímánaðar

sagði Bjarnólfur hingað og ekki lengra og fékk ekki gult spjald eftir það í deildarkeppinni. „Þetta er býsna góður árangur þó ég segi sjálfur frá og ég vona að þessi jákvæða þróun haldi áfram. Ég var nokkur ár í Englandi og það voru ákveðin viðbrigði að koma heim á sínum tíma. Þar var meiri harka og djöflagangur,“ sagði Bjarnólfur.

Aðspurður um knattspyrnu hjá KR í sumar sagði Bjarnólfur: „Við spiluðum ekki nógu vel í upphafi og því náðu hvorki ég né aðrir í liðinu að sýna okkar rétta andlit í byrjun. Menn tóku slökku gengi liðsins

persónulega og við brugðumst okkar fyrrum þjálfara [Magnúsi Gylfasyni] og því börðum við okkur saman í lokin og unnum meðal annars fjóra leiki í röð.“

„Ég held að það sé mjög gott fyrir íslenskan fótbolta og gott fyrir KR að fá mann eins og Teit Þórðarson til að taka við þjálfun liðsins. Hann kemur með nýja sýn og mér list mjög vel á þá uppsetningu að hann skuli sjá um þjálfun hjá liðinu sama hvort menn eru sex ára eða þrjátíu og sex ára.

Í lok samtals blaðamanns við Bjarnólf sagði Eyjamaðurinn að það kæmi sér á óvart hversu fólki utan KR væri illa við félagið. „Ég vissi af því að KR væri ekki vinsælasta félagið en þessi illindi gagnvart félaginu eru meiri en ég hélt.“

### > Við biðum spennir ...

... eins og allir Eyjamenn eftir því hvort að þeir fái nýja knattspyrnuhöll eins og Grindvíkingum hefur verið lofað af sinni bæjarstjórn. Bæði lið björguðu sér naumlega frá falli úr Landsbankadeildinni um síðustu helgi og þeir í Grindavík sáu nauðsyn í því að bæta aðstöðuna hjá sínum mönnum. Nú er að sjá hvað gerist í Vestmannaeyjum.



### > Við hrósum ...

... Davíð Þór Viðarssyni sem hefur FH-hjartað greinilega á réttum stað. Þrátt fyrir að hann stefni á atvinnu-mennsku og ætli að reyna fyrir sér úti á næstu vikum þá skrifaði undir nýjan samning við FH og félagið fær því pening ef að erlend lið hrifast af stráknum.



ERFID BYRJUN Jonathan Woodgate.

## Spænski fótboltinn: Real vann 3–1

**FÓTBOLTI** Real Madrid vann langþráðan sigur í gær í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta þegar liðið vann Athletic Bilbao, 3–1, á heimavelli sínum. Raul skoraði tvö mörk fyrir Real Madrid en Robinho jafnaði leikinn á 53. mínútu eftir að Bilbao hafði haft yfir í hálfleik, 1–0.

Jonathan Woodgate var í fyrsta sinn í byrjunarliði Real Madrid í 17 mánuði og fékk martraðabyrjun, skoraði fyrst sjálfsmark á 25. mínútu og var síðan rekinn út af á 66. mínútu.

## Davíð til Reading

Davíð Þór Viðarsson hefur hug á að komast aftur út. Hann er á leið til reynslu í Englandi.

**FÓTBOLTI** Davíð Þór Viðarsson, knattspyrnumaður hjá FH, er á leið til enska félagsins Reading sem leikur í ensku 1.deildinni en hann fer til liðsins í október og verður þar til reynslu í óákveðinn tíma. Skömmu síðar leikur Davíð Þór svo með ungmennlandsliðinu gegn Svíum.

Davíð Þór skrifaði nýlega undir samning við FH en hefur leikið með félaginu í gegnum alla yngri flokka. „Ég vonast til þess að geta sýnt hvað í mér býr hjá Reading. Annars er ég nýlega búinn að skrifa undir samning við FH þannig að ég er ekkert á förum nema ég verði keyptur.“

Davíð Þór var einn af lykilmönnum FH sem varð Íslands-

meistari fyrir skemmstu og hefur verið fyrirliði U-21 landsliðs Íslands. Hann stefnir á að komast í atvinnumennskuna á nýjan leik. „Ég trúi því að ef ég held áfram að standa mig vel með landsliðinu og FH þá muni ég fá tækifæri í atvinnumennsku. Ég er ánægður með það hvernig mín mál hafa þróast í sumar. Það er landsleikur gegn Svíum framundan í október og ég ætla mér að standa mig vel í honum, þar sem vel verður fylgst með öllum þeim sem taka þátt í leiknum.“

Þeir Íslendingar eru á mála hjá Reading, þeir Brynjar Björn Gunnarsson, Ívar Ingimarsson og táningurinn Gylfi Sigurðsson.

- mh



DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON Davíð lék vel með FH í sumar og er nú að fara að reyna fyrir sér erlendis. Hann er hér í strangri gæslu hjá Skagamanninum Reyni Leóssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Gönguferðir um Vatnsmýrina

í tengslum við samráðsdaga um framtíðarskipulag svæðisins



Helgina 24. og 25. september nk. verður efnt til tveggja gönguferða um Vatnsmýrarsvæðið. Önnur mun beinast að menningarminjum á svæðinu og í hinni verður hugað að náttúruferðum og fuglalífi. Sérfróðir menn verða til leiðsagnar.

### Vatnsmýrin – náttúruferð, fuglar og votlendi

Laugardaginn 24. september, kl. 14.00 – 15.30.

**Leiðsögumenn:** Jóhann Óli Hilmarsson, ljósmyndari og formaður Fuglaverndar; Kristbjörn Egilsson, líffræðingur; og Pétur H. Ármannsson, arkitekt, sem gerir grein fyrir hugmyndum Alvars Aalto um tjörn við Norræna húsið.

**Kl. 14.00:** Lagt af stað frá Norræna húsinu. Gengið um friðlandið í Vatnsmýrinni og að Reykjavíkurtjörn og rætt um fuglalíf og gróðurfar á Vatnsmýrarsvæðinu. Að göngu lokinni verður gildi náttúru og líffræðis fyrir framtíðarskipulag rætt á stuttum samráðsfundi í Öskju, Náttúrufræðihúsi HÍ.



### Menningarminjar í Vatnsmýrinni

Sunnudaginn 25. september, kl. 14.00 – 15.30.

**Leiðsögumaður:** Helgi M. Sigurðsson, sagnfræðingur.

**Kl. 14.00:** Lagt af stað frá bílastæði Hótel Loftleida og gengið upp í Öskjuhlíð. Gengið að Nauthólsvík og þaðan meðfram flugvellingum aftur að Hótel Loftleidum þar sem gangan endar. Að göngu lokinni verður gildi menningarminjanna fyrir framtíðarskipulag rætt á stuttum samráðsfundi á Hótel Loftleidum.

Nánari upplýsingar á [www.vatnsmryri.is](http://www.vatnsmryri.is)



MÓTUM BORG NÝRRA TÍMA

## Efnilegur 13 ára Sví til stórlíðsins Barcelona: Í knattspyrnskóla til Brasilíu

**FÓTBOLTI** Spænska stórlíðið Barcelona hefur boðið 13 ára strák frá Gautaborg til liðsins eftir að hafa séð hann á mótinu Gothia Cup í Gautaborg í fyrra. Það sem vekur sérstaka athygli er að Barcelona ætlar að senda Svíann til Brasilíu næstu tvö árin árin í knattspyrnskóla gömlu hetjunnar Zico.

Formaður Sænska knattspyrnusambandsins er afskaplega undrandi á þessu máli og segir æskilegast að strákurinn verði áfram í Gautaborg og ljúki grunn-skólanámi áður en hann heldur á vit ævintýrana í atvinnumennsku.

Faðir þessa efnilega knattspyrnustráks ætlar að fara með

syni sínum til Brasilíu og vera hjá honum í 10 daga. Síðan fer faðirinn aftur heim og kemur svo í heimsókn á tveggja mánaða fresti, í tvær vikur í sen.

Nafn stráksins er ekki birt í sænskum fjölmiðlum en hann segir í samtali við blaðið GP að hann komi til með að sakna fjölskyldunnar og vinnu sinnar.

Móðir stráksins er hins vegar alfarið á móti því að hann fari út en feðgarnir höfðu sitt í gegn og strákurinn fer til Brasilíu. Móðir in grét lengi eftir að ákvörðunin lá fyrir.

Óvíst er hvernig námi stráksins verður háttáð í Brasilíu en þó liggur ljóst fyrir að hann mun læra ensku og portúgölsku. - þg

## KR-ingar efstir í Reykjavíkurmóti karla í körfubolta: 29 stig KR-inga í röð

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar eru á góðri leik með að tryggja sér Reykjavíkurméistarátitilinn í körfubolta eftir 27 stiga sigur á Fjölni, 69–96, í Grafarvoginum í gær. Fjölnismenn höfðu tryggt sér titilinn með sigri en bæði lið voru taplaus fyrir leikinn. Það má segja að KR-ingar hafi hreinlega brunað yfir heimamenn í fjórða leikhlotu eftir mjög jafnan og spennandi leik fram að því. KR-ingar skoruðu þá 29 stig í röð og breyttu stöðunni úr 65–67 í 65–96 á sex mínútna kafla í lok leiksins. Fjölnir hafði yfir í hálfleik, 39–38 en var fimm stigum undir, 55–60, fyrir síðasta leikhlotunum eftir að KR-ingar skoruðu sjö síðustu stig 3. leikhlutans.



MAÐUR LEIKSINS Niels Páll Dungal var allt í öllu hjá KR-ingum gegn Fjölni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic 16 (10 fráköst), Jason Clark 16 (20 mín., 5 villur), Magnús Pálsson 10, Hörður Vilhjálmsson 9 (5 stoðs.), Lárus Jónsson 9, Guðni Valentinusarson 4, Marvín Valdimarsson 3, Hjalti Vilhjálmsson 2.  
**Stig KR:** Ashley Champion 19, Niels

Páll Dungal 18 (11 fráköst, 5 stoðs.), Brynjar Þór Björnsson 15 (24 mín.) Skarphéðinn Ingason 11, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 11, Darri Hilmarsson 6, Steinar Kaldal 6 (6 stoðs.), Gunnlaugur Erlendsson 6 (KR vann þær 16 mínútur sem hann var inná 46–24), Ólafur Már Ægisson 4. - óó

# Tékkland – Ísland


Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu er nú í toppsætinu í sínum undanriðli fyrir HM í Kína. Næsta verkefni liðsins er útileikur gegn Tékklandi, í Kravare, laugardaginn 24. september, kl. 13.30 að íslenskum tíma.

Pósturinn sendir landsliðskempunum baráttukveðjur og óskar þeim góðs gengis í leiknum við Técka.



PÓSTURINN

allur pakkinn



Pósturinn er aðalstyrktaraðili kvennalandsliðsins

# Heimir aðstoðar Ólaf

Það var mikið um að vera hjá Íslandsmeisturum FH í gær þegar þeir gerðu nýjan samning við Ólaf Jóhannesson þjálfara og sex leikmenn félagsins. Einnig réð félagið nýjan aðstoðarþjálfara sem var fyrirlíði liðsins síðustu ár.

**FÓTBOLTI** Heimir Guðjónsson var í gær ráðinn aðstoðarþjálfari Íslandsmeistara FH í knattspyrnu. Eins og kunnugt er hélt Leifur Garðarsson, sem aðstoðaði Ólaf Jóhannesson undanfarin þrjú ár, í Árbæinn og þjálfar hann Fylki á næstu leiktíð. Auk ráðningar Heimis tilkynntu FH-ingar að sex leikmenn sem voru með lausan samning hefðu skrifað undir hjá félaginu.

Það eru Tommy Nielsen, Daði Lárússon, Davíð Þór Viðarsson, Baldur Bett, Freyr Bjarnason og Hermann Albertsson. Þá skrifaði Ólafur Jóhannesson þjálfari undir nýjan eins árs samning við félagið.

Heimir tilkynnti fyrir nýfstaðið leiktímabil að hann hygðist hætta og blaðamanni Fréttablaðsins lék forvitni á að vita hvort þessar hrókeringar hefðu verið löngu áætlaðar.

„Nei, alls ekki. Þetta kom upp í gær (miðvikudag) þegar Leifur ákvað að taka við þjálfun Fylkis. Í kjölfarið átti ég fund með FH í gærkvöld (miðvikudagskvöld) og þá gengum við frá samningum,“ sagði Heimir, en félög bæði í fyrstu og annari deild reyndu af fá hann til starfa.

„Ég hef þá trú að ég geti miðlað af reynslu minni til leikmanna, þá sérstaklega til þeirra ungu. Stefnan hjá okkur FH-ingum á næsta ári er að sjálfsögðu að verja titilinn. Þjálfarinn hefur talið um það að styrkja leikmannahópinn en hvaða leikmenn það verða er erfitt að segja um. Líðið þarf að sjálfsögðu að styrkja miðjuna,“ sagði nýráðni aðstoðar-



**KÁTIR GAFLARAR** Nýr aðstoðarþjálfari FH, Heimir Guðjónsson, situr hér fyrir miðju ásamt mönnum sem FH samdi við á ný í gær. Tommy Nielsen og Davíð Þór Viðarsson sitja hjá Heimi en Hermann Albertsson og Freyr Bjarnason standa aftan við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þjálfarinn og hló en Heimir var fastamaður á miðju FH undanfarin sex leiktímabil.

„En svona án alls gríns þarf liðið að styrkja sig inni á miðsvæðinu og svo spurning hvað verður gert í framlínunni. Við misstum auðvitað Allan Borgvardt, sem að mínu mati er einn besti leikmaður sem hefur leikið hér á landi frá upphafi, og menn hljóta að velta því fyrir sér hvort það eigi ekki að

reyna að fá einhvern leikmann í hans stað.“

Ólafur Jóhannesson, aðalþjálfari FH, var hæstánægður með nýja aðstoðarmanninn sinn. „Heimir er toppmaður og það er mikill fengur að honum. Hann var minn fyrsti og eini kostur eftir að Leifur ákvað að halda annað. Heimir er mikill leiðtogi og hefur allt það sem þarf að prýða góðan þjálfara.“ hjorvar@frettabladid.is



**KÁRI ÁRNASON** Kári var í byrjunarliði Djurgården í gærkvöldi og lék vel á miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Kári og Sölvi í bikarúrslit:

## Djurgården gæti unnið tvöfalt

**FÓTBOLTI** Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen komust í gær í úrslit sænsku bikarkeppinnar þegar lið þeirra, Djurgården, sigraði Elfsborg 2-1 í undanúrslitunum.

Kári Árnason spilaði allan leikinn fyrir Djurgården og stóð sig vel í leiknum en Sölvi Geir sat allan tímann á varamannabekknun. Kári var að vonum ánægður í leikslok enda tímabilið búið að vera einstaklega eftirminnilegt. „Við spiluum vel í þessum leik og ég var ánægður með mína frammistöðu. Þetta hefur gengið vel að undanförunu og vonandi náum við að halda áfram á sömu braut, því við þurfum að vinna tvo af síðustu fjórum leikjunum til þess að vinna deildina. Þannig að nú er bara að halda haus og vinna þessa tvo titla sem í boði eru.“

Djurgården mætir 1. deildarliðinu Átvidaberg í úrslitum bikarkeppinnar og á því góðan möguleika á því að vinna tvöfalt í ár.

- mh

## RÆSIR HF

Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is



# Ekkert hálfkák

## MANTRA 4x4 fer alla leið

Sýnum MANTRA 4x4 bílana laugardaginn 24. september milli kl. 11 og 16 að Skúlagötu 59, verkstæðismegin.

Torfærubifreið • Sendibifreið • 18 manna hópbifreið • Vörubifreið

Íslensk heimasíða MANTRA 4x4 – www.mantra.is

RÆSIR HF. sími 540 5400



# 8000 5555

Alla daga frá 10 til 22



Linde Gas } **AGA**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

8 9 10 11 12 13 14

Sunnudagur

### LEIKIR

20.15 **Stjarnan** og **Njarðvík** mætast í Ásgarði í Reykjanesmóti karla í körfubolta.

### SJÓNVARP

07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 9.00.

11.00 **Forsetabíkarinn** á Sýn.

15.00 **Olíssport** á Sýn.

16.00 **Forsetabíkarinn** á Sýn.

18.00 **Upphitun** á Skjá einum.

21.00 **Knattspyrnumenn ársins** hjá atvinnuöðnum á Sýn.

22.15 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn.

Forseti Wigan Athletic

## Vill launapak

**FÓTBOLTI** Dave Whelan, forseti enska úrvalsdeildarliðsins Wigan Athletic, vill að sett verði launapak á félögin í úrvalsdeildinni. Hann er sannfærður um að stærstu félögin á Englandi, Chelsea og Man. United, muni verða í efstu sætunum um ókomna tíð ef ekki verður brugðist við þeim vanda sem auknir peningar í íþróttinni munu skapa.

„Ég hef miklar áhyggjur af því að peningarnir séu að eyðileggja enska knattspyrnu. Það eina sem hægt er að gera er að setja launapak á öll félögin svo það sé mögulegt að keppa á jafnréttisgrundvelli. Ég sé Chelsea fyrir mér vinna deildina mörg ár í röð ef ekkert verður að gert, og þar að auki munu fá félög eiga kost á því að komast í fremstu röð með eðlilegum hætti því peningarnir eru alltaf mestir hjá sömu félögum og nú er svo komið að það er aðeins hægt að ná árangri með því að eyða miklum fjármunum í leikmenn.“

- mh



**KOMIN Í ÍS** Hanna B. Kjartansdóttir er búin að kveðja KR og mun væntanlega spila sinn 200. leik í efstu deild fyrir ÍS.

Stúdínur fá mikinn liðsstyrk:  
**Hanna búin að skipta yfir í ÍS**

**KÖRFUBOLTI** Hanna Björg Kjartansdóttir hefur ákveðið að skipta yfir í ÍS og leika með liðinu í 1. deild kvenna. Hanna spilar væntanlega sinn fyrsta deildarleik gegn sínu uppeldisfélagi, Haukum. Hanna byrjaði vel með ÍS og náði sem dæmi þrefaldri tvennu gegn ÍR í Reykjavíkurmótinu á dögnum þegar hún var með 14 stig, 11 fráköst og 10 stoðsendingar í stórum sigri Stúdína.

ÍS verður fimmta liðið sem Hanna spilar með hér á landi en áður hefur hún leikið í efstu deild með Haukum, Keflavík, Breiðabliki og KR. Hanna hefur alls leikið 192 leiki og skoraði 2.607 stig í efstu deild (13,6 í leik). Hanna hefur unnið titil með öllum félögum sem hún hefur spilað með og alls fagnað fimm Íslandsmeistararitlum og fimm bikarmeistararitlum með liðum sínum en eins var hún bikarmeistari með danska liðinu Skjöld/Stevnsngade 2001-2002.

- 66j

# Hræðilega erfið ákvörðun

Þjálfari FH segir að Fylkismenn hafi tekið sína bestu ákvörðun í áraradír með ráðningu Leifs Garðarssonar.

**FÓTBOLTI** „Það má segja að þetta séu þrír eins árs samningar,“ sagði Leifur Garðarsson, fyrrum aðstoðarþjálfari FH, við Fréttablaðið eftir að hann skrifaði undir þriggja ára samning sem aðalþjálfari Fylkis í Árbænum. Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, segir að ráðning Leifs í Árbæinn sé besta ákvörðun Fylkis í áraradír.

Leifur segir að það hafi verið hræðilega erfið ákvörðun að skilja við FH eftir þrjú frábær ár sem aðstoðarþjálfari. Hann kom til starfa vorið 2003 þegar FH var spáð falli en liðið varð í 2. sæti og svo Íslandsmeistari næstu tvö árin á eftir.

Leifur segist vonast til þess að ná góðum árangri með Fylkisliðið og það strax. „Hjá Fylki er allt fyrir hendi til að ná góðum árangri ef menn stilla saman strengi sína.“



**LÉTTUR Í LUNDU** Leifur Garðarsson sést hér skrifa undir samning sem gerir hann að þjálfara Fylkismanna í Landsbankadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

Nokkrir lykilmenn Fylkis eins og Helgi Valur Daníelsson, Valur Fannar Gíslason og Haukur Ingi Guðnason eru allir með lausa samninga. Samningaviðræður við þá standa nú yfir og bendir allt til þess að þeir verði áfram í herbúð-

um liðsins. Að sögn Harðar Antonssonar, formanns meistaraflokksráðs Fylkis, er jafnframt ætlunin að styrkja liðið með þremur öflugum leikmönnum og er sú leit þegar hafin.

thorsteinn@frettabladid.is

Pálmi Rafn Pálmason er á leið í sænska boltann:  
**Fer til reynslu til GAIS**

**FÓTBOLTI** Pálmi Rafn Pálmason, knattspyrnumaður hjá 1. deildarliðinu KA, fer til Svíþjóðar á morgun þar sem hann verður til reynslu hjá sænska liðinu GAIS. Pálmi verður laus allra mála hjá KA um áramótin en þá rennur samningur hans við Akureyrarfélagið út.

GAIS er sem stendur í þriðja sæti í næstefstu deild í Svíþjóð og hefur því ennþá góða mögu-

leika á því að komast upp í úrvalsdeildina. Tvö efstu liðin í deildinni, sem eru nú Öster og AIK, fara beint upp um deild en liðið í þriðja sæti keppir við það lið sem endar í þriðja neðsta sæti í úrvalsdeildinni, um sæti í efstu deild á næstu leiktíð.

- mh

**PÁLMI RAFN PÁLMAON** Pálmi var án nokkurs vafa besti leikmaður KA í 1.deildarkeppninni í sumar.



**SARA St : 80-130**  
Verð: **3.990 kr**



**ALBANY St : 120-170**  
Verð: **5.990 kr**

**DIDRIKSONS**



**CERVINA SETT St : 80-130**  
Verð: **7.990 kr**



**EDDIE St : 80-140**  
Verð: **6.990 kr**

**X-ite**  
unaðsgel fyrir konur og karla  
Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.  
**September tilboð í**  
Lyfjaval APÓTEK  
Bílaapótek í Hæðarsmára og Mjódd

**PURINAL PRO PLAN LIFE PLAN**  
NUTRITION PROGRAMME  
Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn  
**GARÐHEIMAR**  
Söluáili:  
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6  
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

# Komdu út að leika

Porgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson



**Reykjavík síðdegis**  
Alla virka daga kl. 16-18.30

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Ég verð að fara að komast til útlanda

DRÍFA SIGURÐARDÓTTIR ER TILBÚIN TIL ÞESS AÐ TAKAST Á VIÐ EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI.



Mig langar svo mikið til þess að komast til útlanda í vetur. Það er helst að ég verði að komast út að minnsta kosti einu sinni á ári, annars fæ ég nánast innilokunar-kenn. Nú er liðið rúmt ár frá því að ég kom heim frá New York og það er einfaldlega orðinn aðeins of langur tími í minni bók. Utanlandsferð myndi gleðja mig mjög mikið og er án efa eitthvað sem ég þarf á að halda núna.

Ég er við það að missa vitið hér heima og utanlandsferðirnar virðast kalla á mig úr öllum áttum. Spannandi tilboð utan úr heimi hrannast upp í tölvunni minni og önnur hver mannsekja sem ég tala við virðist vera nýkomin frá útlöndum eða á leiðinni. Ég þyrfti að komast í afslöppunar- og verslunarferð. Það er svo nauðsynlegt að komast frá, svona öðru hvoru.

Ég ætla líka að vera dugleg við það að rækta sjálfa mig í vetur, enda tími til kominn. Ég ætla að byrja á því að fara í leikfimi eftir vinnu og taka vel á því. Hlaupa, lyfta og svitna. Vá, það hlakkar í mér núna, ég er svo spennt. Það verður ekki amalegt að fara til útlanda með skvísustæl. Í hörku-

formi með góða skapið í farteskínu og fulla vasa af peningum. Ja, allavega annan vasann. Skárna en ekkert.

Ég hef nefnilega komist að því að það er nauðsynlegt að setja sér markmið. Sama hversu ómerkileg sem þau virðast vera. Maður verður að hafa eitthvað til að stefna að því annars getur maður týnst og orðið leiður. Nú hef ég svo sannarlega eitthvað til að stefna að. Eitthvað til að hlakka til. Það er alltaf gaman að hlakka til.

Já, nú er ég komin með vetrarplan og þá er bara að standa við skrifuð orð. Hamingjuleitin er hafin og hver veit, kannski finn ég hana. ■

**Veimenni**

Sendu SMS skytið **BTL FRO** á númerið **1900** og þú gætir unnið eintak. Fullt af vinningum!

Robots á DVD • Fullt af öðrum DVD myndum • Fullt af Coca Cola



8. hver vinnur!

Lendir 21. september í BT!

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli

Eigum við ekki að fá okkur smá gleðipillur ÁÐUR en hann byrjar?

Jú, takk! Tvöfaldan skammt, takk!

Hoooyhh!

Í dag ætla ég að segja þér frá því þegar ég rakaði augabrunirnar af Jónínu frænku.

Skildu krukkuna bara eftir!

Jónína frænka var með samvaxnar augabrunir og að nóttu til læddist ég...

### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pabbi, ég sagði bara að mig langaði að biðja þig um ráð.

Já ég veit, segðu það aftur.

### PÚ OG PA

Eftir SÖB

Tom sagði að Jóhanneshaus yrði kannski krossfestur....

Krossfestur!! Hvert þó í hoppandi!! Það er enginn krossfestur nú á dögum!!

### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

Vá! Fagur hegri!

Ég hef séð þá betri.

Fagri hegriinn

### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Hvað ertu að gera, Solla?

Heimavinnu.

Hvernig heimavinnu?

Sko, ég þarf að teikna hringi utan um hluti sem passa saman, skrifa alla stafina í stafrófinu, telja upp að tuttugu...

Stoppaðu mig bara ef þú skilur ekki...

## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautir er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	9	2	4	5	7	3	1	8
7	4	5	8	1	3	2	6	9
1	3	8	2	6	9	5	4	7
2	1	9	7	3	6	8	5	4
3	5	7	1	8	4	6	9	2
8	6	4	5	9	2	7	3	1
9	8	6	3	2	1	4	7	5
5	7	1	6	4	8	9	2	3
4	2	3	9	7	5	1	8	6

1	7							8
	3	6		4	7			
	5	8	3			4	6	
	1		5	8	9			2
5								9
	8		2	6	4			3
	9	5			2	6	7	
			7	3		9	5	
4						1		2

su|do|ku  
© Puzzles by Pappocom





IDOL-STJÖRNULEIT  
BYRJAR 30. SEPTEMBER



## Haldið upp á tungumáladaginn



**Kl. 19.30**

Seinni tónleikar Sigrúnar Hjálmtýs-dóttur með Sinfóníuhljómsveit Íslands verða haldnir í Háskólabíói í kvöld. Stjórnandi er Kurt Kopecki.

# menning

menning@frettabladid.is

Í dag halda Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi upp á Evrópska tungumáladaginn með tvíþættri dagskrá, annars vegar málþingi í Verzlunarskóla Íslands og hins vegar skemmtidagskrá í Kringlunni. Á málþinginu verður rætt um gildi erlendra tungumála fyrir íslenskt samfélag. Frú Vigdís Finnbogadóttir opnar þingið en síðan ræðir Sigurborg Jónsdóttir, formaður STÍL, um nýjar áherslur í tungumálakennslu framhaldsskólanna. Bogi Ágústsson fjallar um erlend tungumál og íslenska fjölmiðla. Jón Karl Ólafsson ræðir mikilvægi erlendra tungumála fyrir útrás íslenskra fyrirtækja. Júlíus Jónasson segir frá reynslu sinni og gildi tungumála fyrir íþróttamenn. Að lokum fjallar Tatjana Latinovic um það sem útendingar búsettir hér á landi geta miðlað Íslendingum. Málþinginu lýkur síðan með því að leikhópurinn Á senunni syngur á ensku, íslensku, þýsku



og frönsku tvö lög úr söngleiknum Kabarett. Í Kringlunni hefst síðan skemmtidagskrá á mörgum tungumálum klukkan 15.30. Þar munu nemendur og kennarar syngja, lesa ljóð og sögur og leika stutta leikþætti. Leikhópurinn Á senunni syngur og dagskránni lýkur með leik hljómsveitarinnar Jakóbínurinu sem vann í Músíktilraunum í ár.

### > Ekki missa af ...

... tveimur sýningum í Kling og Bang, sem báðum lýkur á sunnudaginn. Annars vegar er sýningin Banners Bright eftir **Malcolm Green** og hins vegar COSMOSIS – Tauprykk, sameiginleg verk þeirra **Godds, Bjarna H. Þórarínssonar** og **Ómars Stefánssonar**.

... sýningunni Listasafn Íslands – **Úrval verka frá 20. öld**, sem hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum í sumar. Síðasti dagur sýningarinnar er á sunnudaginn.

... sýningu á verkum á verkum **Ingimars Waage** myndlistarmanns á fyrstu hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningunni lýkur á sunnudaginn.

**Avantgarðarfan**  
I AUSTURBÆ  
Síðustu sýningar  
**Jónsi**  
Immi Árnæs  
....Ég er voldugur og líka holdgur.  
Enginn hér er betri en ég.  
Ég um mig frá mér til mín.  
Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17  
pantaniir í síma 551 4700  
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 25. sept. kl: 13:30  
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30  
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30

## Tvíhöfðar, skoffín og hvítur hrafni

„Þetta eru dýr sem eiga það sam-eiginlegt að þau eru frík. Þetta eru náttúruleg viðundur eða raritet,“ segir Ólöf Nordal um sýningu sína Íslenskt dýrasafn, sem nú stendur yfir í galleríinu i8 við Klapparstíginn.

Á sýningunni eru ljósmyndir af ýmsum sérstæðum dýrum, svo sem tvíhöfða lömbum og hvítum hrafni.

Ólöf tók ljósmyndir af uppstoppuðum dýrum, sem skotið hafa upp kollinum víða um land á síðustu áratugum og eru geymd á ýmsum söfnum, bæði byggðasöfnum og náttúrugripasöfnum.

„Skoffínið er alvöru skoffín. Þetta er afkvæmi hunds og refs,“ segir Ólöf um ljósmynd af undarlegri skepnu sem er þó miklu hversdagslegri yfirlitum en nafnið gefur til kynna.

„Að vísu má deila um það hvað er skoffín. Sumir segja að þetta sé skuggabaldur. En þeir fyrir norðan kalla þetta skoffín og ég held því.“

Dýrið fæddist á bæ í Flateyjarðal, sem er afskekktur dalur fyrir norðan. Tíkin á bænum hvarf einn daginn, en skilaði sér aftur og eignaðist sex vikum síðar sex hvolpa sem allir þóttu undarlegir.

„Einum þeirra var leyft að lifa. Hann hét Ótur og var mjög elskadur á bænum, hafði annað göngulag en hundar og mörg einkenni refs, þefaði til dæmis af öllu og gat ekki gelt heldur gaggaði hann.



ÓLÖF NORDAL Á sýningu sinni í i8 skoðar hún torkennilegar þjóðsagnaverur sem hafa skotið upp kollinum í raunveruleikanum.

Svo var ekki hægt að nota hann í smalamennsku því hann hljóp beint framan á kindurnar og beit þær í nefið eða á barkann.“

Hvíti hrafinn er aðeins einn af mörgum fuglum af ýmsum tegundum, svo sem kríu, álku, kjóa og hrossagauk, sem allir eru með hvítar fjadrir.

„Þeir eru albinóar og koma frá Náttúrufræðistofnun,“ segir Ólöf. Hún segir sýninguna vera í beinu framhaldi af fyrri verkum sínum, þar sem hún veltir fyrir sér goðsögnum sem reynast síðan eiga sér

stoð í raunverulegum dýrum. Um leið og verurnar eru teknar úr goðsögulegu samhengi sínu og settar í náttúrusögulegt samhengi þá hverfur öll dulúðin í kringum þær.

„Þessir hvítu hrafnar sem hafa fundist, fjórir síðan á sautjándu öld, hafa til dæmis verið uppspretta margra sagna en svo þegar fyrsti fuglinn var handsamaður árið 1959 þá gerist það að mýtan deyr. Um leið og maðurinn tekur á þessari goðsögulegu veru þá situr hann uppi með náttúrulegt raritet.“ ■

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!



STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

### EDITH PIAF

kvöld fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fim. 29/9 nokkur sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 nokkur sæti laus, fös. 7/10, lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00

### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 25/9 kl.14:00 nokkur sæti laus, sun. 2/10 kl.14:00, sun. 9/10 kl.14:00

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

### KODDAMAÐURINN

kvöld fös. 23/9 örfá sæti laus, lau. 24/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 nokkur sæti laus, sun.. 2/10, fim. 6/10, fös. 7/10, lau. 8/10. Takmarkaður sýningafjöldi.

KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!

MÍÐASALA Á Í ETÍ U ALLÁÍ SÓLARHRÍ GIÍ Í - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIÐ FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁÍ -ÞRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00. MÍÐASÓLUS MÍ: 551 1200. S MAPAÍ TAÍ IR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

### KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren  
Su 25/9 kl 14, Lau 1/10 kl. 14,  
Su 2/10 kl. 14, Su 9/10 kl. 14

### WOYZECK - 5 FORSYNINGAR Í SEPT.

Frumskýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Miðaverð á forsyningu aðeins kr. 2.000,-  
Fi 29/9 kl 20 UPPSELT, Fö 30/9 kl 20,  
Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

### HÍBYLI VINDANNA

Örfár aukasýningar í haust.  
Lau 24/9 kl. 20, Su 2/10 kl. 20,  
Fö 7/10 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000

miðasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20

miðviku-, fimmtu- og föstudaga

12-20 laugardaga og sunnudag

### LÍFSINS TRÉ

Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT  
Lau 22/10 KL. 20, Fö 28/10 kl. 20,  
Lau 29/10 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20, Lau 5/11 kl. 20  
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

### BELGÍSKA KONGÓ

Örfár aukasýningar í haust.  
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20, Su 30/10 kl. 20

### MANNTAFL

Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

### ALVEG BRILLJANT SKILNADUR

Lau 24/9 kl. 20 UPPSELT, Má 26/9 kl. 20, aukasýn.  
Fi 29/9 kl. 20 UPPSELT, Fö 30/9 kl. 20 UPPSELT,  
Lau 1/10 kl 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 UPPSELT,  
Fi 6/10 kl. 20 aukasýn. Lau 8/10 kl. 16 aukasýning  
Su 9/10 kl. 20

### TVENNU TILBOÐ

Ef keyptur er miði á  
Híbyli vindanna og Lífsins tré  
fæst sérstakur afsláttur

### Waldorf uppeldisfræði á Íslandi!

Fegurð - Ró - Gleði



Nýr hópur frá janúar 2006.

Upplýsingar:

waldorf.isl@get2net.dk

45-43425113

### HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur  
eftir Arna Ibsen

3. sýn fös. 23 kl. 20 UPPSELT
4. sýn lau. 24 kl. 20 UPPSELT
5. sýn fös. 31 kl. 20 Örfá sæti
6. sýn lau 1. okt kl. 20 Örfá sæti
7. sýn fös 7 okt Nokkur sæti
8. sýn lau 8 okt UPPSELT



Miðapantaniir í síma 555 2222 og á mið.is

## Haustskákmót um helgina

Haustmót Taflfélags Reykjavíkur hefst klukkan 14 á sunnudaginn. Mótið er öllum opið og er jafnframt meistaramót TR. Tefl verður í skákhöllinni Faxafeni 12 á miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum og eru góð verðlaun í boði í öllum flokkum.

Mótið er skipulagt þannig að A og B flokkar eru lokaðir 10 manna flokkar þar sem allir tefla við alla. C flokkur er opinn flokkur þar sem tefldar eru 9 umferðir eftir svissnesku kerfi. Fari fjöldi keppenda yfir 50 verður C flokkur gerður að lokuðum flokki og opnum D flokki bætt við. Í því tilfelli verða verðlaun í C flokki þau sömu og í B flokki.

Tímamörk í A og B flokki verða nokkuð nýstárleg: 1 klst. og 30 mín. + 30 sekúndur á leik, en í C-flokki eru þau hefðbundin: 1 klukkustund og 30 mínútur á 30 leiki + 30 mínútur til að klára.

Þátttökugjald er 3.000 kr. fyrir félagsmenn T.R. sem eru 16 ára og eldri en 4.000 krónur fyrir aðra. Félagsmenn í T.R. sem eru 15 ára og yngri greiða 1.500 krónur en aðrir 2.000 krónur.

Hægt er að tilkynna þátttöku á netfangið rz@itn.is eða í síma 896-3969. Einnig er opið fyrir skráningu á netinu á heimasíðu TRÝ www.skaknet.is

Lokaskráningu í A og B flokk lýkur á laugardag klukkan 22. ■



ÓTTAR FELIX HAUSSON er formaður Taflfélags Reykjavíkur. Haustskákmót félagsins hefst um helgina.

## Íslensk menning í Svíþjóð

Í vikunni var haldin þriggja daga íslensk menningarhátíð í Stokk-hólmi þar sem 41 íslenskur listamaður sýndi verk sín á listmuna-sýningu.

Opnun sýningarinnar var haldin á þriðjudaginn og komu þar fram þau Sólrún Bragadóttir óperusöngkona og Sigurður Flosason saxófónleikari og svo Kvenna-kórinn Vox Feminae undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Það var Vigdís Finnbogadóttir sem formlega opnaði sýninguna.

Sýningunni lauk síðan í gærkvöld með uppboði á listaverkunum, en þetta er í fyrsta sinn sem alíslenskt listmunauppboð fer fram erlendis.

Í tengslum við sýninguna var haldinn umræðufundurinn „Hvað-



**SIGURÐUR FLOSASON** Lék á saxófóninn sinn við opnun íslenskrar menningarhátíðar í Svíþjóð.

an koma peningarnir?“ og einnig var efnt til sérstakrar kynningar á íslensku lambakjöti.

Þá var opnuð sýning á hönnunarverkem listakonunnar Ólafar Baldursdóttur sem hefur starfað lengi í Svíþjóð. Sú sýning er í húskynnum sendiráðs Íslands og verður hún opin fram eftir hausti. ■

**Tökin hert** THE TURN OF THE SCREW  
EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200  
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

Stjörur af Thomas MIMM, Charles STRIDE & Martin CHAPIN

**Annie**

í Austurbæ

16. sýn. sun. 02/10 kl. 14 Annie; Solveig  
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind  
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig

mid.is 551 4700 & 551 0200

Leikhópurinn Á sennunni í samstarfi við SPRON

**Kabarett** í Íslensku óperunni

Fös. 23. september uppselt  
Fös. 30. september  
Lau. 1. október  
Lau. 8. október

Ásáttar í síma 511 1000 og á www.kabarett.is

Tónleikurinn **BÍTL**

Föstudag 30/9  
Laugardag 1/10  
Föstudag 7/10

“Frábær skemmtun!” Landsbankinn KASTALINN 552 3000

## Dansnámskeið

Þjóðdansafélags Reykjavíkur,  
Álfabakka 14 A - Mjódd

Gömludansanámskeið  
mánudögum kl. 20.30

Þjóðdansar  
fimmtudögum kl. 20.30

Opið hús  
miðvikudaginn 28. sept. kl. 20.30

Allir velkomnir.

Allar nánari upplýsingar í síma 587 1616.

**Classic  
ROCK  
SPORTBAR**

Laugadaginn 24 September

Fram - Valur  
Liverpool - Birmingham  
Chelsea - Aston Villa  
Man United - Man City

4 Skjávarpar og 14 sjónvörp

Frábær tilboð á barnum

www.classic.is

Armúli 5 S: 5683590

Lagasmiður á refilstigum

## Gummi fallinn!

Guðmundur Thorberg Jónsson, gítarleikari Sálarrinnar, hefur að undanfögnu sést daðrandi við stúlkur og drekkandi bjór á knæpum. Þá segir sagan, að hann hafi sést sjúga vindling í spilavíti í Vogunum. Guðmundur, sem verið hefur í gjálfsbindindi, neitar því hvorki né játar, en segist hafa verið í spennufalli síðustu daga, eftir að lokahönd var lögð á nýja Sálarpötu,

„Undir þínum áhrifum“, sem út kemur í næsta mánuði.

Líklegt er að söguburðurinn hafi sín áhrif. „Ætli ég verði ekki að hætta við prófkjörið núna“, segir Guðmundur, en hann stefndi á 15. sætið á „Lista réttentra gítarleikara“ á Seltjarnarnesi. ■

**GUÐMUNDUR T. JÓNSSON:** Er sagður hafa tekið sigarettreyk ofaní sig



Nýja platan, „Undir þínum áhrifum“, kemur út 24. október.

**GLEÐILEGT SÁLARHAUST**  
hansjónsmíns

**sálin**

“Pulsaðu”  
“Þig upp í sumar!”  
Íslendingar borða **SS pylsur**

**Hlégarður Mosfellsbæ, laugardag**  
Á næstunni: 22. okt: Höllin V-eyjum,  
5. nóv: Kaupmannahöfn

Coca-Cola

## Steintré Gyrðis

Hjá Máli og menningu er komin út bókinn Steintré eftir Gyrði Elíasson. Steintré er safn nýrra sagna eftir Gyrði, þann óviðjafnanlega stílsnilling.

Hann hefur áður sent frá sér fjölda verka af ýmsu tagi, ljóðabækur, skáldsögur og sagnasöfn, og er jafnframt ötull þýðandi. Gyrðir hefur meðal annars þýtt þrjár af skáldsögum bandaríska rithöfundarins Richards Brautigam. Einnig þýddi hann



hinar vinsælu bækur Uppvöxtur Litla-trés eftir Forrest Carter og Drengurinn í Mánaturni eftir Anwar Accawi.

Gyrðir hefur hlotið fjölda viðurkenna fyrir ritstörf sín, m.a. Stilverðlaun Þórbergs Þórðarsonar, Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000 og Menningarverðlaun DV fyrir bókmenntir. Þá hefur Gyrðir í tvígang verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. ■

## Dyr að draumi Þorsteins

Ný ljóðabók eftir Þorstein frá Hamri er að koma út hjá Máli og menningu þessa dagana. Bókin

### Sólbráð

Hægt og hægt  
urðu að engu  
spor

stigin af staðfestu, þrungin  
merkingu, meinum og sælu

upphleypt, hörð  
ísaspor...

heitir Dyr að draumi og í henni eru um það bil 40 ljóð.

Þorsteinn hefur lengi átt sess meðal fremstu ljóðskálda sem yrkja á íslensku og allt frá því að hann gaf út sína fyrstu ljóðabók, í svörtum kufli, tvítugur að aldri. Síðan þá hefur hann mótað og fagað ljóðstíl sinn sem er meitlaður og þykir bræða einkar vel saman hina gömlu ljóðhefð og móðernismann. Í þessari nýju bók leitar hann á fornar slóðir og mörg ljóðanna eru í senn rómantísk og jarðbundin. ■

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI Kveður sér hljóðs með nýrri ljóðabók þar sem hann leitar á fornar slóðir.



### [ BÆKUR ]

#### MEST SELDU BÆKURNAR

EYMUSSON  
MÁL OG MENNING  
PENNINN



#### ADALLISTINN – ALLAR BÆKUR

- 1 SKOTGRAFARVEGUR – KILJA  
Kari Hotakainen
- 2 DANSAD VIÐ ENGIL – KILJA  
Áke Edwardson
- 3 FRIBLAND – KILJA  
Liza Marklund
- 4 HÁLFBRÓÐIRINN – KILJA  
Lars Saabye Christensen
- 5 MYND AF ÓSÝNILEGUM  
MANNI  
Paul Auster
- 6 DAUÐARÓSIR – KILJA  
Arnaldur Indriðason
- 7 HVÆÐ SEGJA STJÖRN-  
MERKIN UM ÞIG...  
Jamie Stokes
- 8 MÓÐIR Í HJÁVERKUM –  
KILJA  
Allison Pearson
- 9 SPÆNSK-ÍSL./ÍSL.-SPÆNSK  
ORÐABÓK  
Orðabókaútgáfan
- 10 ALKEMISTINN – KILJA  
Paulo Coelho

#### SKÁLDVERK – INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 FROST  
Roy Jacobsen
- 2 KRÓNPRINSESSAN  
Hanne-Vibeke Holst
- 3 Í NAFNI KÆRLEIKANS  
James Meek
- 4 FURÐULEGT HÁTTARLAG  
HUNDS UM NÓTT  
Mark Haddon
- 5 PS. ÉG ELSKA ÞIG  
Cecelia Ahern
- 6 SPÁMAÐURINN  
Kahlil Gibran
- 7 BARÓNINN  
Þórarinn Eldjárn
- 8 ATÓMSTÖÐIN  
Halldór Laxness
- 9 LEIGJANDINN  
Svava Jakobsdóttir
- 10 PERLUR ÚR LJÓÐUM  
ÍSLENSKRA KVENNA  
Silja Aðalsteinsdóttir valdi

Listinn er gerður út frá sölu dagana 14.09.05 – 20.09.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum

**NÝ ÍSLENSK  
ÞRJÓNABÓK**

-full af fjölbreyttum og fljótrjónuðum uppskriftum  
eftir Védísí Jónsdóttur

Nú er komin í verslanir ný íslensk þrjónabók með uppskriftum af lopaflikum eftir Védísí Jónsdóttur hönnuð. Í bókinni eru fjölbreyttar uppskriftir af flottum fatnaði á konur, karlmenn, börn og einnig er að finna sérhannaða íslenska lopapeysu fyrir smáhunda. Uppskriftirnar eiga það allar sameiginlegt að vera einfaldar og fljótrjónaðar fyrir byrjendur sem og lengra komna. Þetta er ein glæsilegasta þrjónabókin sem komið hefur út hjá Ístex.

**Lopi 25**

**ÍSTEX®**  
ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNAÐUR HF.

Söluaðilar sjá: [www.istex.is](http://www.istex.is)



ÁSMUNDUR HELGASON Leggur sitt af mörkunum til þess að koma heilafrumum Íslendinga á hreyfingu.

## Hættulega ávanabindandi

„Ég féll alveg fyrir þessu á flugvellinum í London,“ segir Ásmundur Helgason um nýjasta æðið sem gripið hefur um sig á Vesturlöndum á síðustu mánuðum. „Þetta er hættulega ávanabindandi.“

Hann er að tala um talnagáturarnar sudoku, eins konar krossgátur þar sem tölum er raðað upp í nýu sinnum nýu reiti eftir kúnstarrinnar reglum. Gáturarnar krefjast einbeitingar og rökhugsunar, en skerpa jafnframt hugann og koma gráu sellunum á hressilega hreyfingu.

Ásmundur hefur, ásamt eigin konu sinni, nú gefið út fyrstu íslensku bókina með sudokugátum. Í bókinni eru 109 gátur sem ýmist eru auðveldar, þægilegar, erfiðar eða kvikindislegar. Auk þess eru í bókinni níu 16x16 gátur, þar sem

bókstafir eru notaðir í stað tölustafa.

„Þessar bækur hafa verið á öllum metsölulistum í Evrópu undanfarið,“ segir Ásmundur, sem ætlar að senda frá sér samtals þrjár bækur.

Höfundur bókarinnar er Gideon Greenspan, sem er doktor í tölvu- og talnavísindum. Hann er einn þeirra frumkvöðla sem kynntu sudoku-leikinn fyrir Vesturlandabúum.

Ásmundur segir engan veginn sama hvernig gáturarnar eru gerðar, þótt auðvelt geti virst að raða saman tölum í reitina.

„Kúnstinn er fólgin í því hversu margar tölur á að taka í burtu til að gera gátuna auðveldar eða erfiðar og allt þar á milli.“

Bókaútgáfan Bjartur sér um dreifingu bókarinnar. ■

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

21 22 23 24 25

Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

- 17.00 Steve Sampling, áður þekktur sem rapparinn Mezzias MC, kemur fram í Smekkleysu Plötubúð.
- 19.30 Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Stjórnandi er Kurt Kopecki.
- 21.30 Hera, Halli Reynis, Orri Harðar og Hilmar Garðarsson koma fram á Trúbadorahátíð Íslands,

sem haldin er í Egilsbúð í Neskaupstað fjórða árið í röð.

- 23.00 Köntrísveit Baggalúts leikur á Grand Rokk. Sérstakur leynigestur verður Rúnar Júlíusson.

#### SKEMMTANIR

- DJ Jón Gestur verður í langbesta skapinu sínu og spilar snildartóna að hætti meistaranna á Café Victor.

#### SAMKOMUR


- 19.00 Ásatrúarmenn á Vesturlandi halda **Disablót** við Hreðavatn í Jafnaskarósskógi í kvöld. Safnast verður saman við Hreðavatnsskála og þaðan haldið til blóts. Allir velkomnir.

- 20.00 Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, flytur erindi um Snorrastofu, **Vésteinn Ólason**, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, flytur minningarfyrirlestur um Snorra Sturluson, og **Eygló Dóra Davíðsdóttir** leikur á fiðlu á samkomu í Snorrastofu í Reykholti, sem er haldin í tilefni af tíu ára afmæli stofunnar.

#### FUNDIR

- 13.00 Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur efnir til málþings í Verslunarskóla Íslands í tilefni af evrópska tungumáladeginum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



## TICKET TO HEAVEN GALLARNIR KOMNIR

Sölustaðir:  
Róbert Bangsi, Reykjavík  
Englabörninn, Reykjavík  
Rollingar, Reykjavík  
Gallery Krakkar, Keflavík

Ozone, Akranesi  
Heimahornið, Stykkishólmi  
Verslunin Spes, Akureyri  
Tákn, Húsavík  
Leggur og Skel, Ísafirði




TÓ ehf. heildverslun  
Vínlandsleið 2-4 · 113 Reykjavík  
Sími 530 9400

## Skóútsala ÁRSINS

Allir skór á  
**Kr. 500.-**

Barnaskór • Kvenskór  
Herraskór 28 - 46



Síðustu dagar  
23/9 - 2/10  
Virka daga  
Kl. 12-18  
Laugardag  
Kl. 11-16  
Sunnudag  
Kl. 13-16

UN - SKÓR

Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725

MAGNET



FRANZ FERDINAND

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Hera:** Don't Play This, **Franz Ferdinand:** You Could Have It So Much Better, **Magnet:** The Tourniquet, **Queen:** Return of the Champions, **Alanis Morissette:** Jagged Little Pill Acoustic, **Eric Clapton:** Back Home og **Herbie Hancock:** Possibilities.

# Átta hljómsveita pönkhátíð

Næstkomandi þriðjudag verður haldin átta hljómsveita pönkhátíð í tilefni af opnun bókasafns Andspyrnu. Safnið verður opnað og rekið í Tónlistarþróunarmiðstöðinni á Hólmaslóð 2, þar sem tónleikarnir fara einnig fram.

Fram koma hljómsveitirnar Dys, I Adapt, Innvortis, Severed Crotch, Gavin Portland, Jericho Fever, STF og The best hardcore band in the world. Tónleikarnir hefjast klukkan 18.00 og ætli að vera lokið um 23.00. Aðgangseyrir er 500 krónur. Á tónleikunum verða upplýsingaborð frá anarkistunum hjá Andspyrnu-dreifing og útgáfa, samtökunum Raddir málleysingjanna, sem bera lífsréttindi dýra sér fyrir brjósti, Kommadróí Íslands, Gagnauga tónlistardreifingu, stóriðjuandstæðingum frá Saving Iceland.org og trúleysingjum frá Vantrú.net



## > Plata vikunnar ...



ÉG: Plata ársins

„Fínasta popplata frá drengjunum í hljómsveitinni Ég sem á skilið mun meiri athygli en hún hefur hingað til fengið. Platan líður helst fyrir það að vera allt of löng og hefði verið gott að sigta bestu lögin úr og fækka þeim úr tuttugu í tíu. BG

## > Popptextinn ...

„Heal the world. Make it a better place. For you and for me and the entire human race.“

Michael Jackson í ballöðunni Heal the World frá 1992. Jackson ætlar að bjarga heiminum á nýjan leik með lagi til styrktar fórnarlömbum fellibyljarins Katrínar.



# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## [ X-Dóminólistinn ]

Topp tíu listi X-FM

- 1 **MARK LANEGAN**  
Hit the City
- 2 **COLDPLAY**  
Fix You
- 3 **IAN BROWN**  
All Ablaze
- 4 **FULLI KALLINN**  
Before 2000
- 5 **GORILLAZ**  
Dare
- 6 **NÚMER NÚLL**  
Hér á allt að fá að flæða
- 7 **311**  
Don't Tread On Me
- 8 **GREEN DAY**  
Wake Me Up When September Ends
- 9 **JEFF WHO**  
The Golden Age
- 10 **WHITE STRIPES**  
My Doorbell
- 11 **FOO FIGHTERS**  
DOA
- 12 **INSTITUTE**  
Bullet-Proof Skin

- 13 **HARD-FI**  
Cash Machine
- 14 **TRABANT**  
María
- 15 **AUDIOSLAVE**  
Doesn't Remind Me
- 16 **BLOODHOUND GANG**  
Foxtrot Uniform Charlie Kilo
- 17 **MAXIMO PARK**  
Going Missing
- 18 **SYSTEM OF A DOWN**  
Old School Hollywood
- 19 **MÍNUSBARDI**  
Svartur sauður
- 20 **DEPECHE MODE**  
Precious



**COLDPLAY** Bresku drengirnir vinsælu halda fyrsta sætinu frá því í síðustu viku.

## Ný lög frá Nirvana

Þrjú áður óutgefin lög verður að finna á nýrri safnplötu frá einni áhrifamestu rokksveit síðari ára, Nirvana, sem er væntanleg í nóvember.

Á plötunni, sem heitir Sliver, verða lögin þrjú ásamt efni frá safndiskunum With the Lights Out með Nirvana sem komu út á síðasta ári. Courtney Love, ekkja söngvarans látna Kurt Cobain, og dóttir þeirra Frances Bean Cobain áttu hugmyndina að útliti plötuumslagsins.



**NIRVANA** Hljómsveitin Nirvana gerði garðinn frægan í byrjun tíunda áratugarins.



HERA Söngkonan Hera gefur út sína þriðju plötu á mánudaginn.

## Tónlist sem segir sögur

Söngkonan Hera Hjartardóttir gefur út sína þriðju plötu næstkomandi mánudag. Reyndar hefur Hera gefið út fimm plötur, en þær tvær fyrstu komu út í Nýja-Sjálandi og voru seldar hérlendis í takmörkuðu upplagi. Freyr Bjarnason ræddi við söngkonuna.

Á síðustu plötu Heru, Hafið þennan dag, sem kom út fyrir tveimur árum, var að finna lög eftir Bubba, Megas, KK og hana sjálfa. Seldist hún í yfir 6.000 eintökum hér á landi, sem sýnir að Hera er orðin ein vinsælasta söngkona landsins.

Sú plata var öll á íslensku en nýja platan hennar, Don't Play This, er aftur á móti sungin á ensku og hefur aðeins að geyma eitt lag eftir annan höfund. Það nefnist Wings og er eftir breska skólakennarann Brian Bedford. „Það lag ætli að vera þekkt en er það ekki,“ segir Hera. „Það hefur fallegasta texta sem hefur verið saminn að mínu mati. Hann fjallar um það að maður á aldrei að halda of fast í þann sem maður elskar.“

Á nýju plötunni er Hera að víkka töluevntur út sjóndeildarhring sinn því þar notarst hún meðal annars við hljóðfæri sem hún hefur ekki áður unnið með. Dan Cassidy spilar á fiölu og Kjartan

Hákonarson á trompet og ber hún þeim báðum vel söguna.

Aðspurð um tónlistarsmekk sinn segir Hera að hann sé alltaf að breytast. „Það er rosalega mikið af mismunandi stílum á þessari plötu. Þarna er kántrilag, sýru djass og hálfklassísk tónlist. Þetta er mjög fjölbreytt plata.“

En hvað með áhrifavalda Heru? „Ég hlusta mikið á tónlistarmenn á borð við Tori Amos, Tracy Chapman, Nick Cave og sérstaklega á Johnny Cash. Ég hlusta aðallega á tónlist sem segir sögur. Mér finnst það skipta meginmáli.“

Hera segist alltaf vera að semja ný lög. „Ég er svona alveg að ná upp að sjálfri mér. Hingað til hafa verið gömul lög í forgangi þegar ég hef verið að velja lög á plötunum mínar til að ég gleymi þeim ekki. Núna er ég aðeins búin að ná í skottið á mér.“

Don't Play This verður gefin út í Nýja-Sjálandi, öðru heimili Heru, eftir áramót. Þar mun hún fylgja plötunni eftir en fyrst ætlar hún að dvelja hér á landi þar til í janúar. Nýtt myndband við fyrsta lag plötunnar, Feathers in a Bag, verður síðan frumsýnt á næstu dögum. Var það tekið upp á Snæfellsnesi.

Hera verður iðin við tónleikahald á komandi mánuðum til að fylgja eftir plötunni. Í kvöld verður hún í Neskaupstað á trúbadora-hátíð og hlakkar að vonum mikið til. Fyrir þá sem vilja fleiri upplýsingar um Heru er bent á herasings.com. ■

# Fast á Spaugi

Læv í Súlnasal Hótel Sögu!

## Kvöldverður! Sýning! Dans!

Hefst 1. október og verður fram í miðjan desember.

Hljómsveitin Saga Class leikur í sýningunni og á dansleik að sýningu lokinni.

Bodið er upp á glæsilegan þriggjarétta kvöldverð.

Laxakonfekt.  
Kryddjurtalegið lambafille með sætkartöfluturni og rauðvinsgljaa.  
Súkkulaðistigi.

Tilvalin skemmtun fyrir smærri fyrirtæki og hópa.

V/ Hagatorg, 107 Reykjavík. Borðapantanir í síma 525-9930

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi



6.  
sæti\*

1.999 kr

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi



1.  
sæti\*

1.999 kr

SIGURRÓS - Takk...

## LAGALISTI

- |                             |                                     |
|-----------------------------|-------------------------------------|
| 1. Í fínu formi             | 8. Heyr mitt ljúfasta lag           |
| 2. Undarlegt með unga menn  | 9. Ég fer í frí                     |
| 3. Ó blessuð vertu sumarsól | 10. Hver vill sigla                 |
| 4. Að byggja til þín brú    | 11. Eiki bleiki                     |
| 5. Til eru fræ              | 12. Með hangandi hendi              |
| 6. Þarna fer ástin mín      | 13. Megi dagur hver feðurð þér færa |
| 7. Tequila                  |                                     |

## LAGALISTI

- |                  |                |
|------------------|----------------|
| 1. Takk...       | 7. Milánó      |
| 2. Glósóli       | 8. Gong        |
| 3. Hoppípolla    | 9. Andvari     |
| 4. Með blóðnasir | 10. Svo hljótt |
| 5. Sé lest       | 11. Heysátan   |
| 6. Sæglópur      |                |



1.999 kr

13.  
sæti\*

LÖGRELUKÓR REYKJAVÍKUR-  
Hæfileg refsing



1.999 kr

11.  
sæti\*

TRABANT-Emotional



1.999 kr

9.  
sæti\*

PÉTUR KRISTJÁNSSON-  
Gamlar myndir



1.699 kr

7.  
sæti\*

PAUL McCARTNEY-Chaos &  
creation in the back yard



1.999 kr

4.  
sæti\*

EMILIANA TORRINI-  
Fisherman's woman



1.699 kr

2.  
sæti\*

JAMES BLUNT-Back to  
Bedlam



1.699 kr

14.  
sæti\*

BLACK EYED PEAS-  
Monkey Business



1.699 kr

12.  
sæti\*

COLDPLAY-X & Y



1.999 kr

10.  
sæti\*

HJÁLMAR-Hljóðlega af stað



1.999 kr

8.  
sæti\*

BAGGALÚTUR-Þabbi þarf  
að vinna



1.999 kr

5.  
sæti\*

ÝMSIR-Pottþétt 38



1.699 kr

3.  
sæti\*

ROLLING STONES-A bigger  
bang

\*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 29. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Leikur íslenskan hjartaknúsara

Í kvöld frumsýnir Ríkissjónvarpið þýsku sjónvarpsmyndina *Leben wäre schön* sem að hluta til var tekin á Íslandi. Tveir Íslendingar fara með hlutverk í myndinni, annars vegar leikarinn Hjálmar Hjálmarsson og hins vegar Benedikt Kristjánsson, átján ára framhaldsskólanemi úr Menntaskólanum í Hamrahlíð þar sem hann stundar nám á mála- braut.

Það vill svo skemmtilega til að Benedikt á afmæli í dag og ætlaði hann að halda upp á það með því að horfa myndina. Hann var í söngtíma þegar Fréttablaðið reyndi að ná tali af honum. „Geturðu hringt eftir hálf tíma?“, spyr hann og í bakgrunni mátti heyrast spilað á píanó.

Eftir þrjátíu mínútur var Benedikt laus og var á leiðinni upp í skóla. Spurdur hvernig hann hefði fengið hlutverk í þýskri sjónvarpsmynd sagðist hann hafa séð auglýsingu í dagblaði. „Þar var verið að auglýsa eftir þýskumælendi strák og ég lét slag standa“, segir Benedikt en hann átti heima í Heidelberg. „Ég fluttist þangað þegar ég var níu ára og bjó þar í eitt ár á meðan foreldrar mínir voru að læra“, útskýrir hann.

*Leben wäre schön* fjallar um þýska konu sem kemur til Íslands ásamt dóttur sinni í þeim tilgangi að heimsækja systur sína. Ferðin fær á sig annan brag þegar konan uppgötvar að hún er með brjóstakrabbamein. Benedikt leikur íslenskan pilt sem þýska dóttirin verður skotin í „Já, já,



**BENEDIKT KRISTJÁNSSON** Er ekkert á því að leggja leiklistina meira fyrir sig heldur stefnir á framhaldsnám í söng.

hún var alveg sæt“, viðurkennir Benedikt þegar hann er spurður um mótaleikkonu sína.

Hlutverkið er það fyrsta sem Benedikt tekur að sér í leiklistinni en hann er þó ekkert á því að hann ætli að leggja þetta svið fyrir sig. „Ég hef mestan áhuga á söng og

er að læra hjá móður minni, Margréti Bóasdóttur, í söngskóla Reykjavíkur“, segir Benedikt og finnst fint að vera í læri hjá mömmu. „Það venst“, bætir hann við og hlær.

freyrgigia@frettabladid.is

**8. HVER VINNLUR.**

Sendu SMS skeytið  
**BTL SCV**  
á númerið **1900**  
og þú gætir unnið eintak.

**Aðalvinningur er Sony heimabíó + Sin City á DVD**

Fullt af auka vinningum:  
Sin City á DVD • Fullt af öðrum DVD myndum • Fullt af Coca Cola

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 199 kr/skeytið.

Lendir í BT  
26.09.05

**SMS LEIKUR**

**Er barn á heimilinu?**

Kynntu þér kosti **LGG+**



Börn eru oft viðkvæmari fyrir hinni síauknu streitu í þjóðfélaginu en hinir fullorönu. Ónæmiskerfi nútímabarna verður líka fyrir miklu áreiti, þau fara víðar og umgangast fleiri en börn fyrri tíma. Veittu barninu þínu liðsstyrk með LGG+. Það er bragðgott og stuðlar að vellíðan.

www.ms.is

## Rósir og ástarjåtningar

[ TÓNLEIKAR ]

UMFJÖLLUN

Tónlistarmaðurinn Michael Bolton sló í gegn í byrjun tíunda áratugarins með tilfinningaþrungnum ballöðum á borð við *How Am I Supposed to Live Without You* og *When a Man Loves a Woman*. Undanfarnir ár hafa vinsældir Bolton dvínað nokkuð, eins og gengur og gerist, þrátt fyrir að hann hafi hvergi slakað á í tónleikahaldi og útgáfu nýrra platna.

Margir tónlistarunnendur, sérstaklega karlkyns, virðast elska að hata Bolton. Segja þeir hann væminn mann með eindæmum sem engin leið sé að hlusta á án þess að fá grænar bólar. Jú, Bolton má eiga það að hann getur verið væminn, en hann er mjög hæfilegaríkur söngvari og laga-höfundur eins og sannaðist á tónleikum hans í Laugardalshöll í fyrrakvöld.

Bolton var öryggið uppmálað á sviðinu, gantaðist við áhorfendur og lýsti því margoft yfir hversu ánægður hann væri að hafa ákveðið að koma til Íslands. Hann söng öll sín vinsælustu lög við mikla hrifningu viðstaddra, þó sérstaklega hóps kvenkyns aðdáenda sem fór sífellt stækkandi uppi við sviðið þegar á leið. Átti hann fullt í fangi með að taka í hönd þeirra og taka á móti rauðum rósum frá þeim. Inn á milli heyrðust síðan hróp úr salnum þar sem bæði konur og karlar




**NIÐURSTAÐA:** Hjartaknúsarinn Michael Bolton stóð vel fyrir sínu í Laugardalshöllinni. Átti hann fullt í fangi með að safna rósum frá æst- um kvenkyns aðdáendum.

lýstu yfir ást sinni á söngvaranum. Gat hann ekki gert annað en að brosa út í annað, enda þaulvanur slíku ástarjåtningum.

Bolton byrjaði tónleikana á því að taka flest af rólegu lögum sínum en eftir að hafa tekið eitt af lögum sem hann söng með Pavarotti á sínum tíma, við magnaðar undirtektir hallargestu, setti hann í annan gir, skelli sér í gallabuxur og bol og fór að rokka. Sýndi hann óvænta takta á rafmagnsgítarinn og sýndi að þar var kominn gamall meðlimur þungarokkssveitarinnar Blackjack.

Bolton endaði tónleikana síðan á rólegu nótunum á nýjan leik. *How Am I Supposed to Live Without You* klifraði angurvært úr barka hans; sannarlega góður endir á vel heppnuðum tónleikum.

Freyr Bjarnason





# ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

PERLUNNI

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP 23.sept - 9.okt

## GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR

ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-PÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST OG AD SJÁLFSÖGÐU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRI VERÐI EN ÞÚ ÁTT AD VENJAST



## MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!



MIKID ÚRVAL AF KARIÓKÍ

VHS FRÁ 290 KR  
DVD FRÁ 390 KR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM



Opið alla daga frá 10-18

Sími: 561-4114

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

**HUGSABU STÓRT**  
**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

Nicole Kidman Will Ferrell  
**Bewitched**  
GÓLDDRÖTT GAMANMYND!

FRÁBER  
GRIN- OG SPENNYND  
SAMUEL L. JACKSON  
EUGENE LEVY  
One guy walks the walk.  
The other talks and talks.  
Harðasta Jöggan í bænum er í þann mund  
að fá stórskrýtt félaga!

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15  
Sýnd í Lúxus kl. 5.45, 8 og 10.15

DEUCE BIGALOW  
EUROPEAN GIGOLO

NIGHT WATCH  
Til að hafa stjórn  
á hrottum og  
illmennum er sett  
á laggirnar sérstök  
sveit sem kallar sig  
Night Watch!

Sýnd kl. 6, 8, 10 og 12 á miðn. B.i. 14 ára Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

LAVAGIRL 3D  
RED EYE POWER-SÝNING

Sýnd kl. 6 í þrívídd Forsýnd kl. 12 á miðnætti B.i. 14 ára

Dolby Digital DTS Digital Surround THX BÍÓ.is – allt á einum stað

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

Nicole Kidman Will Ferrell  
**Bewitched**  
GÓLDDRÖTT GAMANMYND!

Til að hafa stjórn  
á hrottum og  
illmennum er sett  
á laggirnar sérstök  
sveit sem kallar sig  
Night Watch!

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

DEUCE BIGALOW  
EUROPEAN GIGOLO

POKER FLOW

Sýnd kl. 8, og 10.20

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára Sýnd kl. 6 ÍSLENSKT TAL

**Burgarbíó** Bewitched kl. 6, 8 og 10  
Deuce Bigalow b.i. 14 ára kl. 6  
The Man kl. 8 og 10

- bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

STEVE CARELL  
**THE 40 YEAR-OLD VIRGIN**  
BETRA SEINT EN ALDREI

Sýnd kl. 3:30, 5:40, 8 og 10:20

FRÁBER  
GRIN- OG SPENNYND

LAND OF THE DEAD  
Sýnd kl. 10:20 B.i. 16

WEDDING CRASHERS  
Sýnd kl. 5:40 og 8

FRÁBER  
GRIN- OG SPENNYND  
SAMUEL L. JACKSON  
EUGENE LEVY  
**The Man**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

FRÁBER  
GRIN- OG SPENNYND  
Sýnd kl. 4 m/ísl. tali

www.laugarasbio.is

## Hjólabrettamening og forboðinn brandari

Októberbíófest er heiti á kvikmyndahátíð sem hefst í Háskólabíó og Regnboganum þann 26. október og stendur til 14. nóvember. Á hátíðinni verða fjórutíu nýjar kvikmyndir frumsýndar en sömu aðilar og stóðu að IIFF – hátíðinni í fyrra skipuleggja þessa hátíð.

Dagskrá hátíðarinnar er enn í mótun og nú hafa aðstandendur hennar kynnt til sögunnar sex nýja titla sem bætast við dagskrána. Um er að ræða fjórar leiknar heimildarmyndir og tvær leiknar kvikmyndir.

Dig! er heiti á heimildarkvikmynd um tvær rokkgrúppur. Þær tengjast sterkum böndum en neyðast til að takast á við þá spennu sem myndast þegar önnur þeirra verður fræg. It's All Gone Peter Tong segir frá plötusnúð-

um Frankie Wilde sem lifir hráu rokklífi en neyðist til að snúa baki við því þegar hann missir heyrnina. Myndin er sögð vera í anda This is Spinal Tap, en breski grínistinn Paul Kay fer með aðalhlutverkið.

Þá verður kvikmyndin Rize sýnd en þar er á ferðinni heimildarmynd um nýjan dans sem smám saman er að útrýma ofbeldi í Los Angeles þar sem glæpklíkur vilja frekar fá útrás í dansbardögum en byssbardögum. Eflaust á kvikmyndin School of Rock einnig eftir að vekja athygli en samkvæmt aðalnámskrá skólans er takmark hans að gera krakka á aldrinum 9 – 17 ára að rokkstjörnum.

Tvær kvikmyndir eiga þó eflaust eftir að trekkja hvað mest að. Það er annars vegar kvik-

myndin Lords of the Dogtown með Heath Ledger í einu aðalhlutverkanna. Myndin segir frá upphafi hjólabrettameningarinnar en hún á rætur sínar að rekja til bæjarins Dogtown í Santa Monica. Þegar þrír vinir verða markaðsvæðingunni að bráð slettist upp á vinskapið. Myndin hefur fengið fína dóma víðast hvar.

Síðast en ekki síst er það svo myndin The Aristocrats sem er líkleg til að vekja athygli og umtal. Þar segir frá einum brandara sem allir grínistar í Bandaríkjunum þekkja. Hann er hins vegar svo grófur að enginn hefur enn fengist til að segja hann opinberlega. Upphafið og endirinn er alltaf sá sami en það er í miðjunni sem brandarinn fær á sig klúra mynd. Allir helstu grínarar Bandaríkjanna koma



**THE ARISTOCRATS** Meðal þeirra sem segja sína útgáfu af brandaranum, sem allir grínarar í Bandaríkjunum kunna, er Robin Williams.

fyrir í myndinni og segja sína útgáfu af brandaranum auk þess sem þeir kryfja hann til mergjar

en meðal þeirra eru Robin Williams, Whoopi Goldberg og Chris Rock. ■

**FORSÝND**  
KL. 12 Á MIDNÆTTI Í KVÖLD!  
Midasala opnar kl 15.30 • Tryggðu þér miða í tíma

RACHEL McADAMS GILLIAN MURPHY  
**RED EYE**  
FEAR TAKES FLIGHT  
HÓRKU SPENNYTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN  
LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA!

**POWERSÝNING**  
Í VINSÆLASTA BÍÓI LANDSINS!  
**SMÁRA BÍÓ**

ego BÖNNUD INNAN 14 ÁRA FM 957 BÍÓ.IS

## Vantar þig...

YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI  
Á HVERJUM DEGI. SMÁAUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU ER  
ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU  
ÚTBREIÐSLU Á SKILABÖÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER  
AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

**HÁDEGISBÍÓ** HÁDEGISBÍÓ - 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA | SAMBÍÓHÚM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA | HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 3.30-6-8-10.30 B.I. 14	VALIANT <i>isl. tal</i> KL. 6	THE CAVE KL. 8.15-10.30 B.I. 16
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 4.45-8-10.30	DEUCE BIGALOW: EUROPEAN GIGALO KL. 8-10	VALIANT <i>isl. tal</i> KL. 4-6
VALIANT <i>enskt tal</i> KL. 4-6-8-10.10		CHARLIE & THE CHOCOLATE F. KL. 3.45-6-8.15-10.30
VALIANT <i>isl. tal</i> KL. 4-6		SKY HIGH KL. 4-6.10-8.15
SKY HIGH KL. 6-8.15		STRÁKARNIR OKKAR KL. 10.30 B.I. 14
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.45-6-8.15-10.30		
STRÁKARNIR OKKAR KL. 8.30-10.30 B.I. 14	<b>AKUREYRI</b>	
THE DUKES OF HAZZARD KL. 10.30	VALIANT <i>isl. tal</i> KL. 6	
RACING STRIPES <i>isl. tal</i> KL. 3.50	THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8-10	
	SKY HIGH KL. 6	
	THE CAVE KL. 10	
	CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 8	

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

Háskólabíó

## Joss Stone hefur skyggnigáfu

Söngkonan Joss Stone segir að sjötta skilningarvitið hafi bjargað henni frá því að vera skotin. Táningsstúlkan segist næstum hafa orðið fyrir byssukúlu í skotbardaga sem átti sér stað eftir MTV-tónlistarhátíðina þegar hinn alræmdí Suge Knight var skotin. Joss Stone hafði setið nálægt árársstaðnum þegar hún skynjaði það að hún þyrfti að færa sig um set.



**JOSS STONE** Veit lengra en nef hennar nær og telur það hafa bjargað lífi sínu.

„Ég fór örfáum mínútum eftir að ég fann þetta á mér,“ segir hún. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Joss hefur fundið fyrir einhverju yfirnáttúrulegu. Nýlega sagði hún það vera föður hennar að þakka að henni hefði gengið vel í söngbransanum. „Pabbi minn sagði mér að skrifa niður það sem ég

vildi fá út úr lifinu, sama hversu asnalegt það virtist vera. Svo sagði hann að ég ætti að brjóta blaðið saman og setja það fyrir aftan mynd af einhverjum sem mér þætti mjög vænt um og það hefur virkað.“ ■



## Híbýli vindanna

Misstir þú af Híbýlum vindanna?

Örfáar aukasýningar í haust, sú fyrsta laugardaginn 24. september. Sýningin var tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem besta leiksýning síðasta leikárs.

Leikgerð Bjarna Jónssonar byggð á vesturfarasögu Bööðvars Guðmundssonar, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.

Kynntu þér tvennutilboð á Híbýli vindanna og Lífsins tré á [www.borgarleikhús.is](http://www.borgarleikhús.is) eða í miðasölu s. 568 8000.



**BORGARLEIKHÚSIÐ**

KB BANKI  
— leigjafélagið íb

## Plata frá Jeff Who?

Rokksveitin Jeff Who?, sem hitaði upp fyrir Franz Ferdinand á dögunum, hefur gefið út sína fyrstu plötu og ber hún heitið Death Before Disco.

Á plötunni, sem var unnin á rétt rúmum mánuði, er svokallað diskórokk sem hefur verið að ryðja

sér til rúms undanfarið. Nýlega sendi Jeff Who? frá sér lagið The Golden Age og er það strax farið að klifra upp vinsæðalistana. ■



**JEFF WHO?**

Rokksveitin hitaði upp fyrir Franz Ferdinand í Kaplakrika á dögunum.

**VARÚÐ: ÞÚ GÆTIR FARIÐ ÚR KJÁLKALÍÐUM AF HLÁTRI**

**BETRA SEINT EN ALDREI**

STEVE CARELL

**THE 40 YEAR-OLD VIRGIN**

[www.the40yearoldvirgin.com](http://www.the40yearoldvirgin.com)

MEÐ STEVE CARELL ÚR "ANCHORMAN" OG "BRUCE ALMIGHTY"

**KOMIN Í BÍÓ**

united international pictures | FM 957 | Háskólabíó | SAMBÍÓ

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:  
„Oh man! How'd you get the beans above the frank?“

Svar:  
Stjúfjafir Mary í kvikmyndinni There's Something About Mary árið 1998.

## dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **Borghildur Gunnarsdóttir** hefur lúmskt gaman af raunveruleikabáttum.

## Dívur með mikilmennskubrjálæði

Áhugi minn á innanhússhönnun dregur mig að skjánum þegar Tommy Hilfiger fer á kostum í raunveruleikabáttinum The Cut. Mér finnst Tommy reyndar leiðinlegur og aulahröllurinn skekur




líkama minn þegar hann segir „You're out of style!“ Hins vegar finnst mér hrikalega gaman að fylgjast með fólki hanna herbergi og svo-

**TOMMY HILFIGER** Hann hagar sér eins og fifill í báttunum sínum The Cut og rekur fólk ef honum hentar. Samt er gaman að horfa á krakkana hanna hina ýmsu hluti.

leiðis. Um daginn voru krakkarnir að hanna skemmtistaði. Einn var í Studio 54 stíl en hinn í anda þriðja áratugarins. Það er samt alltaf sama vandamálið í amerískum raunveruleikabáttum: dívur og fólk með mikilmennskubrjálæði. Tommy er einmitt algjör díva. Ég skil ekki af hverju hann fær einn síns liðs að ákveða hver eigi að fara. Ég hlakka til að sjá hvort íslenska fólkið í Piparsveinsbáttunum verði eins miklar dívur og frekjur eins og í amerísku útgáfunni. „Hann elskar mig!“ „Nei, hann kyssti mig!“ Svo fara stelpurnar að rifast og slást. Ég skil samt ekki af hverju þeir gera ekki frekar Iceland's Next

Top Model. Það væri miklu skemmtilegra og ekki eins súrt. Auk þess er Ísland allt of lítið til að svona Piparsveinsbáttur gæti gengið upp. Helmingur stelpnanna á eftir að átta sig á því að heiti bacherlorinn er náinn vinur, vinur vinar þeirra, kunningi, fyrrum samstarfsmaður eða fyrrverandi bekkjarfélagi þeirra. Það er ekkert spennandi. „Nei, hæ Jói, ég man eftir þér, við vorum saman í gæslu í sjö ára bekk. Þú lamdir mig einu sinni í hausinn.“ Þetta býður bara upp á vandræðaleg augnablik og leiðindi. Reyndar virðist það vera orðið það eina sem fólki finnst gaman að horfa á nú til dags svo kannski er þetta bara frábær hugmynd.




▶ 22.25  
BÍÓ

Leben wäre Schön



▶ 21.45  
BÍÓ

Good Thief




▶ 21.00  
HEIMILDARMYND

Bush's Brain



▶ 22.15  
GAMAN

Tremors



▶ 16.00  
GOLF

Presidents Cup

## SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bítið

## SIRKUS

## SKJÁREINN



7.00 Olissport 7.30 Olissport 8.00 Olissport 8.30 Olissport 10.35 Motorworld 11.00 Presidents Cup

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknafréttir 18.00 Tobbi tvisvar (4:26)

12.20 Neighbours 13.00 Perfect Strangers (13:15) 13.25 60 Minutes II 2004 14.20 LAX (8:13) 15.05 Jag (21:24) (e) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 (He Man, Shin Chan, Beyblade, Skúli og Skafti, Simpsons) 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag 18.30 Fréttir Stöðvar 2

17.35 Cheers 18.00 Upphitun

15.00 Olissport 15.30 Gillette-sportpakinn ▶ 16.00 Presidents Cup

18.30 Ungar ofurhetjur (18:26)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljósið  
20.10 Latibær Textað á síðu 888 í Textavarp.  
20.40 Fallegt fólk (Beautiful People) Bresk gamanmynd frá 1999.  
▶ 22.25 Lífið væri ljúft... (Leben wäre schön) Þýsk verðlaunamynd frá 2003. Þýsk kona kemur í fri til Íslands ásamt dóttur sinni. Hún verður ástfangin af íslenskum manni en skjótt skipast veður í lofti. Leikstjóri er Kai Wessel og meðal leikenda eru Dagmar Manzel, Gabriela Maria Schmeide, Filip Peeters, Amelie Kiefer, Hans Korte, Hjálmar Hjálmarsson og Benedikt Kristjánsson.  
23.55 Einelti (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) 1.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

19.00 Ísland í dag  
19.35 The Simpsons 9  
20.00 Arrested Development (7:22) (Tómir asnar) Einn besti gamanþáttur síðara ára.  
20.30 Two and a Half Men (21:24) (Tveir og hálfur maður) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnaldri.  
20.55 Entourage (4:8) (Viðhengi) Gamanþáttaröð.  
21.20 Blue Collar TV (4:32) (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.  
▶ 21.45 Good Thief (Double Down) (Góði þjófurinn) Dramatísk glæpamynd. Leikstjóri: Neil Jordan. 2002. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.00 Seinfeld (16:24)  
19.30 Íslenski listinn Hinn eini sanni Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustulög vikunnar.  
20.00 Seinfeld (19:24)  
20.30 Friends 3 (12:25)  
▶ 21.00 Bush's Brain Frábær heimildarmynd sem hefur fengið verðskuldaða athygli og vakið upp ýmsar spurningar um stjórnarfarar Bush. Í myndinni er farið ofan í saumana á stjórn Bush og ýmislegt kemur þar upp úr krafnsinu. Hver er það sem stjórnar Bandaríkjunum í raun? Leikstjóri: Joseph Mealey og Michael Shoob.2004.

18.30 Leitín af íslenska bachelornum (e) Leitín að Íslenska Bachelornum og draumastúlkunum hans hefur borið árangur.  
19.20 Þak yfir höfuðið (e)  
19.30 The King of Queens (e)  
20.00 Ripley's Believe it or not!  
20.45 Complete Savages Nick kemst að því að einn strákanna er að fíka við að reykja.  
21.15 The Jamie Kennedy Experiment Grínarinn Jamie K veiðir fólk í gildru og kvikmyndar með falinni myndavél.  
21.45 Sledgehammer – lokabáttur ▶ 22.15 Tremors – lokabáttur Ormurinn hvíti, hinn 10 metra langi þorsormur rumskar af værum svefni og þarf að fá sér að borða.

21.00 Leikmenn ársins (FIFPRO World XI Player Awards 200) Heimssamtök atvinnuknattspyrnumanna efndu til háttíðarhalds í Lundúnum á mánudagskvöld að viðstöddu fjölmenni. Knattspyrnumstjórnurnar sjálfar voru auðvitað í hópi gesta en veittar voru viðurkennningar til leikmanna sem hafa skarað fram úr.  
22.15 UEFA Champions League Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.  
22.40 Mótorsport 2005 Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.

23.30 Billy Madison 0.55 The Glow 2.20 American Pimp 3.45 Fargo (Stranglega bönnuð börnum) 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

22.30 Kvöldþátturinn (brot af því besta)  
23.10 Hell's Kitchen (4:10) 0.00 David Letterman 0.50 David Letterman

23.00 Battlestar Galactica 23.50 Leitín af íslenska bachelornum (e) 0.45 Dead Like Me (e) 1.30 Tvöfaldur Jay Leno (e) 3.00 Óstöðvandi tónlist

23.10 World Supercross 0.05 K-1

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Pilot's Wife (Bönnuð börnum) 8.00 Tortilla Soup 10.00 Stealing Harvard 12.00 Death to Smoochy 14.00 Tortilla Soup 16.00 Stealing Harvard 18.00 Death to Smoochy  
20.00 The Pilot's Wife Dramatísk kvikmynd. 2002. Bönnuð börnum.  
22.00 A Shot at Glory Dramatísk kvikmynd.  
0.00 Bodywork (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Bet Your Life (Bönnuð börnum) 4.00 A Shot at Glory

## OMEGA

8.00 Sherwood Craig 8.30 Um trúna og tilveruna 9.00 Mariusystur 9.30 Blandað efni 10.00 Joyce Meyer 10.30 T.D. Jakes 11.00 Robert Schuller 12.00 Samverustund (e) 13.00 Joyce Meyer 13.30 Blandað efni 14.30 Ron Phillips 15.00 Kvöldljós 16.00 Joyce Meyer 16.30 Blandað efni 17.00 Dr. David Cho 17.30 Freddie Filmore 18.00 Mack Lyon 18.30 Joyce Meyer 19.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku 20.00 Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Filadelfía 21.00 Mack Lyon Í leit að vegi Drottins 21.30 Acts Full Gospel 22.00 Joyce Meyer 22.30 Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku 0.00 Miðnæturhróp 0.30 Nætursonvarp

## E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Gastineau Girls 13.00 Live from the Red Carpet 15.00 E! Entertainment Specials 16.00 Style Star 16.30 Style Star 17.00 Dr. Oz 18.00 E! News 18.30 Gastineau Girls 19.00 New York Fashion Week Special 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Wild On Tara 23.00 E! News 23.30 Gastineau Girls 0.00 New York Fashion Week Special

## AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

14.00 Aston Villa – Tottenham frá 17.09  
16.00 Charlton – Chelsea frá 18.09 18.00 Að leikslökum (e)  
19.00 Upphitun  
19.30 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e)  
20.30 Upphitun (e)  
21.00 Að leikslökum (e)  
22.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e)  
23.00 Dagskrárlök

MasterCard kynnr:

40 MYNDIR Á 3 VIKUM  
HVERT FER JÖKULL II?

## OKTÓBERBÍÓFEST

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005

„Mundi það drepa þetta lið að halda þetta að sumri til?“  
- JÖKULL II

20% afsláttur af 10 mynda pössum til MasterCard korthafa.  
Sjá www.kreditkort.is



www.icelandfilmfestival.is

**VIÐ MÆLUM MEÐ...**

**Bush's Brain**

Sirkus kl.21.00

*Í kvöld fáum við að skyggast inn í heim Bush og félaga*

**Hver stjórnar Bandaríkjunum?**

Bush's Brain er frábær heimildarmynd sem fengið hefur verðskuldaða athygli og vakið upp ýmsar spurningar um stjórnarfar George W. Bush. Karl Rove er nánasti ráðgjafi Bush og hefur hann nánast breytt stjórn mála-skoðunum Bandaríkjanna einn síns lífs. Í myndinni er farið ofan í saumana á stjórn Bush og ýmislegt kemur þar upp úr krasinu. Hver er það sem stjórnar Bandaríkjunum í raun og veru? Joseph Mealey og Michael Shoob leikstýra myndinni.



**TALSTÖÐIN** FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstud með Sigurði G. Tómassyni. **12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnáþing **14.03** Birta. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökuls-son. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Úrval úr Allt & sumt e. **23.00** Hrafnáþing e. **0.00** Birta e.

**BYLGJAN** FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í Bítíð **9.00** Ívar Guðmundsson  
**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis  
**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnbættir **11.03** Samfélagið í nærmynd  
**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.57** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Blúsmaður frá Belfast: Van Morrison **14.03** Útvarpssagan: Ég er ekki hræddur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Dixiland, blús og sving **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga f. **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sönglaga-safn **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**ÚTVARP SAGA** FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.00** Fréttir **6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gest Einarri Jónassyni **10.00** Fréttir **10.03** Brot úr degi  
**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.00** Fréttir **16.10** Dægur-málaútvarp Rásar 2  
**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljós-**íð** **20.00** Ungmennafélagið **22.00** Fréttir **2.10** Næturvaktin  
**0.00** Fréttir

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 95,7** Effemm / Zúober tónlistarstöðin  
**FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
**FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni  
**FM 96,7** Létt / Tónlist og afþreying  
**FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
**FM 89,5** Kiss / Nýja bítíð í bænum  
**FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni  
**FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying  
**FM 104,5** Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

**ERLENDAR STÖÐVAR**

**SKY NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**  
**13.00** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru **14.30** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru **16.00** Football: Top 24 Clubs **16.30** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru **18.00** TNA Wrestling: Usa **18.30** TNA Wrestling: Usa **19.00** TNA Wrestling: Usa **19.30** TNA Wrestling: Usa **20.00** Football: Top 24 Clubs **20.30** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru **22.15** News: Eurosportnews Report **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme

**BBC PRIME**  
**12.00** Ballykissangel **13.00** Teletubbies **13.25** Tweenies **13.45** Fimbles **14.05** Tikabilla **14.35** 50/50 **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** The Best **17.30** Mersey Beat **18.30** Wildlife **19.00** Blackadder the Third **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Sinners **22.00** Edge of Darkness **23.00** A History of Britain

**NATIONAL GEOGRAPHIC**  
**12.00** Honey Badger: Meanest Animal in the World? **13.00** When Expeditions Go Wrong: Csi On Everest **14.00** Megacities: London **15.00** Megacities: Hong Kong **16.00** Battlefield: Battle of Anzio **16.30** Battlefield: Battle of Kwajalein **17.00** Storm Stories: Los Alamos Fission **17.30** Storm Stories: After School Twister **18.00** Honey Badger: Meanest Animal in the World? **19.00** When Expeditions Go Wrong: Lost in Space **20.00** When Expeditions Go Wrong: Csi On Everest **21.00** Boy Who Plays On the Buddhas of Bamyan **23.00** Unlocking Da Vinci's Code **0.00** Leonardo – the Man Behind the Shroud

**ANIMAL PLANET**  
**12.00** Killing for a Living **13.00** The Lost Elephants of Timbuktu **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Gelada Baboons – The Battle of Braveheart **18.00** Miami Animal Police **19.00** Killer Whales **20.00** Mad Mike and Mark **21.00** Venom ER **22.00** Meerkat Manor **22.30** Gelada Baboons – The Battle of Braveheart **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Killer Whales

**DISCOVERY**  
**12.30** Jungle Hooks **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines Special **15.00** Junkyard Mega-Wars **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Ray Mears' Extreme Survival **20.00** Murder Trail **21.00** Spy **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**  
**12.00** Diary of **12.30** Diary of **13.00** Wishist **14.00** TRL **15.00** Dis-missed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV News **17.00** Dancos Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**  
**12.00** VH1 Hits **14.00** VH1 Weekly Album Chart **15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Inside Out **20.00** Mtv Live **20.30** Mtv Live Metallica **21.00** Friday Rock Videos **23.00** Fipside **0.00** Chill Out

**CLUB**  
**12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** G-Girls **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Weddings **17.15** Weddings **17.40** G-Girls **18.05** Staying in Style **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** Sextacy **21.10** Sex and the Settee **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Sextacy **23.00** Ex-Rated **23.30** More Sex Tips for Girls

**CARTOON NETWORK**  
**13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Do? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Do **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**  
**11.50** So Little Time **12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spider-Man **13.40** Movic Mystery **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.I.T.C.H. **15.30** Sonic X

**MGM**  
**11.55** Love 600 **13.25** Lady in White **15.20** Mechanic **17.00** Take My Daughters, Please **18.35** Fantare for a Death Scene **19.50** Keaton's Cop **21.25** Pork Chop Hill **23.05** Rikky and Pete **0.45** Who's Stop the Rain?

**TCM**  
**19.00** The Naked Spur **20.30** Guns for San Sebastian **22.20** Once a Thief **0.05** Kings Row

**HALLMARK**  
**12.45** Christy: Choices of the Heart **14.15** The Lost Child **16.00** Just Cause **17.00** Lives of the Saints **18.30** Early Edition **19.15** Ahead of the Class **21.00** Word Of Honor **22.30** Early Edition **23.15** The Passion of Ayn Rand **1.00** Seasons of the Heart

**BBC FOOD**  
**12.00** Secret Recipes **12.30** A Cook's Tour **13.00** Beyond River Cottage **13.30** United States of Reza **14.00** Off the Menu **14.30** Deck Dates **15.00** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** The Thirsty Traveller **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes **18.30** Diet Tris-als **19.00** Kitchen Takeover **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Secret Recipes **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.00** The Best **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**  
**12.00** Kærleghed og Ískephínd **12.30** Rabatten **13.00** TV Avisen með veðri **13.20** Sports **13.50** Nýhefdir þá ígröprog **14.00** Boogie List-  
en **15.00** Svampþébbó Fríkan **15.20** Jungletómmer **15.30** AMÍGO **16.00** Fredagsbíó **16.10** Den lille røde traktor **16.20** Pingi **16.30** TV Avisen með Sport og Veðri **17.00** Disney Spjv **18.00** \*kenens Senner **19.00** TV Avisen **19.30** Red Corner **21.30** Brother **23.15** Boogie List-  
en

**SV1**  
**13.00** Debatt direkt från Sverige **14.00** Rapport **14.10** Gómoron Sverige **15.00** Dn slátsaga **15.30** Mitt í naturen **16.00** BolBompa **16.01** Supersnállasversara og Sláhenrk **16.25** Budifman Burns – musíkvideó **16.30** Ráfnstærspálar **16.45** Hákan Surtant **17.00** Combo **17.30** Rapport **18.00** Doobido **19.00** Fórhandlaren **21.15** Rapport **21.25** Kúlmurhæla **21.35** Svensson, Svensson **22.05** Popcom **22.35** Utþressing

**FUJITSU COMPUTERS**  
**SIEMENS**



**SKJÁR**  
**Fujitsu Siemens 17" Silverline**

Upplausn: 1280 x 1024  
Birtustig: 500:1  
Viðbragðstími: 8ms  
Innbyggðir hátalarar  
Hæðarstillanlegur  
VGA/DVI

**Verð: 34.700 kr.**

**ÓSIGRANDI PAR**

Besta lausnin er alltaf fólgin í sterkri heild



**Kaupauki:**  
**Logitech vefmyndavél & Logitech heyrnartól með hljóðnema.**



Tækni er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Fujitsu Siemens á Íslandi

**Tækni**  
**-sterk heild**

SAMSTARFSADILAR:  
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is  
Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - best@simnet.is  
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com  
Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com  
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tækja- og tölvubúðin - Ólafsvík  
Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolva.is


SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taekni.is





## HRÓSIÐ

...fær Þórarinn Eldjárn fyrir að endursegja hið forna kvæði Völu-spá en sagan er nú komin út í nýjum búningi, aðgengilegum yngri kynslóðinni.



### LÁRÉTT

2 botnfall 6 kusk 8 á 9 fiskur 11 tveir eins 12 bera á móti 14 eftirsjá 16 kúgun 17 kæla 18 ódagot 20 númer 21 þjappa.

### LÓDRÉTT

1 óheppni 3 guð 4 syndafyrirgefning 5 að 7 hrekkur 10 hópur 13 þri 15 kropp 16 margsinnis 19 dýrahljóð.

### LAUSN:

Óleikur, 10 líf, 13 tr, 15 naf, 16 of, 19 me, 21 tveir.  
LÓDRÉTT: 1 glöfn, 3 Ra, 4 afflausn, 5 líl, 7 nefna, 14 þórn, 16 ok, 17 ísa, 18 fúm, 20 LÁRÉTT: 2 hrat, 6 lív, 8 aft, 9 all, 11 líl, 12

## [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Portus Group.
- 2 Rita.
- 3 Gilberto Silva.



**Talstöðin**  
FM 90,9

## REYKJAVÍKURNÆTUR

HARPA PÉTURSDÓTTIR ER FLJÓT TIL AÐ GEFA ÖÐRUM RÁÐ

# Vinur er sá er til vammis segir!

Ég stóð mig að því um daginn að ráðleggja vinkonu minni að hætta með kærastanum sínum sem hún er búin að vera með í langan tíma. Um leið og orðin ultu út úr mér áttaði ég mig á því að það er kannski ekki mitt að segja henni svona til um hennar líf. Þetta er nefnilega á mjög gráu svæði og ég veit satt best að segja alls ekki hvort þetta var viðeigandi hjá mér eða ekki. Þá fór ég að velja því fyrir mér hvort það sé í mínum verkahring að gefa ráðleggingar sem geta haft eins drastísk áhrif og hvort ég eigi ekki örugglega að láta mig það öllu varða að hún fái aðeins það besta. Ég þykist þó vera viss um það að ansi margir hafa lent í þessari aðstöðu og hafa þar af leiðandi staðið frammi fyrir þessu vandamáli.

Er þetta afskiptasemi eða umhyggjusemi? Auðvitað vill maður sínum nánustu vel og að þeir séu ánægð í sínu sambandi. Hins vegar er stóra spurningin hvar mörkin liggja. Hvort á hún að hlusta á sitt eigið hjarta, fylgja því til hins itrasta og mögulega reka sig svo á eða á hún að hlusta á skynseminu í mér? Sem utanaðkomandi aðili er mjög auðvelt fyrir mig að vera sú skynsama og sjá lausnina á vandamálinu. Mér finnst meira að segja svarið oft liggja beint við og skil jafnvel ekki blindnina í vinkonunni. Það sem ég hvorki veit eða skil nákvæmlega er hvornig í pottinn er búið þeirra á milli því oftar en ekki liggur meira að baki samböndum en fólk gefur upp. Það er

líka staðreynd að maður, sem utanaðkomandi, getur alls ekki skilið hvaða tilfinningar fólk ber hvort til annars. Án þess að þekkja þær myndi ég ætla það ólíklegt að einhver annar en þau sjálf geti borið rétt mat eða gefið „réttar“ ráðleggingar í málinu. Oft getur verið það rétta að segja allt sem manni finnst til að opna augun á viðkomandi og oft getur verið siðferðislega rangt að þykjast vita betur en sá sem á hlut að máli. Ég er þó hörð á því að þegar kemur að stærri vandamálum eins og framhjáaldi, eigi maður ekki að sitja á sér og horfa aðgerðarlaus á. Að minnu mati er það einfaldlega hlutur sem enginn á skilið og því á ekki að hjálpa til við að láta það komast undan. Mér finnst þó vera tak-

mörk á því hversu langt eigi að ganga í þess konar tilfellum. Ég þykist líka viss um að það eru til margar hliðar á þessu máli og að það geti jafnvel skipt sköpum hverjar málsaðstæður eru hverju sinni. Eins og svo oft áður og eftir að öllu er á botnin hvolt, stend ég enn eftir sem eitt stórt spurningamerki!



CATHERINE DENEUVE: GERIR UPP VIÐ BJÖRK OG VON TRIER

# Skrautlegar tükur á Myrkradansaranum

Mörgum eru enn í fersku minni illdeilurnar sem blossuðu upp á milli Bjarkar Guðmundsdóttur og leikstjórans Lars Von Trier við gerð kvikmyndarinnar *Dancer in the Dark*. Franska leikkonan Catherine Deneuve lék á móti Björk í myndinni og lenti milli steins og sleggju þegar hasarinn byrjaði. Hún gerir þetta tímabil upp í væntanlegri ævisögu sinni *Close Up & Personal* og segir meðal annars að samskipti Bjarkar og Von Triers hafi verið áreksstur milli tveggja einræðisherra en eins og frægt er orðið sökuðu þau hvort annað um að gera hitt brjál- að á meðan á tükum stóð sumarið 1999.

Netútgáfa breska blaðsins *The Guardian* birti á miðvikudaginn útdrátt úr bókinni og það vekur athygli að *The Guardian* beinir sjónum sínum að kaflanum þar sem Deneuve rifjar upp tükudagana á Myrkradansaranum.

Í útdráttinum verður ekki annað séð en að mikið hafi gengið á. Deneuve segir í raun ótrúlegt að ekki skuli hafa orðið eitthvert meiriháttar slys. Þegar Deneuve hitti Von Trier fyrst í Kaupmannahöfn í maí átti hún að lesa yfir handritið með Björk. Söngkonan sá sér hins vegar ekki fært að mæta þar sem hún var veik. Umboðsmaður hennar hafði hringt og afboðað.

Það er í júlí sem samstarf Bjarkar og Von Trier fer að taka á sig dekkri mynd. Þann 5. júlí kallar Trier framleiðandann Vibeke Winderløv heim frá Ítalíu. Björk og Trier hafði þá lent saman. Söngkonan kallaði hann heigul og einræðisherra og Trier rústaði sjónvarpi í framhaldinu. Deneuve



**ALLT LEIKUR Í LYNDI** Það virtist allt í lukkunar velstandi þegar *Dancer in the Dark* hópurinn hittist á Cannes árið 2000. Það hafði hins vegar mikið gengið á bak við tjöldin og á tímabili ætlaði Björk að borga sig út úr verkefninu.

segir leikstjóran hafa komið að máli við sig og sannfært um að allt yrði í lagi upp frá þessu.

Þann 12. júlí segist Björk ekki ætla að mæta fyrr en hún hafi séð lokatökurnar af tónlistartriðunum. Deneuve býðst til að ræða við hana. Björk bregst við með því að spyrja samleikkonu sína hvað það kosti að draga sig út úr verkefninu. Deneuve sakar söngkonuna um hugsunarleysi, svona framkoma kosti peninga, mikla peninga. Deneuve segir Björk vafalaust vana því að vera miðpunktur alls en Björk lætti of seint daginn eftir öll lætin. Hún hafi ekki beðist afsökunar né gefið neinar útskýringar. Deneuve segir að það sé svo sem ekki hægt að búast við eðlilegri hegðun frá henni. Björk verði að taka eins og hún er. Hún sé villt, einstök, hvat-

vís og hún láti ekki að stjórn.

Deneuve minnst í bókinni á hádegismat sem hún og Björk hafi borðað síðasta tükudaginn. Þar hafi söngkonan spurt Deneuve hvort kvikmyndatökun sé alltaf svona erfiðar. Björk hafi trúað henni fyrir því að Von Trier hafi ýtt sér út á ystu nöf. Deneuve spyr sig af hverju Björk hafi aldrei sagt nei en við því hafi hún aldrei fengið svör. Söngkonan hafi svo ekki mætt í lokahófið.

Deneuve segist ekki skilja upplifun Bjarkar af tükunum, að sér hafi fundist hún vera á barmi sturlunar. Hún hafi fengið sínu framgengt hvað varðaði bæði söng og dans. Deneuve viðurkennir þó í frásögn sinni að henni hafi þó þótt þetta skemmtilegur tími.

freyrgigia@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er ljóst að Páll Magnússon, nýráðinn útvarpsstjóri, ætlar að stimpla sig hressilega inn í Efstaleitinu en í gær var ákveðið að sameina Kastljósið, menningarþáttinn Mósalk og unglingaþáttinn Óp í nýjan klukkustundar þátt sem sendur verður út í beinni útsendingu strax á eftir fréttum Sjónvarps. Þetta er án efa ein umfangsmesta og dýrasta þáttagerð sem RÚV hefur ráðist í og líklega hafa aldrei jafn margir komið að útsendingu á einum þætti hjá stofnuninni.



Vinnuheiti þáttarins er Ópið hús enda má búast við að gestagangur verði mikill þar sem allir þættirnir þrjú, Kastljós, Óp og

Mósalk, hafa tekið á mállefnum lífandi stundur á einn eða annan hátt. Fréttabúlarinn geðþekki Logi Bergmann Eiddsson mun ritstýra þættinum en umsjónarfólk Kastljóssins, Mósalks og Ópsins mun allir leggja hönd á plögnin.

Gísli Marteinn Baldursson getur ekki verið minni maður en aðrir stjórnmálameðmenn dagsins í dag.

Hann heldur úti blogg síðu á síðunni [www.gislimarteinn.is](http://www.gislimarteinn.is) þar sem netverjar geta lesið um hugðarefni frambjóðandans. Gísli gerir stuðning Jóns Gnarr að umtalsefni en grínarinn lýsti því yfir að það yrði frábært að fá borgarstjóra eins og Gísla Martein í viðtali við DV. Það er greinilegt að Gísli hefur húmorinn á réttum stað því á menningarhorni síðunnar segir hann að kántrídiskur Baggalúts sé í miklu uppáhaldi hjá sér um þessar mundir. Það sé þó ekki einungis fyrir fyndna texta hópsins heldur hitti lagasmíðarnar í mark. Það er þó augljóst að frambjóðing tekur mikinn tíma hjá Gísla því ef grant er skoðað má sjá að flestar færslur á síðunni eru settar inn seint á kvöldin og jafnvel um miðja nótt.



## Verða hommarnir í takt við tímann?

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunnar fá að kjósa um hvort Strákarnir okkar eftir Róbert Douglas eða Í takt við tímann í leikstjórn Ágúst Guðmundssonar verði framlag Íslendinga til óskarsverðlaunanna. Það er orðið ansi langt síðan íslensk kvikmynd komst á blað hjá akademíunni en það gerðist síðast þegar Börn náttúrunnar var tilnefnd árið 1991.

Alls eru 850 meðlimir á kjörskrá en kosningin fer fram dagana 26. og 27. september á skrifstofu Kvikmyndamiðstöðvarinnar. Niðurstöður verða síðan kynntar á Edduverðlaunahátíðinni.

Til að komast í „prófkjörið“ þurfa myndirnar að vera leiknar á íslensku og hafa verið sýndar í heimalandi sínu sjö daga samfleytt á tímabilinu 1. október á síðasta ári til 30. september á þessu ári.

Júlíus Kemp, annar framleið-



**STUÐMENN** Það skyldi þó aldrei verða að Egill Ólafsson og félagar verði tilnefndir til óskarsverðlauna?

andi Strákanna okkar, var mjög ánægður með tilnefninguna. Hann sagði ekkert sérstakt ferli fara af stað heldur vildi hann bara hvetja meðlimi akademíunnar til að sjá báðar myndirnar og kjósa.

Ágúst Guðmundsson, leikstjóri Í takt við tímann, var ekki búinn að hugleidda þessa kosningu mikið. Hvort baráttan væri ekki fyrirfram töpuð þar sem Strákarnir okkar væri í kvikmyndahúsum um þessar mundir sagði Ágúst að ansi margir hefðu séð Í takt við tímann. „Það getur verið að við höfum einhverjar sýningar handa þeim sem misstu af henni,“ sagði hann. Ágúst viðurkennir að hann leggi af stað með hverja nýja mynd með það fyrir augum að hún hljóti af minnsta kosti óskarsverðlaun. „Það var nú samt ekki raunin með þessa mynd en nógu öðruvísi er hún. Eru Stuðmenn ekki bara rétti hópurinn til að endurtaka leikinn frá 1991?“

# DV

Þátttakendur  
í íslenska  
Bachelorum  
Borga 40 milljóna  
sekt fyrir að kjafta frá

Þeir þegar aðrir þegja!

**DV** og skautahölinn í Laugardal  
byðja 2. og 3. á staute um heigina  
(eiga nafn um í staute)

Nicole Kidman

Will Ferrell



FARÐU INN Á S1.IS  
OG ÞÚ GÆTIR  
UNNIÐ MIÐA Á  
MYNDINA!

FRÁ LEIKSTJÓRA SLEEPLESS IN SEATTLE!

# Bewitched

GÖLDRÓTT GAMANMYND!

KOMIN Í BÍÓ

**Borgarbíó**  
www.borgarbio.is

REGNBOGINN SMÁRA BÍÓ

**BÍÓ.IS**  
- allt á einum stað

**SKJAREINN**

**sena**

BaseCamp



## BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

### Híað á blinda

Það er ekki nema tvennt í stöðunni. Yfirvöldum er meinilla við að fólk sé að trufla svona smarta þjóð með því að vera blint og alvarlega sjónskert. Eða, þeim hefur aldrei tekist að losna við kæki illa siðaðra götustráka og þorpsfífla sem hía á og bregða fæti fyrir þá sem ekki hafa not af augunum til þess að komast leiðar sinnar.

ÞÆR andstæðu fylkingar sem stýra ríki og borg eru sjaldnast samtaka um nokkurn hlut og sínöldrandi hvor úti aðra. En loksins fundu þær sameiginlegt áhugamál: Klekkja á blindum og sjónskertum. Reykjavíkurborg, með önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í sinni trússlest, bjó til nýtt leiðakerfi fyrir strætó sem liggur í einhverju samhengislausu furðuverki um plássíð.

KÓRÓNAN á vitleysunni er afnámið á fyrrverandi leið 6, sem ók Hamrahlíðina og nam staðar við hús Blindrafélagsins. Blindir og sjónskertir eiga ekki annan kost en að takast á við mestu hraðbrautir borgarinnar, Kringlumýrarbraut og Miklubraut, til þess að sækja þjónustu, atvinnu og tómstundalíf í sínu húsi. Maður sér alveg borgarstjórnina fyrir sér, sitjandi eins og spæjarar í upphituum bílum sínum á hinum og þessum götuhornum, hlæjandi sig máttlausa yfir vita sjónlausu fólki sem hringsnýst um sjálf sig og hvíta stafinn, algerlega ófært um að koma sér yfir hraðbrautirnar á þeim stutta tíma sem gangbrautarljós skína, blikka og bípa. Svo myndið.

RÍKISVALDIÐ sá hvað var gaman hjá borgaryfirvöldum og vildi vera memm. Lagði niður blindradeildina fyrir grunnskólabörn í Álftramýrar-skóla í einum grænum hveli og flutti kennslu blindra barna inn í almenna grunnskóla – án þess vera neitt að skipta sér af því með hvaða hætti það er gert. Lagði svo niður Sjónstöðina með einu pennastriki og ætla að sameina hana Heyrnar- og talmeinstöðinni – einhvers staðar. Var ekkert að gera könnun á því hvort gerningurinn setti strik í reikninginn hjá sjónþöprum og blindum. Gaman, gaman.

AUÐVITAÐ sparast fullt af peningum við þessa gerninga. En það væri bara hægt að spara svo miklu meira með því að banna fólki með lögum að vera blint og sjónþapurt.



Ræðst gegn verkjum!

## Paratabs® – Öflugur verkjabani!



**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamol sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tanppínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóthita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljógandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lífrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lífrabólgu. Parasetamol veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05



**OPIÐ ELDHÚS**  
sýningarhelgi

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**VELKOMIN Í GLÆSILEGAN  
SÝNINGARSAL OKKAR  
AÐ LÁGMÚLA 8**

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17 OG SUNNUDAG FRÁ 13-17



- eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

